



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. nóvember 2005 – 297. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Algert glapræði

Eiríkur Bergmann Eiríksson stjórn-
málafræðingur gefur út
skáldsögu um lífsleiðan
embættismann sem
lætur pólitíkina lönd og
leið með afdrifaríkum
afleiðingum.



FÓLK 58

Ó Kalkúttu

Kommarnir í Kalkúttu freista þess nú
með öllum ráðum að hifa upp hag-
vöxtinn þarna austur frá,
segir Porvaldur Gylfason
og fræðir lesendur
um uppganginn í
Asíu.



UMRÆÐAN 26

Fagottkonsert í afmælisveislu

Sinfóníuhljómsveit Íslands spilar á
afmælistónleikum Seltjarnarnesbæjar
sem er 125 ára um þessar mundir.

MENNING 38

Pórður kominn heim

Pórður Guðjónsson mun
skrifa undir þriggja ára
samning við IA í dag.
Hann hafnaði góðu
tilboði frá Íslands-
meisturum FH og kaus
þess í stað að semja
við sitt uppeldisfélag.



ÍPRÓTTIR 51

VEÐRIÐ Í DAG



DÁLÍTL RIGNING SUÐAUSTAN
til, snjóél við norðurausturströndina.
Bjartviðri suðvestan og vestan til. Hiti
2-6 stig syðra en við frostmark nyrðra.

VEÐUR 38



Útsala í 4 daga

Vetrarsala

fimmtudag föstudag
laugardag sunnudag

Opið til **21** í kvöld

Kringlan
MEÐ ALLT Í EINUM STAÐ

Alfreð boðin Landsvirkjun

Alfreð Þorsteinssyni, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, hefur verið gert tilboð um stjórnarformennsku í Landsvirkjun ákveði hann að hætta í borgarpólitíkinni. Málið tengist hugsanlegri sölu Orkuveitunnar.

STJÓRN MÁL Alfreð Þorsteinssyni, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verið boðin staða stjórnarformanns Landsvirkjunar ákveði hann að gefa ekki kost á sér í prófkjöri Framsóknarflokksins í lok janúar á næsta ári.

Alfreð er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, en sem kunnugt er hafa farið fram viðræður um hugsanleg kaup ríkisins á 45 prósentu hlut Reykjavík-

urborgar í Landsvirkjun. Talið er hugsanlegt að breytingar í stjórn Landsvirkjunar tengist breyttri stöðu Landsvirkjunar ef af kaupunum verður. Sem stendur eru viðræður um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í uppnámi, en fjallað verður um stöðu málsins á borgarráðsfundi í dag.

Núverandi stjórnarformaður Landsvirkjunar er Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Jóhannes Geir hefur setið í stjórn Landsvirkjunar frá 1995 og varð stjórnarformaður

árið 1997. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipar í stöðu Jóhannesar Geirs komi til mannskípta.

Fríðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar kveðst hafa heyrt að Alfreð hafi verið boðin staða stjórnarformanns Landsvirkjunar. En jafnframt, að Alfreð hafi leitast við að bera slíkan orðróm til baka.

Alfreð kveðst hafa staðið að stofnun og uppbyggingu Orkuveitu Reykjavíkur. „Orkuveitan

stendur í samkeppni við Landsvirkjun og sú samkeppni á eftir að aukast á næstunni. Það yrði óneitanlega flókin staða sem upp kæmi ef ég ætti að taka að mér stjórnarformennsku í Landsvirkjun við þær aðstæður. Það væri að minnsta kosti eitthvað sem ég yrði að skoða vandlega og ég sé reyndar ekki fyrir mér sem heppilegan valkost. Ég kysir heldur að vinna áfram að uppbyggingu Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir Alfreð Þorsteinsson. -jh



KOMIN Í HVÍTA HÚSIÐ Karl Bretaprins og Camilla eiginkona hans eru stödd í Bandaríkjunum um þessar mundir. Eftir vel heppnaða heimsókn til New York komu þau til Washington í gær þar sem þau George og Laura Bush tóku á móti þeim með virktum. Í gærkvöld snæddu svo hjónin saman ásamt 130 gestum en aðeins fjórum sinnum áður hefur Bush haldið kvöldverðarboði fyrir þjóðarleiðtoga í Hvíta húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli: Sjaldan opnað jafn snemma

AKUREYRI Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, ofan Akureyrar, verður opnað klukkan 10 á laugardaginn. Guðmundur Karl Jónsson, staðarhaldari í Hlíðarfjalli, segir að svo snemma vetrar hafi svæðið ekki verið opnað í hartnær aldarfjórðung eða frá árinu 1981 en þá var svæðið opnað 17. október.

Skíðasvæði Ólafsfirðinga var opnað í gær en svæðið var opnað um miðjan desember í fyrra. Óli Hjálmar Ingólfsson, umsjónarmaður svæðisins, segir óvenju mikinn snjó í fjallinu miðað við árstíma og gott skíðafæri. Stefnt er að opnun skíðasvæðisins í Tindastóli við Sauðárkrók á morgun og segir Viggó Jónsson, umsjónarmaður svæðisins, að gangi það eftir verði skíðasvæðið opið til klukkan 21 annað kvöld.

Dalvíkingar eru að koma upp snjóframleiðslukerfi í Böggvisstaðafjalli og því verður svæðið ekki opið um helgina og Sigliróingar vilja fyrst sjá hvort snjórinn sé kominn til að vera áður en skíðasvæðið verður opnað. -kk

Vargöldin í Írak heldur áfram:

Á annan tug fórst í árás

BAGDAD, AP Talið er að í það minnsta tuttugu manns hafi bedið bana og sextíu sæst í sjálfsmorðsárás í bænum Musayyib í Suður-Írak í gær. Einn fórst í bílsprengjuárás í Kirkuk norðar í landinu.

Árásin í Musayyib var gerð á markaðstorgi við sjámosku en á torginu var múgur og margmenni að kaupa í matinn.

Fyrr á árinu dóu yfir hundrað manns í svipaðri árás á sama stað en þá sprakk olíufíll í loft upp.

Þá fórust fimm bandarískir hermenn í Írak í gær, þrjár þegar jarðsprengja sprakk undir bíl þeirra og tveir í þyrluslysi. ■

Þingsályktunartillaga um fangaflutninga Bandaríkjamanna tilbúin:

Fangaflutningar til Alþingis

FANGAR Þingsályktunartillaga um fangaflutninga í íslenskri lögsögu verður lögð fram á Alþingi á næstu dögum.

Tilfni hennar eru meintir fangaflutningar bandarísku leyniþjónustunnar um íslenska lofthelgi en sumar flugvélanna á hennar vegum hafa haft viðdöl hér á landi á undanföllum árum.

Þingsályktunartillagan er lögð fram af tíu þingmönnum Samfylk-

ingarinnar. Lagt er til að flutningar fanga um íslenska lögsögu til ríkis, þar sem ástæða sé til að ætla að þeir eigi á hættu að sæta pyndingum, verði með öllu óheimilar. Ríkisstjórnin er hvött til þess að framfylgja alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, og miða að því að koma í veg fyrir pyndingar eða aðra ómannúðlega meðferð fanga.

Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir að ríkisstjórnin geri utanríkis-

málanefnd Alþingis grein fyrir því hvernig hún hyggist beita sér til að tryggja að markmið ályktunarinnar ná fram að ganga.

Jónína Bjartmarz þingmaður Framsóknarflokksins á sæti í utanríkisráðgjafanefnd. Hún segir að ef fangar séu fluttir í skjóli reglna um borgaralegt flug fari bandaríska leyniþjónustan á svig við lög og bregðist trausti þjóðanna.

-JH / sjá síðu 2

ÓPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD Í SMÁRALIND





SPURNING DAGSINS

Ármann, hvor er skemmtilegri - Halldór eða Árni?

„Þeir eru báðir jafn skemmtilegir hvor á sinn hátt.“

Ármann Kr. Ólafsson hefur manna lengst gegnt starfi aðstoðarmanns ráðherra. Á rúmlega tíu ára ferli hefur hann starfað fyrir Halldór Blöndal og Árna Mathiesen.

Vilhjálmur nýtur stuðnings meirihluta þátttakenda í Gallupkönnun:

Deilt um áreiðanleikann

SKODANAKÖNNUN Af þeim sem taka afstöðu í skoðanakönnun Gallup um fylgi frambjóðenda í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík vilja 62 prósent sjá Vilhjálm P. Vilhjálmsson í fyrsta sæti frambóðslista flokksins í næstu borgarstjórnarkosningum en 38 prósent Gísla Marteinn Baldursson.

Ef einungis er litið til þeirra sem telja líklegt að þeir taki þátt í sjálfu prófkjöri segjast 54 prósent vilja sjá Vilhjálm í fyrsta sæti en 46 prósent Gísla. Könnunin var gerð 5.-31. október og tóku 1.156 Reykvíkingar þátt. Svarhlutfall var um 62 prósent. Sé einungis litið til svarenda síðustu vikunnar, 243 manna, eru



VILHJÁLMMUR P. VILHJÁLMSOON



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

niðurstöðurnar í svipuðum dúr. Stuðningsmenn Gísla Marteins telja að ekki sé hægt að draga

neinar ályktanir af niðurstöðum könnunarinnar þar sem elsti hluti svaranna sé of gamall og nýrri svör séu of fá. Þeirra eigin athuganir bendi til gagnstæðrar niðurstöðu og því segjast þeir fullir bjartsýni fyrir prófkjörið, sem hefst á morgun.

„Þetta er könnun sem er gerð af Gallup og Gallup er virtasta fyrirtækið á sínu sviði á landinu og jafnvel í heiminum öllum. Könnunin er gerð út frá þeirra aðferðafræði og þar við situr,“ segir Hlynur Guðjónsson, kosningastjóri Vilhjálmsson og gagnrýni stuðningsmanna Gísla.

-shg

Metafcoma SPRON:

Tveggja milljarða hagnaður

VIÐSKIPTI Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) skilaði 2.247 milljóna króna hagnaði á fyrstu þremur ársfjórðungunum sem er metafcoma.

Hagnaðurinn á tímabilinu jókst um fimm prósent ef miðað er við sama tímabil í fyrra. Arðsemi eigin fjár var yfir 50 prósent. Heildareignir SPRON eru komnar yfir eitt hundrað milljarða króna og hafa aukist um helming frá áramótum.

Eigið fé er um níu milljarðar króna. SPRON ætlar að styrkja efnahag sinn enn frekar með því að tvöfalda stofnfé sitt á næstunni.

-epa

365 prentmiðlum stefnt:

Bubbi krefst milljónabóta

DÓMSMÁL Bubbi Morthens hefur stefnt 365 prentmiðlum og Garðari Erni Úlfarssyni, fyrrverandi ritstjóra tímaritsins HÉR og nú, vegna umfjöllunar um sig og myndbirtingar henni tengdri.

Bubbi krefst þess að ummæli sem fram koma í fyrrisögnnum blaðsins verði dæmd dauð og ómerk auk skaðabóta upp á tuttugu milljónir.

Umfjöllunin sem um ræðir er frá því í 16. júní en þá birti blaðið myndir af Bubba með sigarettu undir fyrrisögninni „Bubbi fallinn.“ -shg

BÍLDUDALUR

Framkvæmdir hafnar á Bíldudal Framkvæmdir vegna kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal hófust í síðustu viku en þá var byrjað að grafa fyrir grunnni hússins. Það er fyrirtækið Lás frá Bíldudal sem hefur verið með höndum. Bygging verksmiðjuhússins sjálfs hefst á næstu dögum að sögn Jóns Bjarnasonar, framkvæmdastjóra Láss.



BUSH OG GOSS George W. Bush Bandaríkjaforseti (í miðju) og Porter Goss, yfirmaður CIA, tala við blaðamenn í anddyri höfuðstöðva leyniþjónustunnar í Langley í Virginíu.

NORDICPHOTOS/AFP

Fangar leynilega í haldi

The Washington Post segir bandarísku leyniþjónustuna CIA halda úti kerfi leynilegra fangelsa, ekki síst í Austur-Evrópu. Þar eru fangar í „stríðinu gegn hryðjuverkum“ faldir og yfirheyðir.

FANGAR Bandaríska leyniþjónustan CIA hefur falið marga mikilvægustu fanga „stríðsins gegn hryðjuverkum“ í gömlu fangelsi í Austur-Evrópu og stundað þar yfirheyrslur yfir þeim, að því er dagblaðið The Washington Post hafði í gær eftir erindrekum Bandaríkjustjórnar og erlendra ríkja sem til málsins bekkja.

Hinar leynilegu fangabúðir eru hluti af leynilegu fangelsakerfi sem CIA kom á fót fyrir um fjórum árum, í kjölfar hryðjuverkaáranna á Bandaríkin 11. september 2001. Kerfið hefur á þessu tímabili teygst anga sína til að minnsta kosti

átta landa. Þar á meðal kváðu vera Taíland, Afganistan og nokkur fyrrverandi austantjaldslönd.

Þessar fullyrðingar byggir Washington Post á frásögnum fyrrverandi og núverandi leyniþjónustumanna og stjórnarereindreka frá Bandaríkjunum og löndum í þremur heimsálfum.

Að sögn Washington Post hvílir mikil leynd yfir tilveru þessara „svörtu staða“, eins og þeir eru nefndir, og vita aðeins fáeinir æðstu embættismenn í Bandaríkjunum og viðkomandi löndum um staðsetningu þeirra og starfsemi innan veggja þar. Blaðið virðist

hafa nöfn viðkomandi landa undir höndum en birtir þau ekki að kröfu háttsettra fulltrúa Bandaríkjustjórnar.

Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur birt margar skýrslur og vitnisburði um aðstæður og aðferðir sem beitt er í fangelsum hersins, einkum og sér í lagi eftir hneykslið vegna fangamisþyrminga í Abu Ghraib-fangelsinu í Bagdad og mikillar og gagnrýnnar fjölmiðlaumfjöllunar um fanga-búðirnar í Guantanamo á Kúbu. Hins vegar hefur CIA hingað til ekki einu sinni gengist við tilvist hinna svonefndu „svörtu staða“.

Það kváðu stjórnendur þar á bæ forðast eins og heitan eldinn vegna ótta við að bandarískum yfirvöldum verði stefnt fyrir rétt fyrir erlendum dómstólum og hættunnar á pólitískri fordæmingu bæði heima fyrir og erlendis.

Eins og fram er komið hafa þó nokkrar flugvélar, sem í Danmörku er talið að annist fangaflutninga fyrir CIA, haft viðkomu hér á landi síðustu misseri. Nokkrar þessara véla hafa verið á leið til eða frá Austur-Evrópu. Ein slík flugvél fór frá Reykjavík til Búdapest í Ungverjalandi í síðasta mánuði.

audunn@frettabladid.is

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Nú er það svakalegt!

– tvær nýjar bækur um Skúla skelfi

Hann er alger plága og hann er alveg yndislegur!



JPU
JUV UTGAFA
www.jpvis

Forstöðumaður Barnaverndarstofu segir að breyta þurfi lögum:

Hagsmunir fórnarlambssins bornir fyrir borð

BARNAVERNDARMÁL Nærri tvöfalt fleiri kynferðisbrotamál komu til kasta yfirvalda árin 2002-2004 en árin 1995-1997. Sakfellingum hafi hins vegar ekkert fjölgað. Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarhúss, segir að rekja megi það til breytinga sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála árið 1999. Hann segir að breytingarnar vinni í raun gegn hagsmunum barnanna og brýnt sé að farið verði yfir þessi lagaákvæði. „Þessar leikreglur er ekki að finna í neinum öðrum brotaflokk. Það tíðkast hvergi annars staðar að sakborningur fái þessa aðkomu á frumstigi rannsóknar.“



BRAGI GUÐBRANDSSON Forstöðumaður Barnaverndarstofu segir lögjöfina frá 1999 á misskilningi byggða.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Með breytingunum sem gerðar voru árið 1999 átti að koma

til móts við börn sem höfðu orðið fyrir kynferðisafbrotum. Skýrslutaka af barninu var færð yfir á ábyrgð dómara og gerð að sérstakri dómsathöfn, og var hugsunin sú að barnið þyrfti þá ekki að segja sögu sína nema einu sinni en þyrfti ekki að endurtaka hana við aðalmeðferð málsins.

„Mönnum gekk gott eitt til en engu að síður var það svo að þessi breyting var byggð á misskilningi,“ segir Bragi. „Þetta er eins og að spila póker við einhvern sem er búinn að sjá spilin þín. Heildaráhrifin eru þau að lögreglan hefur ekki aðgang að vitninu fyrir en á sama tíma og sakborningurinn.“

-grs

Tveir SAGNA- MEIÐSTARAR – *tvö stórbrotin skáldverk*

Moby Dick, hefur verið kallað eitt áhrifamesta verk sem skrifað hefur verið um hin eilífu átök mannsins við forsjónina. Í bókinni er brugðið upp stórfenglegum myndum af veröld hvalfangaranna, sérkennilegum manngerðum og æsandi eltingarleiknum við hvíta hvalinn. Með ógleymanlegum hætti veitir sagan lesandanum innsýn í hugarheim hins vitfirra ógæfumanns, Akabs skipstjóra.


„Besta skáldsaga veraldar.“

Ólafur Gunnarsson, rithöfundur

„Mesta skáldsaga sem skrifuð hefur verið.“

Egill Helgason / Silfur Egils

Hundrað stórkostlegra myndskreytinga eftir Rockwell Kent prýða bókina.



„Stórbrotin bók.“


Daily Telegraph

Jaromil er afburðabarn að mati móður sinnar, fæddur ljóðskáld og fimur teiknari. Hún gerir allt sem í hennar valdi stendur til að örva hæfileika hans.

Það eru ólgutímar í sögu tékknesku þjóðarinnar, Jaromil langar að leggja sitt af mörkum og beita skáldagáfunni í baráttunni fyrir betri heimi, en áður en varir er skáldið gengið í lið með böðlunum og farið að klæða hryllinginn í skrautbúning ljóðrænnar.

„Besta skáldsaga sem ég hef lesið í ár.“








New Statesman



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 02.11.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	59,61	59,89
	Sterlingspund	GBP	105,23	105,75
	Evra	EUR	71,61	72,01
	Dönsk króna	DKK	9,594	9,65
	Norsk króna	NOK	9,215	9,269
	Sænsk króna	SEK	7,464	7,508
	Japanskt jen	JPY	0,5096	0,5126
SDR		XDR	85,92	86,44

Gengisvísitala krónunnar

100,61

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

David Blunkett segir af sér embætti atvinnu- og lífeyrismála:

Önnur afsögnin á einu ári

BRETLAND David Blunkett, ráðherra atvinnu- og lífeyrismála bresku ríkisstjórnarinnar, sagði af sér embætti í gær. Þetta er í annað sinn á tæpu ári sem Blunkett stígur úr ráðherrastóli.

Blunkett hefur undanfarna daga sætt gagnrýni fyrir að hafa vikurnar fyrir þingkosningarnar í vor stýrt líftæknifyrirtæki sem gerði meðal annars samninga við ríkisstjórnina um verkefni. Honum láðist að ráðfæra sig við sérstaka þingnefnd um hvort hann gæti tekið af sér starfið en starfsreglur ríkisstjórnarinnar kveða afdráttarlaust á um að slíkt beri að gera. Málið þykir

verulegur álitshnekkir fyrir Tony Blair forsætisráðherra sem veitt hefur Blunkett fullan stuðning í orrahríðinni undanfarið. Að sögn BBC kvaðst Blunkett sérstaklega harma að hafa valdið vini sínum þessum vandræðum. Michael Howard, fráfarandi leiðtogi íhaldsmanna, skaut föstum skotum á forsætisráðherrann og sagði hann óstarfhæfan vegna málsins.

Í desember í fyrra sagði Blunkett af sér sem innanríkisráðherra eftir að upp komst að hann hafði veitt barnföstru ástkonu sinnar forgang þegar hún sótti um dvalarleyfi í Bretlandi.



AFSÖGNIN TILKYNNT David Blunkett hélt blaðamannafund í Lundúnum í gær þar sem hann tilkynnti afsögn sína.

Síðdegis í gær var svo greint frá því að John Hutton tæki við ráðherraembættinu af Blunkett. - shg

Hryðjuverkaógn í Danmörku:

Sá sjöundi handtekinn

DANMÖRK Danska lögreglan handtók í gær sjöunda manninn sem grunaður er um skipulagningu hryðjuverkaárásar í Kaupmannahöfn.

Maðurinn er ekki talinn hafa leikið stórt hlutverk í skipulagningu yfirvofandi árásar. Ekki fæst staðfest hvort maðurinn sé innflytjandi líkt og hinir sex sem þegar hafa verið handteknir.

Ástæðan er talin sú að lögreglan hefur sætt gagnrýni fyrir að gefa of mikið upp um bakgrunn hinna handteknra og því hafi fjölskyldur þeirra og nágrannar orðið fyrir miklu aðkasti í kjölfarið. ■



Á ANNAD HUNDRAÐ SÆRÐUST Sjónarvottar segja lögreglu hafa skotið handahófskennt á fólksfjöldann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla ræðst á almenning:

33 sagðir hafa beðið bana

ADDIS ABABA, AP Í það minnsta 33 Eþíópíumenn létust og 150 særðust í átöku mót mælenda og lögreglu í höfuðborginni Addis Ababa í gær.

Mikil ólga hefur verið í landinu síðustu daga vegna þingkosninga fyrr á árinu en stjórnvöld eru sögð hafa svindlað í þeim. Þannig biðu átta bana í átökum í fyrradag.

Sjónarvottar segja að óeirðalögregla hafi skotið handahófskennt á mótmælendurna í gær og varpað handsprengjum inn í hóp þeirra.

Ráðherra upplýsingamála kvaðst harma uppþotin en kenndi stjórnarandstæðingum um þau. ■

SVÍPJÓÐ

Herþyrla hrapaði Mikil mildi þykir að enginn hafi slasast þegar herþyrla af gerðinni Super Puma hrapaði í sjóinn út af Blekinge í Svíþjóð í gærkvöld. Átta manns voru í þyrlunni. Björgunaraðing á vegum sænska hersins stóð yfir þegar óhappið varð.

DANMÖRK

Eiturslögur á Amager Danska lögreglan varar fólk við eiturslögum sem sleppt hefur verið í skógi á Amager, skammt frá nokkrum barnaheimilum. Fyrir um tveimur vikum fannst dauð slanga af baneitraðri tegund á þessum slóðum og í fyrradag fannst önnur slík lifandi og var hún aflífuð.

Samgöngumálin og skipulag í ólestri

Pau Júlíus Vífill Ingvarsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir sækjast bæði eftir öðru sætinu á lista Sjálfstæðisflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum. Pau eru sammála um að bæta verði úr samgöngumálum og skipulagi.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Tveir einstaklingar sækjast eftir því að sitja í öðru sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Þetta eru þau Hanna Birna Kristjánsdóttir og Júlíus Vífill Ingvarsson.

Hanna Birna er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og hefur meðal annars setið í borg-

arráði og menntaráði. Henni þykir núverandi meirihluti draga lappirnar í framkvæmdum. Hún vill lækka skatta og auka vaxning borgarbúa þegar kemur að þjónustu. Henni eru skipulagsmál og menntamál hugleikin.

Júlíus Vífill hefur setið eitt kjörtímabil í borgarstjórn. Hann vill, líkt og Örn Sigurðsson sem

sækist eftir fjórða sæti, leggja ríka áherslu á að bæta skipulag í borginni með það að augnamiði að fjölga íbúum og reka öflugri einingu.

Júlíus telur að úrbætur í samgöngum innan borgarinnar hafi dregist óhóflega hjá núverandi meirihluta.

saj@frettabladid.is

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



„Á borgarstjórnarfundum í fyrradag olli það mér miklum vonbrigðum að meirihlutinn virtist ætla að hiksta á því hvaða leið á að fara í samgöngumálum í borginni. Ríkið hefur þegar eyrnamerkt peninga til þessara framkvæmda en borgin hefur ákveðið að draga lappirnar,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir. Þarna talar Hanna Birna um framkvæmd á byggingu Sundabrautar.

Hanna Birna telur brýnt að auka valfrelsi borgarbúa hvað varðar þjónustu. „Ég vil að borgarbúar hafi aukid val á öllum sviðum. Þannig vil ég skoða alla málaflokka sem borgin vinnur að, allt frá skólumálum til málefna eldri borgara, skipulagsmála og samgöngumála,“ segir Hanna Birna.

Hanna Birna vill endurverkja hlutverk höfuðborgarinnar og gera hana að heimsins bestu höfuðborg.

„Ég hef jafnframt verið oddviti sjálfstæðismanna í skipulagsmálum og auðvitað eru þau mál mér hugleikin.“

JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON



„Eitt af brýnustu verkefnum sem flokkurinn þarf að taka á þegar hann kemst til valda er að taka á skipulagsmálum með það að markmiði að laða fjölskyldur og fyrirtæki að Reykjavík,“ segir Júlíus. Hann telur að með bættu skipulagi megi laða fjölskyldur og fyrirtæki að borginni. „Þetta hefur ekkert með hrepparig að gera heldur með skemmtilegu skipulagi löðum við að okkur fólk og fyrirtæki sem á endanum efla fjárhag borgarinnar.“

Júlíus vikur einnig að samgöngumálum og lýsir þeirri skoðun sinni að núverandi meirihluti hafi dregið fram úr hófi að bæta samgöngukerfi borgarinnar. „Sundabrautin ætti að vera löngu tilbúin og einnig hef ég bent á göng undir Skólavörðuholtið sem raunhæfan möguleika. Það þarf að huga að Kvosinni því að þar getur blasað við okkur samgönguslys þegar komið verður tónlistarhús á Miðbakkann,“ segir Júlíus.

Júlíus bendir einnig á að úrbóta sé þörf í dagvistun: „Barnapössun þarf að vera tiltæk um leið og fæðingarorlofi lýkur.“

Chirac róar landa sína:

Óeirðirnar breiðast út

PARÍS, AP Jacques Chirac Frakklandsforseti reyndi í dag að bera klæði á vopnin eftir óeirðirnar sem gengið hafa yfir í úthverfum Parísarborgar undanfarna daga.

Ólga hefur stigmagnast og færst úr einu hverfi í annað. Í fyrrinótt var kveikt í nærri 70 blúum í nýu bæjum á Parísarsvæðinu. Lögregla hefur handtekið tugi manna í óeirðunum.

Innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy hefur vakið reiði innflytjenda með því að kalla þá hyski en átökin blossuðu upp eftir að tveir piltar af innflytjendaaettum létust af slysförum. Þeir héldu að lögregla væri að elta þá. ■

Umboðsmaður Alþingis:

Ráðuneytið rangtúlkar lög

SJÁVARÚTVEGUR Umboðsmaður Alþingis telur að sjávarútvegsráðuneytið hafi ekki byggt úrskurði á réttum lagagrundvelli í málum tveggja smábátaeigenda.

Þeir fóru fram á frekari aflaheimild á grundvelli þess að hafa farið í endurbætur á bátum sínum en í lögum segir að við endurnýjun eigi menn rétt á 20 lesta aukaúthlutun. Ráðuneytið taldi það hins vegar aðeins eiga við ef skipt væri um bát. Þessu er umboðsmaður ekki sammála og beinir þeim tilmælum til ráðuneytisins að endurskoða málið. - jse



Kristín Gísladóttir sjúkráþjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

VEÐURSPÁ

um hádegi »


Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLYNDIN KOMA!

Aðdáendur kulda og treks hafa um skeið haft veðurguðina á sínu bandi. Nú verður breyting á og þeir sem heldur vilja hlyndi fá eitthvað við sitt hæfi. Því annað kvöld verða komin ágæt hlyndi inn á sunnan- og vestanvert landið og víðast hvar aðra nótt. Svo er að sjá að þessi hlyndi endist nokkuð. Þessu fylgir reyndar væta og vindur.

HÖFUÐBORGIN Í DAG

Fremur hægt norðvestan átt. Bjartviðri. Hiti 0-4 stig í dag.



Kaupmannahöfn	13°C skúrir	Paris	20°C léttskýjað	Alicante	25°C heiðskýrt
Oslo	8°C alskýjað	Berlín	16°C léttskýjað	Milano	20°C léttskýjað
Stokkhólmur	14°C léttskýjað	Frankfurt	18°C alskýjað	New York	19°C léttskýjað
Helsinki	9°C alskýjað	Madrid	19°C hálfskýjað	San Francisco	17°C skúrir
London	17°C hálfskýjað	Barcelona	21°C hálfskýjað	Orlando/Florida	27°C heiðskirt

*Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



**Opnunar
tilboð**

Blómin beint úr kæli



Afskorin blóm úr kæli

10 rósir	999
5 krýsur	999
5 liljur	999
7 rósa búnt	499
Heimilisvendir	499
Allar rósir í stk.	199



Ný
og glæsileg
verslun
í Skútuvogi


heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind



KJÖRKASSINN

Eiga íslensk stjórnvöld að leyfa fangarflutninga leyniþjónustu Bandaríkjanna um Ísland?

Já	24%
Nei	76%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlaðu að fylgjast með prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík?

Segðu þína skoðun á Vísí.is



Bæjarráð fjallar um auglýsingu bæjarráðsmanns:

Óleyfileg framboðsauglýsing

LÖGREGLUMÁL „Okkur hefur borist förmleg kvörtun vegna þessa skiltis og hún verður rædd á bæjarráðsfundi í dag og að honum loknum á ég von á því að bæjarstjórsmenn rífi það niður,“ segir Hansína Á. Björgvinsdóttir, formaður bæjarráðs í Kópavogi.

Þar í bæ hefur Ómar Stefánsson, sem sjálfur situr í bæjarráði og er prófkjörsframboðandi á lista Framsóknarflokksins, hengt auglýsingaskilti á girðingu í eigu bæjarins. Slíkt er óheimilt nema með leyfi bæjaryfirvalda en það leyfi hefur ekki fengist.

„Ég vissi reyndar ekki af þessari grein í lögreglusamþykktinni sem

bannar þetta svo ég þarf kannski að endurskoða þetta,“ segir framboðandinn.

„Það er reyndar löng hefð fyrir því að auglýsingar sem eiga erindi við bæjarbúa í skamma stund fái að vera víða um bæinn, ég þekki það vel því ég sat í byggingarnefnd og skipulagsnefnd. Í þessu tilfelli spurði ég nágretta hvort ég mætti hengja auglýsinguna upp og það var auðsött mál. Ég veit að þeir sem hafa kvartað við bæjaryfirvöld eru aðrir framboðendur eða aðrir tengdir þeim.“ Hansína undrar sig á því að maður sem starfað hefur árum saman í bæjarmálum skuli ekki vita að svona lagað sé óheimilt. -jse



AUGLÝSINGASKILTÍ Í ÓLEYFI Bæjarráðsmaður hefur hengt upp skilti í óleyfi í Kópavogi. Bæjarráð tekur það mál fyrir á fundi sínum í dag.

Sjúkraliðar og vinnuveitendur: Samningunum ennþá ólokið

KJARAMÁL Ríkissáttasemjari fundaði í gær með forsvarsmönnum Sjúkraliðafélags Íslands og launnefndar sveitarfélaga sem átt hafa í kjaraviðræðum frá því á mánudag í síðustu viku.

Sjúkraliðar sem starfa við sjálfs-eignarstofnanir innan Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu funduðu einnig með ríkissáttasemjara í gær.

Að sögn Kristínar Á. Guðmundsdóttir, formanns Sjúkraliðafélags Íslands, er samningum enn ólokið, aðeins var farið yfir málin á fundunum og eru frekari fundir fyrirhugaðir á næstu dögum. -shg

Átján ára dæmdur í fangelsi:

Braust inn og stal í Reykjavík

DÓMSMÁL Átján ára piltur hefur verið dæmdur í hálfárs fangelsi skilorðsbundið í tvö ár fyrir innbrot, þjófnaði og fleiri brot framín í Reykjavík á árinu.

Sum brotin voru framín í félagi við aðra og hafa þau mál verið dæmd sérstaklega.

Upptækt var gert hjá piltinum gramm af hassi, annað af amfetamíni og það þriðja af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Við ákvörðun refsingar var litið til ungs aldurs piltins, játningar og þess að hann sæti færnis á að afla sér vinnu og skipta um lífsstíl.

Dóminn kvað upp Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari, í Héraðsdómi Reykavíkur. -óka

Börn undir eftirliti:

Líður verst af öllum börnum

RANNSÓKN Samkvæmt rannsókn sem Halldór Sigurður Guðmundsson félagsráðgjafi hefur gert á hegðun og líðan barna sem eru undir eftirliti barnaverndaryfirvalda, líður þeim börnum jafn illa eða verr en börnum innan geðheilbrigðiskerfisins.

Stúlkurnar eru færri en drengirnir og líður verr. Þá líður börnum úti á landi verr en börnum á höfuðborgarsvæðinu.

Börnum undir eftirliti hefur fjölgað frá um tvö þúsund fyrir áratug í rúm fimm þúsund á ári í dag.

Þrátt fyrir fjölgun barna hefur starfsmönnum barnaverndarkerfisins lítið fjölgað undanfarnin ár. ■



Á VETTvangi Sprengingarinnar Kona hafði brugðið sér út fyrir til að reykja og gekk fram og til baka fyrir framan bíla á planinu þegar sprengja sprakk skyndilega undir einum þeirra, við annað afturhjólið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kona særðist á fæti í sprengingu í Skeifunni

Kona slasaðist á fæti þegar heimatilbúin sprengja sprakk undir bíl í Skeifunni í Reykjavík. Lögregla segir tilviljun virðast hafa ráðið stað og tímasetningu sprengingarinnar. Kvartað var undan sprengingum í hverfinu fyrir skömmu.

LÖGREGLA Kona hlaut skeinur og mar á fæti þegar sprengja sprakk undir mannlausum bíl fyrir utan brauðgerðina Mylluna í Skeifunni í Reykjavík um klukkan hálf þrjú í fyrrinótt.

Að sögn lögreglu slapp konan nokkuð vel miðað við aðstæður en bíllinn skemmdist nokkuð að neðan og af því ráðið að sprengjan hafi verið nokkuð öflug. Bíllinn stóð ásamt öðrum fyrir utan vinnustaðinn, en þar er unnin er vaktavinna.

Konan, sem er starfsmaður Myllunnar, hafði brugðið sér út fyrir til að reykja og var á gangi fram hjá bílnum þegar sprengingin varð og í hana þeyttust sprengjubrot. Hún var flutt á slyssadeild til aðhlyningar og kallaðir til sprengjusérfræðingar

Ríkislögreglustjóra auk lögreglumannna frá tæknideild lögreglunnar í Reykjavík.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir ekkert benda til þess að sprengingunni hafi verið beint gegn konunni, vinnustaðnum eða eiganda bílsins. „Allar líkur eru á að þetta hafi verið heimagerð sprengja. Svo er ekkert langt síðan kvartað var undan sprengingum í þessu hverfi seint um kvöld eða nótt. Þá var talið að einhverjir krakkar hefðu verið að fíflast við Grensásveg, nokkuð ofar,“ segir hann og árettar að konan hafi verið fyrir tilviljun stödd við bíllinn þegar sprengjan sprakk. „Þetta er heldur ekki á neinum brottfarar- eða komutíma.“ Hörður

sagðist vongóður um að lögregla myndi hafa upp á sprengjuvarginum, en í gær var sökudólgurinn enn ófundinn. Til stendur frekari rannsókn á sprengiefninu sem komið var fyrir undir bílnum. „Við verðum að kanna hvaða efni þetta er.“

Kristján Theodórsson, framkvæmdastjóri á upplýsinga- og framleiðsluviði Myllunar, taldi af og frá að sprengingin gæti verið til marks um harðnandi brauðstríð. „Nei, það held ég engum hafi dottið í hug. Við hins vegar vitum afskaplega lítið um þetta, málið er bara hjá lögreglunni,“ sagði hann, en bætti þó við að á staðnum teldi margur þó líklegt að sprengingin væri til kominn af einhverjum barnaskap. -óka

Slitnar upp úr samningaviðræðum Sterling og Kastrup-flugvallar:

Ósáttir við kjör á Kastrup

DANMÖRK Forsvarsmenn Sterling í Danmörku eru ósáttir við þau nýju kjör sem þeim hafa verið boðin á Kastrup-flugvelli. Af þeim sökum slitnaði upp úr samningaviðræðum á þriðjudag. Í viðtali við Berlingske Tidende í gær segir Niels Brix, talsmaður Sterling, að tilboð Kastrup hafi valdið vonbrigðum. Hann segir að margt þurfi að breytast ef samningar eigi að nást. Telur Niels að ný verðskrá Kastrup hyggi SAS flugfélaginu fram yfir aðra viðskiptavinum flugvallarins. Þessu neitar fjármálastjóri Kastrup-flugvallar og segir tilboðið hafa verið hagstætt



FLUGVÉL STERLING Til greina kemur að flytja starfsemi frá Kaupmannahöfn til Malmö.

og geri ráð fyrir að verð muni haldast óbreytt næstu þrjú ár. Á blaðamannafundi í kjölfar kaupanna á Sterling sagði Hannes Smáráson, forstjóri FL-Group, að vel kæmi til greina að Sterling flytti

alla sína starfsemi til Malmö. Lág-gjaldaflugfélagið Ryanair flýgur þangað í staðinn fyrir Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir því að samningaviðræðum verði framhaldið í næstu viku. -ks

Ragnar Sær
í borgarstjórn

5. sæti

Prófkjör sjálfstæðismanna 4. og 5. nóv. 2005
www.ragnarsaer.is - Kosningaskrifstofa Ármúla 1.

Úrvals pappír

WINSOR & NEWTON
The World's Finest Artists' Materials

Penninn
Penninn Hallarmúla 2, sími 540 2000
penninn@penninn.is, www.penninn.is

30-62% afsláttur af vinsælum bókum



30%*
afsláttur

3.276 kr

Bókatiðindaverð 4.699,-



Fylgir með
í kaupbæti

Konfektkassi nr.7

frá Nóa Sírius að verðmæti 1.789 kr
fylgir í kaupbæti



Fylgir með
í kaupbæti

Flateyjargáta

fylgir með Aftureldingu í kaupbæti



30%*
afsláttur

1.743 kr

Bókatiðindaverð 2.499,-



30%*
afsláttur

2.443 kr

Bókatiðindaverð 3.199,-



30%*
afsláttur

3.136 kr

Bókatiðindaverð 4.480,-



30%*
afsláttur

3.493 kr

Bókatiðindaverð 4.990,-



62%*
afsláttur

4.990 kr

Bókatiðindaverð 12.999,-



30%*
afsláttur

3.280 kr

Bókatiðindaverð 4.699,-



30%*
afsláttur

3.276 kr

Bókatiðindaverð 4.699,-

* Afsláttur reiknast af Bókatiðindaverði.

Gildir til 7. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

La Preferida

Bestu fáanlegu gæðin



Heilsa

Vítamín og bætiefni fyrir alla



Montanini

Ítalskar vörur í hæsta gæðaflokki



Cheerios Twin Pack	2x525 g	429 kr
Kjúklingur, heill frosinn	1 kg	379 kr
Oerlemans ávextir	2,5 kg	999 kr
Tilda Basmati hrísgrjón	5 kg	1.149 kr
Freyju Draumur	50% afsláttur	
Freyju Rís	50% afsláttur	
Nammibar	50% afsláttur fös-lau	

Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16

Ritnefndarmenn á Læknablaðinu hafa unnið í samstarfi við Kára Stefánsson:

Heldur ekki vöku fyrir Kára

DEILUR Ritnefnd Læknablaðsins sem nýverið hefur boðað uppsögn sína gæti reynt vanhæf til þess að fjalla um málefni Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfða-greiningar og Jóhanns Tómassonar læknis. Því er þannig farið að Karl Andersen, einn ritnefndarmanna, hefur unnið í samstarfi við Kára. Þeir skrifuðu meðal annars grein um kransæðastíflu sem birtist á PubMed vefnum í maí á þessu ári.

Ritnefndin gerði athugasemdir í síðasta tölublaði Læknablaðsins við birtingu á grein Jóhanns Tómassonar heilsugæslulæknis um Kára Stefánsson.

Vilhjálmur Rafnsson, ritstjóri blaðsins, segir í yfirlýsingu að með birtingu greinarinnar taki hann ekki afstöðu til málsins heldur beri Jóhann sjálfur ábyrgð á yfirlýsingum sínum í garð Kára.

„Þetta mál er agnarsmátt og heldur ekki fyrir mér vöku,“ segir Kári Stefánsson. Hann segir Vilhjálmur verða látinn svara fyrir ákvarðanir sínar.

„Blaðið hefur vaxið og eflst undir stjórn þessa hóps og það er sorglegt að þetta endi með þessum hætti,“ segir Karl Andersen hjartalækni og einn þeirra ritnefndarmanna sem nú hverfa frá.



KÁRI STEFÁNSSON Hann telur málið agnarsmátt og segir það ekki halda fyrir sér vöku.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aukinn sáttatónn

Umræða um sjávarútvegs mál að undanförunni bendir til aukinnar sáttar um þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar. Samfylkingin boðar nýja stefnu í málinu og sjávarútvegsráðherra segir meiri frið ríkja um greinina en oftast áður.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Margt bendir til þess að ágreiningur um þá sjávarútvegsstefnu sem þjóðin hefur búið við í nærri tvo áratugi, fari minnkandi, að minnsta kosti meðal stjórnmalamanna. Þannig rétti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar nýverið fram sáttahönd til útvegs-manna og boðaði nýja stefnu síns flokks í þessum mikilvæga málaflokki; stefnu sem felur í sér að horfið verði frá því að deila um

upphaflega úthlutun kvótans á sínum tíma. Og undir þennan sáttatón flokksins tekur helsti talsmaður hans í sjávarútvegs-málum um langt árabíl.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra er líka þeirrar skoðunar að meiri friður sé um sjávarútveginn en oft áður og telur að tvennt komi þar til; annars vegar minnkandi vægi greinarinnar í þjóðarþúskaðum og hins vegar upptaka veiðigjaldsins.

En auðvitað eru ekki allir á því að sátt sé að nást um sjávarútvegs málin; Grétar Mar Jónsson, fyrrum formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins segir fjarri því sátt um málaflokkinn og að hún náist aldrei meðan núverandi kvótakerfi er við lýði. Arthúr Bogason talsmaður smábátaeigenda segist heldur ekki verða var við sáttahljóð í greininni en að sáttin sé þó meiri nú um stundir en oft áður.

- ssal



Einar K. Guðfinnsson „Að mínu mati er meiri friður um sjávarútvegs málin nú en verið hefur um allanga hríð og það er vel,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. „Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það er ágreiningur uppi um ýmislegt sem sneritir sjávarútveginn og þannig verður það alltaf þar sem þetta snýst um skiptingu úr takmarkaðri auðlind. En við sem höfum lengi fylgst með og tekið þátt í sjávarútvegs umræðunni finnum það að heiftin og illskan sem oft

hefur einkennt þessa umræðu er ekki til staðar í dag. Ástæðurnar tel ég að liggja aðallega í tvennu; annars vegar í því að hlutfallslegt vægi sjávarútvegsins í þjóðarþúskaðum hefur minnkað en einnig í þeim breytingum sem gerðar hafa verið á sjávarútvegsstefnunni. Þar á ég við veiðigjaldið sem svaraði mikilli gagnrýni sem bregðast varð við og svo þau úrræði sem beita má til að bæta hag sjávarútvegsbyggðanna sem hafa orðið undir í harðri samkeppni um fjármagn og veiðiheimildir.“



Jóhann Ársæls-son „Það er ekki sátt um sjávarútveginn en einmitt núna er ástæða til að binda vonir við það að sú sátt náist,“ segir Jóhann Ársæls-son þingmaður Samfylkingar. „Ég segi þetta þar sem ég fæ ekki betur séð en allir stjórnmalaflokkarnir hafi komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að setja ákvæði í stjórnarskrána um það að þessi auðlind sé og verði eign þjóðarinnar. Þegar menn eru farnir að fást við þetta mál út frá því hljóta menn að sjá það að hið opinbera hlýtur að fara með það hlutverk að stýra því hvernig hún er nýtt því ef þetta er þjóðareign hlýtur hið opinbera að fara með eignarhlutverkið.“



Grétar Mar Jónsson „Það er langt frá því að það sé sátt um sjávarútveginn og svo verður ekki meðan kvótinn er afhentur fáeinum útvöldum svo þeir geti leigt hann eða selt,“ segir Grétar Mar Jónsson, varaþingmaður Frjálslynda flokksins. „Svo er krafa Ingibjargar Sólrúnar um að menn nái sátt í sjávarútvegnum byggð á mikilli vanþekkingu formannsins á sögu kvótakerfisins. Ekki nóg með það heldur er þessi málflutningur hennar reiðarslag fyrir fólkið sem býr í sjávarþorpum þessa lands og hefur lent í því hlutverki að vera leiguliðar hjá einkonar lénsherrum sem jafnaðarmenn ættu ekki að vera að verja með þessum hætti.“



Arthúr Bogason „Það væri ekki rétt að segja að það ríkti eitthvað sáttarástand innan greinarinnar en þó má segja að það sé mun meiri sátt nú en oft áður,“ segir Arthúr Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda. „Ég veit að bæði stóruþgerðarmenn sem og smábátaeigendur hafa eitt og annað út á fiskveiðistjórnunina að setja. Ég tel hins vegar að eftir 21 árs ófrið um þessi mál séu menn nú farnir að óska sér smá starfsfriðar. Ég heyr þá á fjölmörgum trillukörum að þeir vilja fá einhverja framtíðarsýn fyrir greinina svo þeir geti gert einhverjar áætlanir nokkur ár fram í tímann.“

Donald Tusk um minnihlutastjórn íhaldsmanna í Póllandi:

Boðar harða stjórnarandstöðu

PÓLLAND, AP Donald Tusk, leiðtogi frjálslyggjuflokksins Borgaravettvangs í Póllandi, boðaði í gær „mjög harða“ stjórnarandstöðu flokks síns við nýja minnihlutastjórn íhaldsflokksins Laga og réttlætis, sem tók við embætti á mánudag.

„Borgaravettvangur mun ganga hreinna til verks en nokkur stjórnarandstaða til þessa,“ sagði Tusk í útvarpsviðtali. Borgaravettvangur fékk lítið eitt minna fylgi en Lög og réttlæti í þingkosningunum í september og vonir um að þessir tveir flokkar mynduðu ríkisstjórn saman fóru út um þúfur í síðustu viku. Tusk tapaði líka fyrir Lech Kaczynski, framhjódanda Laga og réttlætis,



DONALD TUSK Leiðtogi stjórnarandstöðunnar.

í úrslitumferð forsetakosninga um þarsíðustu helgi. Flokkurinn Lög og réttlæti, sem hefur 155 fulltrúa af 460 í neðri deild þingsins, hefur nú skipað sínum mönnum í öll æðstu valdaembætti.

Tusk sagði í bili ekkert um hvernig þingflokkur Borgaravettvangs hygðist haga atkvæðum sínum er atkvæðagreiðsla um traust á ríkisstjórnina fer fram á þinginu þann 10. nóvember. En hann hefur gagnrýnt mjög að Lög og réttlæti leggi lag sitt við hægriþinglistann Andzej Lepper og flokk hans, „Sjálfsvörn“. Búist er við að „Sjálfsvörn“ og tveir aðrir smáflokkar á hægri jaðrinum muni verja minnihlutastjórnina falli.

- aa



Útsala í 4 daga

Vetrarsala

fimmtudag
föstudag
laugardag
sunnudag

Gerðu góð kaup fyrir jólin!

Rýmum fyrir nýjum vörum

– glæsilegt úrval á útsölu í fjóra daga.

Opið til **21** í kvöld

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubío
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	



GÍTARSÓLÓ Í GIFSINU Omer litli frá Kasn-ir lék sér í gær með gítar sem honum var gefinn í tilefni loka föstumánaðarinn Ramadan. Pakistónsk stjórnvöld hafa greint frá því að í það minnsta 73.000 manns létust í jarðskjálftanum 8. október. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fundur pólskra verkamanna með fulltrúum Alpýðusambands:

Fulltrúa 2B vísað af fundi

VERKALÝÐSMÁL Fulltrúa starfsmannaleigunnar 2B ehf. var vísað frá fundi fulltrúa Verkalýðsfélags Akraness og ASÍ með pólskum starfsmönnum leigunnar sem starfa hjá Ístaki og Fagsmiði við stækkun Norðuráls á Grundartanga.

Á vef verkalýðsfélagsins kemur fram að fundurinn hafi verið haldinn á Kjalarnesi á mánudagskvöldið síðasta, en verkamennirnir gista í Arnarholti. Fundurinn var haldinn að ósk þeirra sjálfrá.

Fram kemur að eigandi starfsmannaleigunnar hafi viljað sitja fundinn, en því hafi fulltrúar verkalýðsfélagsins og ASÍ mót-

mælt. „Varð að samkomulagi að starfsmennirnir sjálfir myndu ákveða hvort eigandi 2B sæti fundinn eða ekki. Með stéttarfélaginu var pólskur túlkur og það hann þá starfsmenn sem vildu að eigandi 2B yfirlit fundinn, að rétta upp hönd. Allir pólsku starfsmennirnir réttu upp hönd,“ segir á vef félagsins.

Póverjarnir eru sagðir uggandi um sinn hag, en þeir upplýstu verkalýðsfélagið um vinnu sína frá því þeir hófu hér störf 8. september. „Kom fram hjá tveimur þeirra að þeir hafi einungis fengið 95 þúsund krónur útborgaðar og engan launaseðil fengið né séð.“ - óká



ARNARHOLT Á KJALARNESI Á Kjalarnesi getur blásið hressilega og sú var einnig raunin á fundi Verkalýðsfélags Akraness með pólskum verkamönnum í byrjun vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Fékk skilorðsbundinn dóm:

Braut björglas á dyraverði

DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt konu sem barði dyraverð með glasi á skemmtistaðnum Vélsmiðjunni á Akureyri í haust í tveggja mánaða fangelsi. Dómurinn var skilorðsbundinn í tvö ár. Maðurinn skarst á enni við atlögu konunnar.

Fram kemur í dómnum að konan var svo drukkin að hún man lítið eftir atburðum næturinnar.

Dómurinn leit til þess að árásin var alvarleg, þó að afleiðingarnar yrðu ekki miklar. Dyravörðurinn slapp með grunnan skurð og vægan heilahristing. Konan hefur ekki brotið af sér áður. - óká



VÍSIR Heimsókir hafa aukist um 8 prósent.

Netvefurinn Vísir:

Flestir nota Vísir

VEFSÍÐUR Netvefurinn Vísir er sá vefur sem flestir nota samkvæmt samræmdri vefmælingu. Hann er einnig sá vefur sem mælist með flestar flettingar, eða skoðaðar síður, en þær voru rúmlega 12,5 milljónir í síðustu viku samkvæmt mælingunni. Það er rúmlega 8 prósent aukning frá fyrri viku.

Mbl.is, vefur Morgunblaðsins, mældist hins vegar með flest innlit sem mældust rúmlega ein og hálf milljón. Vísir bætir verulega við sig hvað notendur, innlit og flettingar varðar miðað við fyrri mælingar. -jse

Þingmaður gagnrýnir aðbúnað aldraðra:

Þúsund deila herbergi

SAMFÉLAGSMÁL „Tæplega þúsund eldri borgarar þurfa að deila herbergi með öðrum en mökum sínum eða lifsförunauti,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingar. Hann lagði fram fyrirspurn um málið til heilbrigðisráðherra fyrir skemmstu.

„Ég spurði ráðherrann einnig hvort til stæði að setja lög sem banna að aldraðir deili herbergi með öðrum líkt og gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum en hann tók ekki undir þá skoðun mína en ég tel að það einu leiðina til að koma í veg fyrir ástand sem þetta,“ segir Björgvin.

Björgvin segir það þjóðarskömm hvernig staðið er að mál-efnum aldraðra. „Meira en eitt þúsund eldri borgarar eru neyddir til að eyða síðustu árunum eins og þurfalingar við óásætlanlegar



HERBERGI Á SÓLVANGI Víða búa aldraðir við þröngan kost.

aðstæður og hafa ekki heilsu til að kvarta og fólkið er því geymt eins og dýr í búri og fær að enda ævina í þröngu sambyli við bláókunnugt fólk,“ segir hann. -jse

Vilja hafa opið prófkjör

Framsóknarmenn í Reykjavík ákveða í kvöld um prófkjör í lok janúar. Alfreð með tilboð um stjórnarformennsku í Landsvirkjun dragi hann sig í hlé.

STJÓRNMÁL Stjórnir flokksfélaga Framsóknarflokksins í Reykjavík leggja til að haldið verði opið prófkjör flokksins í Reykjavík laugardaginn 28. janúar næstkomandi.

Tillaga þessa efnis var samþykkt á fundi stjórnanna í fyrra kvöld. Hún verður borin upp á sameiginlegum fundi kjördæmaráða Framsóknarflokksins í Reykjavík í kvöld, en þau hafa endanlegt úrskurðarvald um tilhögun uppstillingar á framboðslistann.

Tillagan gerir ráð fyrir að prófkjör fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor verði opið öllum Reykjavíkum, þó með því skilyrði að kjósendur undirriti stuðningsyfirlýsingu við stefnu Framsóknarflokksins áður en þeir greiða atkvæði.

Framboðsfrestur rennur út í lok desember.

Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, kveðst hafa stutt opið prófkjör. „Bjóði ég mig fram er það vegna þess að ég tel mig hafa mikinn styrk í opnu prófkjöri,“ segir Alfreð. Þótt hann hafi áður lýst áhuga á efsta sæti listans kveðst hann hafa verið tvístígandi.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hefur

Alfreð verið boðin staða stjórnarformanns Landsvirkjunar á næsta ári kjósi hann að draga sig í hlé frá borgarmálunum. Hann hafi hins vegar tekið því fálega.

Núverandi stjórnarformaður Landsvirkjunar er Jóhannes Geir Sigurgeirsson, en hann hefur setið í stjórninni frá árinu 1997.

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, kveðst ekki hafa gert upp við sig hvort hann bjóði sig fram og segist bíða þess hvernig tillögunni um opið prófkjör reiði af. „Ég fagna tillögu um opið prófkjör,“ segir Björn Ingi, sem orðaður hefur verið við framboð í efsta sæti listans. „Ég bíð eftir ákvörðun kjördæmisráðanna.“

Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, sækist eftir efsta sæti listans en hefur efasemdir um galopið prófkjör. „Venjulegt prófkjör meðal félaga í Framsóknarflokki í Reykjavík hugnast mér betur og einhverjar reglur þá látnar gilda um nýskráningu í flokkinn,“ segir Anna.

Fylgi Framsóknarflokksins í Reykjavík hefur undanfarið mælst undir fimm prósentum en það hrekkur ekki fyrir einu sæti í borgarstjórn.



ANNA KRISTINSDÓTTIR Anna segist harð-ákveðin í að bjóða sig fram í efsta sæti listans í Reykjavík.



ALFREÐ ÞORSTEINSSON BORGAR-FULLTRÚI Alfreð hefur verið boðin staða stjórnarformanns Landsvirkjunar ákveði hann að draga sig í hlé frá borgarmálunum.



BJÖRN INGI HRAFNSSON Björn Ingi bíður átektu eftir ákvörðun kjördæmaráðanna í kvöld. Kunnugir telja fullvist að hann bjóði sig fram í efsta sæti listans í opnu prófkjöri.




SKIPT um væntingar



EKKI FESTAST Í FRAMTÍÐINNI!

Sjálfskiptur, álfelgur, spoiler, nagladekk og 3 drifstillingar.

X-Trail Sport
Verð 2.690.000.-



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opil: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

ÓPIÐ TIL KL. 21 ALLA FIMMTUDAGA

50 ár



á Íslandi



50 ára afmælistýning LEGO í Vetrargarðinum 3. - 13. nóvember

3.-7. nóvember

Krakkadagar

í Smáralind

Frí andlitsmálun á Krakkadögum

Börnin verða í aðalhlutverki alla helgina. Stórglæsileg 50 ára afmælistýning LEGO í Vetrargarðinum og spennandi dagskrá fyrir alla krakka á hverjum degi. Komdu á Krakkadaga, njóttu skemmtilegra stunda með börnunum og gerðu frábær kaup.

Dagskráin í dag – opið til 21 í kvöld!

Legóstýning í Vetrargarðinum

Krakkatískusýning kl. 18.00

Írafar spilar kl. 18.15

Heitar lummur spila kl. 19.30

LIVE músík í útstillingargluggum Bianco milli 18 og 20



Veitingastaðir í Smáralind bjóða gestum upp á smakk!

Meiriháttar krakkatilboð · Frábær stemning · Spennandi dagskrá alla helgina





HÁTÍÐ Í BÍGERÐ Borgarstjarnsmenn unnu hörðum höndum við að skreyta Rauða torgið í Moskvu í gær en á morgun halda Rússar svonefndan þjóðareiningardag hátíðlegan í tilefni þess að 393 ár eru liðin síðan afskiptum Pólverja af málefnum þeirra lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirlitsmönnum IAEA verður hleypt á tilraunastöðvar Íranshers:

Íranar sýna aukna samvinnu

VÍN, AP Íranar hafa veitt eftirlitsmönnum Alþjóðakjarnorkumála-stofnunarinnar IAEA heimild til að rannsaka leyndlegar tilraunastöðvar hersins til að koma í veg fyrir að þeir verðir kærðir til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir brot á sáttmála um útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Herstöðin í Parchin hefur lengi verið talin miðstöð kjarnorkutilrauna Írana en í ársbyrjun heim-sóttu eftirlitsmenn IAEA – undir ströngu eftirliti íranskra hermanna – stöðina en fundu ekkert sem benti til tilrauna með kjarnorku. IAEA vill fá frekari aðgang að stöðinni til að geta leitað af sér allan grun.



BANDARÍKJUNUM BÖLVAD Mótmæli voru höfð í frammi fyrir framan bandaríska sendiráðið í Teheran í gær en á morgun eru 26 ár liðin síðan herskár stúdentar lögðu það undir sig og héldu gislum í 444 daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þar sem Parchin er hernaðarsvæði er ljóst að verði geislavirkn

vart á svæðinu verður erfiðara fyrir Írana að halda því fram að þeir þrói kjarnorku eingöngu í friðsamlegum tilgangi.

Eftir yfirlýsingar Mahmouds Ahmadinejad Íransforseta í síðustu viku um að Ísraelsríki skyldi þurrka út af kortinu styrktist staða þeirra sem hafa sagt að koma yrði í veg fyrir að Íranir kæmu sér upp kjarnorkuvopnum. Fastlega er búist við að stjórn IAEA muni fjalla um kjarnorkuáætlun Írana síðar í þessum mánuði og því vilja þeir eflaust sýna samvinnu nú til að forðast refsiaðgerðir öryggisráðs SP sem annars voða yfir þeim.

- shg

Síbotamaður dæmdur:

Átti sprengju og fíkniefni

DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt mann í fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot á fíkniefna-, vopna- og umferðarlögum.

Maðurinn var tekinn á Blönduósi í sumar með amfetamín og heimatilbúna sprengju í fórum sínum, en er auk þess dæmdur fyrir ýmis umferðarlagabrot.

Fram kemur í dómnum að maðurinn hefur á árunum 1994 til 2003 hlotið 16 refsíðoma fyrir margvísleg brot. Með vísan til brotasögu mannsins sagði dómurinn að ekki hafi verið unnt að skilorðsbinda dóm hans nú. - óká

HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



Borgarstjóri hlustar

Breiðholt

Gerðubergi í kvöld kl. 20

Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörð tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju

Ólafur Valdimar Ólafsson

Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is



Borgarstjórnin í Reykjavík

Næsti hverfafundur:
Kjalarnes – Þriðjudagur 8. nóvember kl. 20 í Klébergsskóla

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF.TV



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

Ósáttir fasteignasalar stofnuðu nýtt félag

Stofnað hefur verið Landssamband fasteignasala vegna óánægju með stjórn Félags fasteignasala. Þeir segja stjórnina hafa farið offari gegn félagsmönnum. Formaður Félags fasteignasala varar við réttindalausum sölumönnum.

FASTEIGNASALA Nokkrir löggiltir fasteignasalar hafa tekið sig saman og stofnað Landssamband fasteignasala þar sem þeim þykir Félag fasteignasala ekki hafa starfað í þágu félagsmanna.

„Því er ekki að leynd að það er almenn óánægja meðal fasteignasala með stjórn félagsins og það er ein af ástæðunum fyrir því að félagið hefur klofnað,“ segir Franz Jezorski einn af stofnendum samtakanna. „Ástæðan er sú að við teljum að stjórn félagsins hafi farið offari gegn félagsmönnum sínum til dæmis með því að telja fólki trú um það með auglýsingum að sölufulltrúi á fasteignasölu megi ekki sitja fundi með viðskiptavinum sínum nema löggiltur fasteignasali sé viðstaddur. Þetta er beinlínis rangt,“ segir Franz.

„Svo hafa stjórnarmenn félagsins verið að koma fram í fjölmiðlum og gert lítið úr fasteignasölum og stéttin hefur hlotið álitshnekki vegna þessa,“ bætir hann við.

Hann segir að Landssambandið muni beita sér fyrir því að bæta mynd stéttarinnar og að sölufulltrúar á fasteignasölum fái frekari menntun og lögvæðing störfshætti. Landsambandið ætli einnig að beita sér fyrir því að settir verði gæðastaðlar sem menn verði að fara eftir við sölu fasteigna.

„Ég fagna því að menn stofni samtök til að bæta fasteignasölu í landinu,“ segir Björn Þorri



BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON



FRANZ JEZORSKI Franz er einn af stofnendum Landssambands fasteignasala sem stofnað er til höfuðs Félagi fasteignasala.

Viktorsson formaður Félags fasteignasala. „En ef þetta á að vera til þess, eins og mér sýnist á auglýsingum samtakanna, að berjast eigi fyrir því að réttindalausir aðilar geti gengið í störf fasteignasala þá list mér ekki á. Ég veit að Franz er fylgjandi því að sölufulltrúar geti gengið frá kauptilboði en þar erum við algjörlega ósammála enda hefur fjöldi fólks lent í vanda vegna þessa. Það er til menntað fólk til að gegna þessum störfum og réttast er gagnvart neyt-

andanum að þeir geri það. Ekki myndi ég láta einhvern gera við tennurnar mínar sem ekki hefði lært tannlækningar. Af hverju ætti ég þá að treysta einhverjum fyrir aleigu minni sem ekki hefur menntun til,“ segir Björn Þorri að lokum.

Haukur Geir Garðarsson, varaformaður félagsins, segir að Franz hafi boðið sig fram í stjórn félagsins en ekki hlotið stuðning og eflaust megi rekja stofnun samtakanna til þeirrar útreiðar.

jse@frettabladid.is

Lögmaður 2B er ósammála túlkun á yfirlýsingu Vinnuálastofnunar:

Ólæsi eða gullfiskaminni

VERKALÝBSMÁL Lögmaður 2B starfsmannaleigunnar gagnrýnir harðlega lagatúlkun verkalýðsfélaga og Vinnuálastofnunar.

Verkalýðsfélögin telja mörg hver að Vinnuálastofnun hafi staðfest að 2B hafi ekki farið að lögum. Á vef Samiðnar er vísað er til yfirlýsingar Gissurs Péturssonar, forstjóra Vinnuálastofnunar um túlkun og framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Í yfirlýsingu forstjóra Vinnuálastofnunar segir að upplýst skuli að Vinnuálastofnun túlki og framkvæmi lög um atvinnuréttindi útlendinga á þann veg að fyrirtæki með staðfestu á Íslandi, sem óski eftir erlendu vinnuafli frá hinum nýju ríki Eyrópusambandsins eða ríki um utan EES verði að sækja hér



AKRANES Á heimasíðu Verkalýðsfélags Akraness er lagt út af yfirlýsingu forstjóra Vinnuálastofnunar og talið staðfest að 2B fari ekki að lögum.

um atvinnuleyfi og dvalarleyfi. „Breytir þá engu hvort fyrirtækið er starfsmannaleiga eða stundar annars konar starfsemi,“ segir í yfirlýsingunni.

„Annað hvort eru menn ólæsir eða hafa algjört gullfiskaminni,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður 2B ehf.

Í sýknudómi Héraðsdóms Austurlands yfir GT-verktökum segir Sveinn Andri að sérstaklega hafi verið bent á fyrirvara í bráða-byrgðákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem gildistöku sex mánaða reglunnar svokölluðu er frestað til maí 2006.

„Þess vegna kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að þriggja mánaða reglan sé óbreytt og enginn fyrirvari um hana.“ - óká



Smáralind
kynnir nýja verslun
sem opnar í dag

c o a s t

Líttu endilega inn! Mikil stemning og opið til kl. 21 í Smáralind.





Villikryddað lambalæri
998
kr/kg

Ódýrt

Kjöt af nýslátruðu!



Kalkúnninn
40

Kalkúnninn
40



Hangiframpartur
1.099
kr/kg



GOÐI

Fituminna Hangiálegg
30%
afsláttur



Ódýrt

Ben & Jerry's
499
allar tegundir

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 3.-6. nóv. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi

Verðlækkun

kúnapottréttur
0%
afsláttur

alkúnastrimlar
0%
afsláttur



4 Gourmet hamb. m/ brauði
399
kr



Stone Oven Pizzur
295
kr



Léttreyktur Grísahnakki
999
kr/kg



Lambakarbonaði
598
kr/kg



Egils Pepsi 1L
2 fyrir 1



Dove sjampó og hármæring
399
kr



RAFHÖNDIN Þessi raffhönd er til sýnis á tækniráðstefnu í Pontedera á Ítalíu sem nú stendur yfir. Tilraunir með höndina benda til að hægt verði að græða slíka limi á fólk sem hefur slasast og eiga þeir þá að láta að stjórn eftir skipunum mannhugans.

MYND/AP

Fyrirum pitsusendill í Los Angeles á yfir höfði sér langan dóm:

Talinn hafa myrt og nauðgað tíu konum

BANDARÍKIN, AP Chester Turner, fyrirum pitsusendill í Los Angeles, hefur verið ákærður fyrir að hafa myrt og nauðgað tíu konum á árunum 1987 til 1998. Verði Turner fundinn sekur kemst hann á blað sem einn mesti fjöldamorðingi í sögu Los Angeles.

Sem stendur afplánar Turner, sem er 38 ára gamall, átta ára fangelsisdóm fyrir nauðgun. Það mál er hins vegar óskýlt þeim sem hann er nú ákærður fyrir. Þegar Turner var sóttur til saka vegna nauðgunarinnar sem hann nú situr í fangelsi fyrir samþykkti hann að tekið væri úr sér lífsýni (DNA). Lögreglan uppgötvaði fljótlega

að lífsýnin þóssuðu við lífsýni úr tveimur óupplýstum morð- og nauðgunarmálum. Bar hún þau því saman við enn fleiri óupplýst mál og varð niðurstaðan sú að Turner er talinn hafa myrt og nauðgað tíu konum á ellefu ára tímabili. Tvær af þeim konum sem hann er talinn hafa myrt og nauðgað voru ófrískar. Allar konurnar voru kyrktar.

Líkurnar á að lífsýnin sem fundust á konunum tíu séu úr einhverjum öðrum en Turner eru nánast stjarnfræðilegar.

Réttarhöldin yfir Turner hefjast í lok mánaðarins. Saksóknari hefur ekki ákveðið hvort hann krefjist dauðarefsingar.

-th



LEIDDUR INN Í DÓMSAL Tvær af þeim konum sem Turner er ákærður fyrir hafa myrt voru barnshafandi. MYND / AP



Sumarsól

Sumarhúsaeigendur og aðrir farþegar til Spánar!

Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá

16.900 kr.

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Flugáætlun

7., 19. og 29. apríl,
17. maí

og síðan alla miðvikudaga í sumar.

Takmarkað sætaframboð á þessu verði!

Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús

FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



MANNRÆNINGJAR Í HÉRAÐSDÓMI Tveir piltanna fimm sem sakaðir eru um að hafa rænt starfsmanni Bónuss á Seltjarnarnesi og pilt til að taka út peninga í hraðbanka bíða fyrir utan dómshal í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Mannræningjarnir neita sakargiftum

Forsprakki fimm menninga sem rændu sautján ára pilti neitar að þeir hafi neytt hann til að taka út peninga í hraðbanka. Hann játar hins vegar að hafa hleypt af skotvopni nærri piltinum. Hinir neita sök að hluta eða öllu leyti.

DÓMSMÁL Fimm piltar sem sakaðir eru um mannrán í haust sögðu allir ákæru á hendur þeim ranga. Forsprakinn játaði þó sök að hluta. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Fimm menningarnir eru allir ungir að árum, líkt og fórnarlamb þeirra sem er bara sautján ára. Forsprakinn, sem situr í síbrotagæslu á Litla-Hrauni, er einungis sextán ára, sem og tveir félagar hans. Einn verður átján ára síðar í mánuðinum og sá fimmti og elsti er 26 ára.

Samkvæmt ákærinni á hendur piltinum óku þeir að vinnustað fórnarlambs síns, verslun Bónuss við Austurströnd á Seltjarnarnesi, föstudaginn 2. september. Þar fóru

þrjár inn og þvingaði forsprakinn, en honum hafði sama dag verið sleppt úr gæsluvarðhaldi vegna annarra brota, piltinn út með því að beina að honum rábsbyssu. Þegar út var komið var piltinum komið fyrir í skotti þilsins og ekið út að Reykjavíkurflugvelli við Skerjafjörð. Þar eru fimm menningarnir sagðir hafa veist að piltinum, slegið hann og kastað í jörðina og forsprakinn heimtað peninga og skotið af rábsbyssunni í jörðina skammt frá fórnarlambinu.

Piltinum var svo troðið í skottið aftur og ekið í Landsbankann við Hagatorg þar hann var neyddur til að taka út 33.400 krónur. „Ég neyddi hann ekki neitt, hann bara skuldaði mér pening,“ sagði for-

sprakki hópsins þegar sakarefnin voru lesin upp fyrir hann í dómi í gær. Þá gerði hann athugasemdir við aðra atburðarás, sagðist hvorki hafa beint að drengnum byssu inni í Bónusversluninni né hóttað honum. Hann játti því hins vegar að hafa hleypt af byssunni í Skerjafirði. Næstelsti pilturinn neitaði því að hafa lagt hendur á drenginn úr Bónus en gerði ekki aðrar athugasemdir við ákæruatriði. Hinir þrjár neita allir sakargiftum.

Í næstu viku verður sameinuð málinu sem rekið er á hendur piltunum önnur ákæra á hendur forsprakkanum og þeim næstelsta fyrir önnur brot, en aðalmeðferð málsins fer fram fyrir dómi undir lok mánaðarins.

- óká

Eigandi Bónuss, Hagkaups og 10-11 tapaði 708 milljónum á sex mánuðum:

Eðlilegt að verðlag hækki

Mikið tap varð á rekstri Haga á fyrri helmingi rekstrarárs félagsins og nemur það 708 milljónum króna. Hagar eiga meðal annars Bónus, Hagkaup og 10-11.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, rekur skýringar tapsins til harðrar samkeppni á matvörumarkaði en eins og margir muna ríkti um skeið óvægið verðstríð milli lágvöruslana þar sem mjólkinn var gefin og fleira í þeim dúr. Spurður hvort tapinu verði velt á herðar neytenda segir Finnur það ekki gert enda tapið liðið og sé í raun tilkomið vegna aðgerða sem voru neytendum til hagsbóta. „Matvöruverð lækkaði um tíu prósent frá mars til september á sama tíma og kostnaðarliðir hækkuðu. Það er því eðlilegt að verðlag hækki að einhverju leyti



eftir þessa dýfu.“

Mat Finns er að matvöruverslunin í landinu hafi verið rekin með tapi undanfarna mánuði og telur hann einsýnt að svo verði ekki áfram. Á hinn bóginn telur Finnur að nú sem fyrr renni allt of hátt hlutfall matarverðsins í sjóði ríkisins. „Álögur á matvöru eru í mörgum þrepum, þær eru í almennum tollum, magntollum, vörugjöldum og virðisaukaskatti. Þetta gerir það að verkum að í mörgum tilfellum er yfir helmingur vöruverðsins opinber gjöld.“

FINNUR ÁRNASON, FORSTJÓRI HAGA Telur óhjákvæmilegt að verð á matvöru hækki eftir lækun síðustu mánaða.



Framundan eru
nýir tímar í Reykjavík.
Taktu þátt!

Baráttugleði

Þúsund manna baráttugleði Gísla Marteins í Háskólabíói staðfestir að borgarbúar styðja breytingar og framfarir. Þeir fylkja sér um nýja og kraftmikla kynslóð í borgarstjórn.



1sæti

VELJUM LEIÐTOGA TIL FRAMTÍÐAR
GÍSLA MARTEIN Í 1. SÆTIÐ

www.gislimarteinn.is



„ORÐRÉTT“

Ótrúleg tilviljun

„Ég var að tala við Auði vinkonu mína í gamsann og var einmitt að segja henni hvað ég óttaðist það að einhver bíll myndi fjúka á mig og þá fæ ég tengivagninn ofan á bílinn.“

JÖRUNN HÓLM Í FRÉTTABLAÐINU UM UMFERÐARÓHAPP SEM HÚN VARD FYRIR.

Froskur í salatinu

„Það hafa kannski komið aðskotahlutir með salatinu en aldrei svona dýr.“

GUNNAR INGI SIGURÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HAGKAUFA, Í DV.

nær og fjær
tilveran

ÁSTKÆRA YLHÝRA

Staðsetningarvaðall

Til forna voru ritaðar á Íslandi merkar sögur. Málfar var þá knappt og meitlað, kannski vegna skorts á skinni til að skrifa á. Stundum urðu mannlýsingar úr fjarlægð reyndar sérkennilega ítarlegar og nákvæmar en vaðall var nánast óþekktur. Nú eru aðrir tímar og óþörf orð þvælast fyrir við hvert fótmál. Að eitthvað sé staðsett hér eða þar er dæmi um slíka merkingarleysu og óþarfa. Setningar á borð við „Húsið er staðsett í Kópavogi“ eða jafnvel „Ég er staðsettur hinum megin við götuna“ finnst sumum góðar og gildar en þær eru betri án orðsins staðsett. Það er endalaust hægt að þvæla málið en fæst orð hafa minnsta ábyrgð á vaðli og innihaldsrýrð.

magnus@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Ljubljana

24. nóvember
kr. 49.990



Hin leynda perla

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Ljubljana 24. nóvember. Nú getur þú kynnst höfuðborg Slóveníu sem er ótvírætt ein af leyndu perlum Evrópu sem allt of fáir þekkja. Mikið menningar- og listalíf er í borginni og frábært að versla. Bæði er þar risastór verslunarmiðstöð, ótal sérverslanir og skemmtilegur miðbæjarmarkaður og verðlagið er auðvitað mjög hagstætt.

Verð kr.
49.990*

Netverð á mann. Flug, skattar, gisting með morgunverði í 3 nætur á Hotel Royal Media **** og íslensk fararstjórn, 24. nóvember.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? MARÍA SIGURLAUG ARNÓRSDÓTTIR, STARFSMAÐUR JÁ Á ÍSAFIRÐI

Sögðust ekki ætla að loka stöðinni

„Það er ekkert sérstaklega gott að fréttu,“ segir María Sigurlaug Arnórsdóttir, sem er einn hinna fimm starfsmanna Já, símaskrárþjónustu Símans á Ísafirði, sem sagt hefur verið upp. „Reyndar er staða mín betri en allra hinna fjögurra, sem eru á aldrinum sextíu til sextíu og sjö, því ég á enn eitt ár í fertugt og á því meiri möguleika en hinar á að fá nýja vinnu,“ segir María. „Auk þess eru tvær þeirra fyrirvinnur á heimilum sínum, og aðstæður þeirra því mjög erfiðar,“ segir hún.

María er stödd í Reykjavík þessa dagana því konurnar fimm sem sagt var upp eru í viðræðum við Símann um starfslokasamninga. „Við erum ekki ánægðar með það sem okkur hefur þegar verið boðið, en viðræðum er ekki lokið svo ég vil ekki segja of mikið um það að svo stöðdu,“ segir hún.



María Sigurlaug Arnórsdóttir, starfsmaður hjá Já á Ísafirði, sem sagt var upp.

Hún segir að óánægja kvennanna sé einna mest yfir því að fyrir aðeins mánuði funduðu

þær með fulltrúa Símans um starfsstöðina á Ísafirði þar sem þeim var heitið því að ekki myndi koma til þess að starfsfólki yrði sagt upp.

„Ein okkar spurði beint út hvort við þyrftum að óttast um störf okkar, hvort við þyrftum að hafa áhyggjur af því að störf okkar verði lögð niður. Svárið sem við fengum var afdráttarlaust nei. Okkur var sagt að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur, stöðin á Ísafirði yrði aldrei lögð niður. Það væri svo mikill kostur fyrir fyrirtækið að hafa starfsstöðvar í hverjum landsfjórðungi,“ segir hún.

Þegar konurnar fimm mættu í aðalstöðvar Símans í fyrradag neitaði ein þeirra að fundu með þeim sama yfirmanni og lofað hafði þeim mánuði áður að þeim yrði ekki sagt upp. „Hún sagðist ekki sitja til borðs með svona fólki,“ segir María.

Fleytitíð sparar tíma og peninga

Hugmyndir um sporvagnakerfi, hjólagrindur við skóla og svokallaða fleytitíð urðu hlutskarpastar í hugmynda-samkeppni sem efnt var til í nýlegri samgönguviku í Reykjavík.

Orðið „fleytitíð“ er eitt af nýyrðunum í málinu og ekki víst að öllum sé ljós merking þess. Með orðinu er átt við að vinnutími verði sveigjanlegur með það fyrir augum að draga úr álagstoppum í umferðinni. Fleytitíðarhugmynd Gísla Jafetssonar sigraði í samkeppni Reykjavíkurborgar og Rásar 2 um hugmyndir um bætta samgöngur.

„Ég þekki vel hve umferðin er misþung á morgnana og reyni sjálfur að vera á undan traffíkinni sem er upp úr átta,“ segir Gísli sem vinnur hjá Spron þar sem fleytitíð er einmitt í hávegum höfð. „Fólk getur mætt á bilinu átta til tíu og farið á bilinu fjögur til sex.“ Fólk ræður sum sé sjálft hvenær nákvæmlega það innir sín störf af hendi. Með fleytitíð vill Gísli höggva á nokkra stóra hnúta. „Ég vil dreifa álaginu í umferðinni með því að dreifa mætingartíma fólks í vinnu. Gatnaframkvæmdir kosta mikið og það er deilt um hvað gera beri í þeim efnunum,



VERÐLAUNAHAFARNIR OG BORGARSTJÓRI Hreiðar Sigtryggsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Gísli Jafetsson og Helgi Guðnason.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

samanber umræðurnar um mislæg gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar. Það er vel hægt að dreifa álagi um götur alveg eins og gert er með annað álag.“

Tillaga Gísla er í raun hvatning til borgaryfirvalda um að ganga fram fyrir skjöldu og taka upp fleytitíð innan stofn-

ana sinna. „Það þarf einhver að byrja og koma þessu af stað,“ segir hann. Ekki er ólíklegt að borgin taki af skarið, allavega sáu fulltrúar hennar í dómnefnd hugmyndasamkeppninnar ljósið.

Í öðru sæti varð hugmynd Hreiðars Sigtryggssonar sem vill að hjólréiðagrindum verði komið upp við skóla til að hvetja

nemendur og kennara til að fara ferða sinna á reiðhjólum. Hreiðar nefndi Langholtsskóla sérstaklega í þessu samhengi þar sem hann sjálfur er skólustjóri.

Í þriðja sæti varð svo hugmynd Helga Guðnasonar um sporvagnakerfi um Reykjavík og nágrenni.

bjorn@frettabladid.is

Herstöðvaandstæðingar eignast húsnæði og halda landsráðstefnu um helgina:

Óttast að íslenskur her verði orðinn til innan 10 til 15 ára

„Fyrir tíu árum vöruðu Samtök herstöðvaandstæðinga (SHA) við þeim tilburðum sem þá voru uppi um stofnun íslensks hers. Þá þótti mörgum við vera vænissjúk,“ segir Stefán Pálsson formaður SHA sem í ljósi vopnaburðar Íslendinga í útlöndum, undir merkjum friðargæslu, óttast að íslenskur her verði orðinn til innan tíu til fimmtán ára. „Miðað við hve fráleit umræðan þótti fyrir tíu árum og svo stöðuna í dag óttast ég að eftir önnur tíu til fimmtán ár hafi menn stigið skrefið til fulls og stofnað eitthvað sem þeir munu gangast við að sé íslenskur her.“ Um leið segir Stefán að baráttan gegn slíkum tilburðum verði næsta stóra viðfangsefni SHA.

Landsráðstefna samtakanna fer fram á laugardag og þar verður meðal annars spurt hvort íslensk stjórnvöld séu að stofna her á laun. Gestir verða framleiðendur Íslensku sveitarinnar, myndarinnar um íslensku friðargæsluáhrifum í Afganistan.

Landsfundurinn er haldinn í nýjum húsakynnum SHA, Friðarhúsinu, en samtökin keyptu nýverið 125 fermetra verslunarhúsnæði á horni Snorrabrautar og Njálsgötu. Þar var áður þrjúabúðin Erla til húsa og því líklegt að ró og friður hafi ríkt í húsinu í gegnum árin.



FRÍÐARHÚSIÐ Hér hafa herstöðvaandstæðingar komið sér fyrir og stefna að lífligu félagsstarfi í framtíðinni.

„Þetta er gott hús og þar mun eflaust fara vel um okkur,“ segir Stefán formaður. Húsið kostaði tæpar tíu milljónir króna og gefst félagsmönnum og öðrum kostur á að gerast hluthafar í sérstöku félagi sem stofnað var utan um húskaup-

in. „Hluturinn kostar tíu þúsund krónur og um eitt hundrað manns hafa keypt hluti,“ segir Stefán. Misjafnt er hve marga hluti hver og einn hefur keypt en í lögum félagsins er kveðið á um að enginn geti átt meira en tíu prósent.

-þþs



Næsta vor

þurfa sjálfstæðismenn í Reykjavík þrennt

1 Framboð sem laðar til sín fylgi frá öðrum flokkum

Við þurfum framboðslista sem höfðar eins og frekast er unnt til allra kjósenda í Reykjavík og er líklegur til að laða til sín „jaðarfylgi“ annarra flokka. Einungis þannig tryggjum við Sjálfstæðisflokknum langþráðan sigur og veitum stefnu og sýn sjálfstæðismanna brautargengi. Endurtekna skoðanakannanir gefa skýra vísbendingu um að Vilhjálmur Þ. sé leiðtoginn sem flestir kjósendur geta hugsað sér við stjórnvöl borgarinnar. Þær vísbendingar skipta miklu máli þegar á hólminn verður komið næsta vor.

2 Reynslu sem gerir okkur kleift að hefjast tafarlaust handa

Við þurfum borgarstjórnarflokk sem grundvallar starf sitt á viðamikilli reynslu. Við þurfum öflugan leiðtoga sem þekkir söguna að baki, skilur stöðuna í dag og hefur metnaðarfulla framtíðarsýn varðandi þróun borgarinnar. Vilhjálmur Þ. er sá maður. Prófkjörið framundan þarf í senn að tryggja honum afgerandi kosningu og skapa sterkan framboðslista þar sem saman fer yfirsýn þeirra reynslumeiri og kraftur hinna sem nú mæta til leiks með nýjar og ferskar áherslur í farteskinu. Með þannig lista geta sjálfstæðismenn hafist handa við örugga stjórn borgarinnar frá fyrsta degi eftir sigur í kosningunum næsta vor.

3 Skýrar áherslur samhents borgarstjórnarflokks

Við þurfum að byggja framboð okkar næsta vor á skýrum áherslum sem í senn taka mið af stefnumótunarvinnu liðinna ára og næstu mánaða. Vilhjálmur Þ. hefur kynnt þau aðalatriði sem hann hyggst beita sér fyrir í málefnaundirbúningi framboðs okkar næsta vor. Verði hann valinn til forystu mun hann leggja dýrmætt lóð á vogarskálar vandaðs framboðs sem getur strax tekið við stjórnartaumunum og komið brýnum forgangsverkefnum tafarlaust í framkvæmd í samstarfi við þúsundir starfsmanna borgarinnar. Áherslur Vilhjálms hafa birst í greinum hans og auglýsingum um framboðið. Þær er einnig að finna á vefsetri framboðsins, www.vilhjalmurth.is

*Veljum Vilhjálm Þ. til forystu
og tryggjum öruggan sigur
sjálfstæðismanna næsta vor!*

Kosningaskrifstofa Suðurlandsbraut 14
Sími 520 3700, opið: Frá mánudegi til föstudags kl. 14–20
og laugardag kl. 13–18

Verið velkomin

www.vilhjalmurth.is

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
– reynsla til forystu!

Stuðningsmenn

sætið



Mercedes-Benz



VOLVO

Mercedes Benz ML 350 • Mercedes Benz ML 500 • Mercedes Benz C 200 Kompressor • Mercedes Benz C 240 • Mercedes Benz C 320 • Mercedes Benz E 200 Kompressor • Mercedes Benz E 320 T 4

www.masterbill.is



Nýir bílar á betra verði
- til afhendingar strax




Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200
www.masterbill.is

MATIC • Mercedes E 500 T 4 MATIC • Mercedes CLS 500 • Range Rover SPORT HSE • Range Rover SPORT SUPERCHARGED • Range Rover SUPERCHARGED • Volvo XC 90 2.5 TURBO • Volvo XC 90 V8

Svona erum við

> FJÖLDI ÍSLENDINGA SEM FLUTT HAFA BÜFERLUM INNAN SVEITARFÉLAGS



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVARÐ

MÁLEFNI GEÐFATLAÐRA

Geðfatlaðir í íbúðir

Um síðustu helgi var stofnaður aðstandendahópur Geðhjálpar og við það tækifæri boðaði félagsmálaráðherra til átaks í húsnæðismálum geðfatlaðra. Halldór Kristján Júlíusson er sviðsstjóri greiningar- og þróunarsviðs Skrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík sem rekur sambýli fyrir geðfatlaða.



HALLDÓR KRISTJINN JÚLÍUSSON
Sviðsstjóri Skrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík

Eru margir geðfatlaðir á biðlista eftir plássi á sambýlum? Já, því miður hefur það verið svo um all nokkurt skeið og af því má geta að margir aðstandendur geðfatlaðra séu í vanda vegna þessa.

Hvað er framundan í málefnum geðfatlaðra? Það er stefna okkar að geðfatlaðir búi í þjónustuíbúðum, það er að segja búi einir en ekki á sambýlum eins og nú er algengast. Þetta er sú stefna sem tekin hefur verið í nágrennalöndum okkar og reynt afar vel. Við erum reyndar byrjuð á þessu því nú þegar eru komnar sex slíkar íbúðir en því miður hefur ekki fengist nægilegt fé í þennan málaflokk til að tryggja fólki hér þann aðbúnað sem þekktist á hinum Norðurlöndunum en við höfum metnað og stefnum á það að verða engir eftirbátar nágrenna okkar á næstu árum.

Ísland orðið að borgríki

Í nýrri bók Ágústs Einarssonar, *Rekstrarhagfræði*, segir hann Ísland vera orðið borgríki. 63 prósent þjóðarinnar búa á höfuðborgarsvæðinu. Einungis fimm önnur lönd hafa stærra hlutfall landsmanna á höfuðborgarsvæðinu.

Í upphafi 20. aldar bjuggu 87 prósent Íslendinga í dreifbýli en 13 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2003 hafði þróunin snúist við, þegar 63 prósent bjuggu í þéttbýli, en 37 prósent utan þess. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri bók Ágústs Einarssonar, prófessors í viðskipta- og hagfræðideild við Háskóla Íslands.



ÁGÚST EINARSSON

Ágúst segist flétta saman margs konar svipmyndir í bókinni, með því að tengja fræðin við lífið, og meðal þess sem hann veur athygli á í einni svipmyndinni er byggðasambjöppun í landinu. „Eg skoðaði rúm 160 lönd, sem eru nær öll lönd í heiminum, og það

FIMM HELSTU BORGRÍKI HEIMS

Singapúr
Barein
Kúvæt
Bahamayrjar
Katar
Meira en 63 prósent landsmanna búa á höfuðborgarsvæði þessara landa.

voru einungis fimm lönd þar sem stærra hlutfall landsmanna býr á höfuðborgarsvæði.“ Ágúst segir þessi lönd fimm vera Singapúr, Barein, Kúvæt, Bahamaeyjar og Katar.

„Ef við tökum höfuðborgarsvæðið aðeins víðar og förum upp á Akranes og tökum Suðurnesin og Árborg, er hlutfallið komið í 72 prósent. Þetta svæði er eitt atvinnusvæði og því orðið höfuðborgarsvæðið.“ Hann segir þá samþjöppun íbúa hvergi meiri í heiminum. „Það eru alls staðar fimm til tuttugu prósent sem búa á höfuðborgarsvæði. Aðrir íbúar eru dreifðir um landið. Á Íslandi er þetta öðruvísi. Ísland er orðið borgríki, án þess að eiginlega sé tekið eftir því.“

Landsbyggðin horfin

Í bókinni segir að landsbyggðin sé einfaldlega horfin, sé miðað við önnur lönd. „Þetta er merkilegur samanburður í allri umræðu hér á landi og fyrir öll viðmið fyrir rekstrarhagfræði. Sú byggðaumræða sem hefur verið mjög sterk undanfarin ár og áratugi er að mörgu leyti byggð á misskilningi. Ef við berum okkur saman við önnur lönd er niðurstaðan að við búum í borgríki en ekki í hefðbundnu samfélagi eins og algengast er erlendis.“

Afleiðingar, segir Ágúst, eru að við búum við öðruvísi hagkerfi. „Sé verslun til dæmis skoðuð eru dreifingarleiðir að mörgu leyti styttri en annars staðar, það lækkar dreifingarkostnað, en hins vegar er landið stórt.“

Pólítískar afleiðingar segir hann þær að fólk verði að gera sér grein fyrir að þróunin hefur verið hér öðruvísi en í nágrennalöndunum. Spurður hvort þetta sé þróun sem hægt sé að snúa við, segir hann það nær útilokað. „Þróunin er frekar í hina áttina, að það fækki enn meira á landsbyggðinni og verði enn meira þéttbýli hér suðvestanlands. Við verðum að horfast í augu við að þetta er orðin mjög sérstök þróun, eins og í örfáum löndum heims og við verðum að draga lærdóm af því.“

Þrjár til tíu milljónir Íslendinga

Vegna þess hve landið er stórt segir Ágúst að eitt af sérkennum Íslands sé hve lítill hlutilandsins sé nýttur til búsetu og segir hann þrjár til tíu

NÝ BÓK ÁGÚSTAR EINARSSONAR

sér mjög fyrir því að þingið fengi í hendur öflugra eftirlitsvald yfir starfsemi hinna ýmsu alríkisstofnana. Nú gefa forsvarsmenn CIA þingnefndum reglulega skýrslu um starfsemina en stofnunin heyrir eftir sem áður beint undir forsetann. Í skýrslu sem fulltrúadeild Bandaríkjaþings lét vinna um starfsemi CIA árið 1996 er komist að þeirri niðurstöðu að útsendarar stofnunarinnar fremji alvarleg brot á lögum út um allan heim „um 100.000 sinnum á ári“.



Gagnrýni

Í „stríðinu gegn hryðjuverkum“ sem George W. Bush forseti lýsti yfir í kjölfar flugránsársanna 11. september 2001 hefur CIA gegnt lykhillutverki, en stofnunin var líka gagnrýnd mjög fyrir að hafa brugðist hlutverki sínu með því að geta ekki hindrað árásum. George Tenet sagði af sér sem yfirmaður CIA sumarið 2004. Stöðunni gegnir nú Porter Goss, pólitískur samherji Bush forseta. Ásakanir um að ráðamenn í Hvíta húsinu hafi visvitandi misfarið með leyniþjónustuupplýsingar í aðdraganda íraksstríðsins hafa beint augum að því hvernig samskiptum CIA og valdhafa í Washington er háttað. Og upplýsingar sem nú hafa komið fram um að CIA sendi menn sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum kerfisbundið til yfirheyrslna í löndum þar sem pyntingar viðgangast hafa einnig varpað nýju neikvæðu ljósi á stofnunina.



BORGRÍKIÐ ÍSLAND Svona liti Ísland út ef rúm sextíu prósent flatarmáls landsins væri höfuðborgarsvæðið, en nú búa um 63 prósent landsmanna á því svæði.

flugfélagið; þegar Íslendingar lögðu undir sig dýrustu saltiskmarkaði Spánar í upphafi tuttugustu aldar og gengi Coldwater í Bandaríkjunum.

Auk þess fjallar Ágúst um uppgang Bakkavarar og KB banka og segir lykिलinn að þeim uppgangi vera að velmenntaðir einstaklingar eru við stjórnvölinn. „Þeir skynja heiminn, eða næstu lönd, sem sitt markaðssvæði og taka áhættu þegar hún á við. Íslendingar eru nú að njóta okkar eiginleika, sem er að vera sveigjanleg þegar við á og erum fljót að laga okkur að breyttum aðstæðum. Þær þjóðir sem búa yfir þessum eiginleikum eru nú að sækja mjög fram.“

Þessir eiginleikar okkar Íslendinga komu fram í byrjun 20. aldar þegar við breyttum okkar hagkerfi á mjög skömmum tíma. Þessir eiginleikar eru nú aftur að koma að verulegu gagni eins og fyrir um 50 árum. Lykillinn er góð menntun.

En menntunin ýtir einnig undir þróun borgríkisins. „Höfuðborgarsvæðið þykir ekki stórt á alþjóðlega vísu. Fólk vill búa í stærra umhverfi og við erum ekki mjög mörg. Hluti af því er vegna menntunar. Fólk er að flytjast frá landsbyggðinni til að fara í skóla, eða vegna þess að störf við hæfi þeirra sem hafa menntað sig eru ekki til staðar nema í miklu þéttbýli.“



FRÉTTAVIÐTAL
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is



Ræsting

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmenn í síðdegis- og/eða kvöldræstingar.

Laun er skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra og/eða ræstingarstjóra.

Skólameistarar

Menntaskólinn í Kópavogi





Verð áður 94.900 kr.

Gateway.

Verð nú 59.990 kr.

SONY



Sony og HP myndavélar

Verð frá 4.990 kr.



DVD diskar
10 stk.



Verð áður 1.490 kr./pk.

Verð nú 595 kr./pk.



Nobo skjávarpi

Verð áður 105.900 kr.

Verð nú 69.890 kr.

Kensington vörur 30% afsláttur,
MP3 spilarar, skannar, netbúnaður,
Office XP heimilisútgáfa, sjón-
varpskort, HP lófatölvur, þráðlaus
netkort, Sony og Acer fartölvur,
USB fjöltengi, prentarar,
kortalesarar o.fl.

TAKMARKAÐ MAGN!

TÆKNIDAGAR AÐEINS Í 3 DAGA í Borgartúni 29




Í dag, föstudag og
laugardag rýmum við
fyrir nýjum vörum
allt að 60% afsláttur.



SKRIFSTOFUVÖRUR

Verzlun Odda • Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-17

ÚTGJÖLDIN > FLUGFERÐ REYKJAVÍK- AKUREYRI, AÐRA LEIÐ



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: ÓSKAR STEFÁNSSON FORMAÐUR BIFREIÐARSTJÓRAFÉLAGSINS SLEIPNIS

Ónotuðu grænu jakkafötin

„Það er þegar ég keypti þessa íbúð sem ég bý í í dag,” segir Óskar Stefánsson, formaður Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, spurður að því hvenær hann hafi gert sín bestu kaup. Óskar hefur búið ásamt fjölskyldu sinni í Reynihvammi í Kópavogi síðan 1989 og þar þykir þeim gott að búa. „Fin og góð staðsetning, í suðurhlíðum Digranessins þar sem vorar snemma. Vonandi verðum við hér sem lengst.” Hann viðurkennir hins vegar að þar sem börnin séu óðum að fljúga úr hreiðinu fari eflaust að styttest í að þau hjónin flytji annað. Óskar er í engum vafa um hvenær hann gerði sín verstu kaup. „Það var fyrir 25 árum að ég keypti mér jakkaföt. Ég var mjög ánægður með þau kaup en þegar ég kom heim fannst mér þau svo forljót að ég fór aldrei í þau og hef aldrei gengið í þeim. Þetta voru græn föt, hræðileg á litinn.” Fötin misheppnuðu keypti Óskar á útsölu í verslun á Akureyri en þar bjó hann á um tíma. Hann er ekki alveg viss um hvað hann hafi nákvæmlega verið að hugsa þegar hann greiddi sæmilega upphæð fyrir grænu fötin. „Ég hef nú stundum farið óhefðbundnar leiðir og verið svolítið öðruvísi en aðrir í klæðaburði. Ætli ég hafi ekki ætlað mér að hneyksla einhverja en náð svo að hneyksla sjálfan mig.” Fötunum hefur Óskar hent í ruslið fyrir löngu og er ekki á honum að heyra að hann sakni þeirra mikið.



GÓÐ HÚSRÁÐ

■ Bryndís Eiríksdóttir gefur góð ráð um ullarþvott og segir að frekar eigi að víðra lopapeysur en að þvo þær oft.

„Mér dettur eitt gott húsráð í hug. Á mörgum heimilum er ekki til lopasápa og þá er hægt að nota sjampó og hárnæringu í staðinn fyrir venjulegt þvottaefni,” segir Bryndís Eiríksdóttir, starfsmaður verslunar Handþrjónasambands Íslands á Laugavegi sem selur meðal annars vinsælu lopapeysurnar og lopann í þær og allt annað sem tilheyrir þrjónaskapnum. Bryndís segir ekki skipta máli hvernig sjampó sé notað við ullarþvottinn. „Ullin er náttúrulega bara hár alveg eins og hárið á okkur. Í venjulegu þvottaefnum eru kemisk efni sem þurrka lopann svo mikið.” Bryndís segir ekki nauðsynlegt að þvo peysurnar oft. „Það þarf mikið frekar að víðra þær heldur en þvo þær.”



■ Hvað kostar... að læsa sig úti?

Dýrt að læsa sig úti að nóttu til

Það getur verið bagalegt að koma heim og fatta að lykkillinn er hinum megin við hurðina. Nokkur fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á þá þjónustu að opna hurðir og er verðið misjafnt eftir því hvenær dags er hringt. Lásaopnun Neyðaropnana kostar 3.500 krónur á daginn. Frá klukkan 18.00 til miðnætis hækkar verðið í 4.000 krónur en á nóttunni kostar 6.000 krónur að ræsa mann út. Þetta er staðgreiðsluverð með virðisauka. Hjá Lásaopnunum Neyðarþjónustunnar kostar 2.500 krónur að fá lásmið á daginn, 3.500 eftir klukkan sex og 5.000 krónur eftir miðnætti. Lásaopnun hjá Glugga- og hurðarþjónustunni kostar fimm þúsund á daginn en sex þúsund krónur eftir klukkan sjö á kvöldin og fram á morgun.



■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Merkjavara í Perlunni



Þessa dagana stendur yfir markaður í Perlunni á íþróttavörum á góðu verði. Þar má finna merkjavörur eins og Nike, Adidas, Puma, Man. United og Arsenal-vörur. Hægt er að kaupa allt frá fótboltaskóm til sundfatnaðar og veittur er allt að 50 til 80 prósent afsláttur af fullu verði. Opið er virka daga frá 14.00 til 18.00 og um helgar frá 10.30

■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Lyftur opna í Hlíðarfjalli

Skiðaunnendur á Akureyri geta tekið gleði sína því skíðalyftur í Hlíðarfjalli verða opnaðar laugardaginn 5. nóvember enda nægur snjór kominn í skíða- og snjóbreittabrekurnar. Fjarkinn verður opinn frá tíu til fimm á laugardag og sunnudag, en aðrar lyftur verða opnaðar eftir því sem aðstæður breytast til hins betra. Á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins er ekki nægur snjór til skíðaiðkunar og svípað er uppi á teningnum á skíðasvæðum í öðrum landshlutum fyrir utan Norðurland.



Rekstrarkostnaður bíla hundruð þúsunda á ári

Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins getur það kostað yfir 600.000 krónur á ári að reka lítinn fólksbíl.

Kostnaður við rekstur einkabíls er meiri en margur hyggur, en samkvæmt úttekt Fréttablaðsins er kostnaðurinn við rekstur lítils smábíls yfir 600.000 krónur á ári, stærri fólksbíls hátt í milljón og jeppa nærri krónur 1.250.000. Hlutfallslegur rekstrarkostnaður bíla hefur ekki verið að aukast mikið vegna hækkandi eldsneytis-

verðs samkvæmt þessum útreikningum þar sem aðrir liðir, sem menn gera síður ráð fyrir dagsdaglega, vega þungt. Til að mynda er gert ráð fyrir fórnarkostnaði vaxta, þ.e. hve miklar vaxtatekjur menn gætu haft af því fjármagni sem bundið er í bílnum ef féð væri ávaxtað. Þá er afskriftakostnaður nokkuð hár þar sem miðað er við nýjan bíl.

Aðrir kostnaðarliðir hafa lítið breyst síðasta árið, nema að tryggingar hafa í einhverjum tilvikum lækkað lítillega vegna aukinnar samkeppni.



LÍTILL FÓLKSBÍLL

VERÐ 1.400.000
ÞYNGD, KG. 900
EYÐSLA, LÍTRAR (BENSÍN) 8,0

NOTKUN
ELDSNEYTI 132.600
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR 94.000
HJÓLBARÐAR 28.500
KOSTNAÐUR ALLS 255.100
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 17,01

FASTUR KOSTNAÐUR
TRYGGINGAR 60.000
SKATTAR OG SKOÐUN 18.000
KOSTNAÐUR ALLS 78.000
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 5,20

ÝMIS KOSTNAÐUR
BÍLASTÆÐI 6.400
ÞRIF 16.200
KOSTNAÐUR ALLS 22.600
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 1,51

FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR
AFSKRIFTIR 179.200
VAXTAKOSTNAÐUR 80.500
KOSTNAÐUR 259.700
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 17,31

KOSTNAÐUR ALLS 615.400
KOSTNAÐUR ALLS Á KM. 41,03



STÓR FÓLKSBÍLL

VERÐ 2.600.000
ÞYNGD, KG. 1.300
EYÐSLA, LÍTRAR (BENSÍN) 11,0

NOTKUN
ELDSNEYTI 182.325
VIÐHALD 125.000
HJÓLBARÐAR 35.400
KOSTNAÐUR ALLS 342.725
KOSTNAÐUR Á KM. 22,85

FASTUR KOSTNAÐUR
TRYGGINGAR 65.000
SKATTAR OG SKOÐUN 25.000
KOSTNAÐUR ALLS 90.000
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 6,00

ÝMIS KOSTNAÐUR
BÍLASTÆÐI 6.400
ÞRIF 16.200
KOSTNAÐUR ALLS 22.600
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 1,51

FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR
AFSKRIFTIR 33.2800
VAXTAKOSTNAÐUR 157.500
KOSTNAÐUR 49.0300
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 32,69

KOSTNAÐUR ALLS 945.625
KOSTNAÐUR ALLS Á KM. 63,04



JEPPI

VERÐ 3.800.000
ÞYNGD, KG. 1.700
EYÐSLA, LÍTRAR (OLÍA) 12,0

NOTKUN
ELDSNEYTI 195.300
VIÐHALD 155.000
HJÓLBARÐAR 42.500
KOSTNAÐUR ALLS 392.800
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 26,19

FASTUR KOSTNAÐUR
TRYGGINGAR 75.000
SKATTAR OG SKOÐUN 32.000
KOSTNAÐUR ALLS 107.000
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 7,13

ÝMIS KOSTNAÐUR
BÍLASTÆÐI 6.400
ÞRIF 16.200
KOSTNAÐUR ALLS 22.600
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 1,51

FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR
AFSKRIFTIR 486.400
VAXTAKOSTNAÐUR 224.000
KOSTNAÐUR 710.400
KOSTNAÐUR Á KÍLÓMETRA 47,36

KOSTNAÐUR ALLS 1.232.800
KOSTNAÐUR ALLS Á KÍLÓMETRA 82,19

Útreikningarnir eru ekki sérstaklega miðaðir við myndirnar af bílnum sem fylgja greininni.

- Líðurinn viðhald á einni við um almennar viðgerðir
- Gert er ráð fyrir því að um nýjan bíl sé að ræða og gert ráð fyrir ítrasta viðhaldi.
- Miðað er við bensínverðið 110,5 kr. en olíuverðið 108,5 kr.
- Afskriftir miðast við 12,8 prósent á ári.
- Vaxtakostnaður miðast við 7 prósent ársvexti og að bíllinn sé seldur eftir þrjú ár.
- Tryggingakostnaður miðast við ábyrgðartryggingu með 75 prósentu bónus og kaskótryggingu með 60 prósentu bónus og kr. 88.100 sjálfsáættu.

DV

Bíllinn hans var sprengdur

**VEIT EKKI
HVER VILL
DREPA
MIG**

þeirir þegar aðrir þegja!

L' O R É A L PARIS

Finnst þér þú hafir ómótstæðilegt yfirbragð?

Henni finnst þú eldast fljótt.

WRINKLE DE-CREASE

NÆRANDI OG VINNUR Á MÓTI HRUKKUMYNDUN
RAKAGEFANDI NÆRING

Fyrstu hrukkurnar? Sþyrntu á móti
öldrunarferlinu, gerðu eitthvað!
Hrukkuvörnarkrem, rakagefandi húðnæring með Boswelox™.

Strax eftir einn tíma dregur úr hrukkunum.
Á 4 vikum dregur verulega úr þeim.



WRINKLES

Langvarandi rakagjöf,
fitulaust innihald, klístrast ekki.
Berið á eftir rakstur, hefur róandi áhrif á húðina.



HYDRATING



www.lorealmen.com

L'ORÉAL
PARIS
men expert

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ LÍKA SKILIÐ

SHISEIDO

Bio-Performance

Bio-Performance Super Restoring Cream

www.shiseido.com/bop/

NÝTT



Nú hefst enduruppbygging húðarinnar fyrir alvöru.

Með contour-recalling Bio-Restoring Complex* sem kallar fram fyrri styrk og sveigjanleika húðarinnar fyllir þetta mjúka krem húðina raka og styrkir hana svo að greinileg uppbygging verður sjáanleg.

Niðurstöður prófana sýna að útlit húðarinnar batnar:

Eftir einnar viku notkun sögðu 76% að fíngerðar línur hefðu minnkað.**

Eftir einn mánuð sögðu 87% að hrukkur hefðu minnkað. Stinnari húð: 95%. Sléttari húð: 98%***

*Blanda af efnum sem sléttir yfirborð húðarinnar og lyftir henni innanfrá. **Prófað af 204 konum. ***Prófað af 199 konum.

LÍFTÆKNI GEGN ÖLDRUN HÚÐARINNAR

Kynningadagar í Hagkaupum Kringlunni, Smáralind og Skeifunni
3. - 5. nóvember.

Ef þú kaupir 1 hlut í einhverri Shiseido kremlínu eða tvo hluti í förðunarlínunni þá færð þú snyrtitösku sem inniheldur: rakakrem 15ml, hreinsimjólk 7ml, augn- & varahreinsir 7ml, rakamaski 10ml, allt úr Skincare línunni og sýnishorn af nýjum farða Lifting Foundation.

Verið velkomin og fáid ráðgjöf frá Shiseido sérfræðingum.

*Á meðan birgðir endast.



Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa
Kringlu, Skeifu og Smáralind.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 9.17 13.11 17.04
 Akureyri 9.12 12.56 16.38
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

tíska o.fl.

HERRATÍSKA
 Vesti og þröngar buxur
 bls. 2

heilsa o.fl.

BEINPÉTTNIMÆLING
 Sterk bein grundvöllur góðra daga
 bls. 6

heimili o.fl.

GOSBRUNNAR
 Vatnið nærir mannsandann
 bls. 8

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagur 3. nóvember, 307. dagur ársins.

KRÍLIN

Regnboginn er hárbandið sem náttúran setur á sig þegar hún er búin að þvo sér um hausinn!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is

visir



Guðbjörg Huldís með uppáhaldsflíkurnar sínar tvær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þarf annan til að lýsa stílnum

Guðbjörg Huldís á sér tvær uppáhaldsflíkur. Hún hefur mikinn áhuga á fötum enda starfandi í þeim bransa.

Förðunarmeistarinn Guðbjörg Huldís Kristinsdóttir á 10-12 gallabuxur í fórum sínum. Einar þeirra standa þó hinum framar. „Svörtu gallabuxurnar mínar eru í uppáhaldi. Þær virka við allt, hvort sem það er jogging-hettupeysan eða palliettu-toppurinn,“ segir Guðbjörg, sem hafði lengi langað í buxurnar áður en hún keypti þær. Önnur flík sem er þó aðeins vikugömul er einnig í uppáhaldi. „Ég keypti mér rosalega flottan kjól í búðinni All Saints. Hann er klassík og á því eftir að virka lengi.“ Þar

sem Guðbjörg gengur mjög sjaldan í kjól eða pilsí var mikill fengur í að hafa fundið kjólinn.

Guðbjörg stofnaði förðunarskóla fyrir ári síðan en í dag starfar hún sem sminka á eigin vegum. „Ég vinn fyrir ýmsar auglýsingastofur og með nokkrum ákveðnum ljósmyndurum,“ segir hún og kveðst óhjákvæmilega hafa mikinn áhuga á fötum þar sem hún lifi og hrærist í þess konar bransa.

Fyrir utan að vera sérvitur á föt á Guðbjörg erfitt með að lýsa stíl sínum. „Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að útskýra hann, það þarf einhvern annan til að lýsa honum!“ segir Guðbjörg að lokum.

mariathora@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[HEILSA HEIMILI TÍSKA]

Greind er í engu samhengi við hvort fólk verður hamingjusamt seinna á ævinni samkvæmt nýrri rannsókn. Rannsóknin birtist í The British Medical Journal og var athugað hvernig fólk gekk að halda í hamingjuna þrátt fyrir það að vera orðið gamalt. Samhliða því sem fólkið tók greindarpróf var það látið svara því hversu hamingjusamt og sátt það væri. Þeir sem stóðu að rannsókninni fundu ekkert samhengi á milli greindar og hversu glatt og sátt fólk var í gegnum lífið.

Húsmiðjan heldur úti öflugri heimasíðu og þar inni má meðal annars finna ýmiss

konar gagnlegar upplýsingar um alls konar tól og tæki og aðferðir sem nýtast framkvæmdaglöðum húseigendum. Þar kenna Húsmiðjumenn fólki að flísaleggja, mála, koma fyrir vaski í innréttingu, hvernig á að bora og margt fleira. Ekkert mál segja Húsmiðjumenn og nú er bara að láta á reyna.

Vetrarsala hefst í Kringlunni í dag. Á Vetrarsölu rýma verslanir fyrir nýjum vörum og má því eiga von á frábærum útsölutilboðum á þessari fjögurra daga útsölu. Tilvalið að fylla tóman fataskáp á lágu verði á vetrarsölu Kringlunnar.

Malibu

sófi með
 Microfiber
 áklæði
 290x200

Kr. 149.700 stgr.

LÍNAN

HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRÁUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is





Leðurhanskar

fást í ýmsum litum. Það er algjörlega inni að vera með leðurhanska í einhverjum líflegum lit í svartasta skammdeginu.



Mikið úrval af jökkum, pílsum og toppum
Gallabuxur, mjög góð snið
Frábær verð

CHA*CHA

Tískuvörverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848

Vinsælu flís serkinnir komnir aftur
„Live after work“

4 litir, 4 stærðir, Verð 3.490 kr.

Mikið úrval af náttfatnaði og undirfatnaði.



Sjáumst!
COS

s. 588-5575, Glæsibær



Gamlir her/marsringarjakkur eru flottir fyrir veturinn.

Vesti eru það heitasta í dag.

Efta kúrekaskyrtur eru mjög svalar.

20% afsláttur
af öllum rúmfatnaði í 2 daga



Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is

Vesti & þröngar buxur

Það eru ýmsir straumar og stefnur í strákátísku fyrir veturinn. Gömlu sparivestin eru að verða gríðarlega vinsæl, v-hálmál eru málið og niðurþröngar roknbuxur seljast vel.



Vesti með v-hálmáli passa vel við peysur, bolí og skyrtur.

Ásgrímur Már Friðriksson, eða Ási, verslunarstjóri nýju strákabúðarinnar Elvis á Vatnsstíg, segir að sparivestin séu það heitasta þessa dagana, „Vestin virka flott við skyrtu eða jafnvel stuttermabol,“ segir Ási. Hann bætir við að síðir jakkar séu einnig mjög vinsælir, til dæmis ullarfrakkar, mokkafrakkar og svo hafa gamlir hálfgerðir marsringarjakkur verið að koma sterkir inn. Kúrekaskyrtur þykja mjög svalar um þessar mundir að sögn Ása og bætir hann við að nú sé vinsælast að klæðast þröngum buxum. Undir þetta tekur Jón Auðunn, starfsmaður Sautján í Kringlunni, en bætir við að niðurþröngar buxur, sem núna eru hvað vinsælastar, henti samt ekki öllum. Hann segir að víð fót séu þó ekki mikið í tísku. Jakkar eru langmest aðsniðnir auk þess sem mittissíðir jakkar með stroffi seljast mjög vel. Jón segir að sérstök afátíska sé núna í gangi. Nær allar peysur og bolir hafi v-hálmál og lifgi það mjög upp á hálmálin. Jón segir að ef það væri eitthvað eitt sem hann ætti að telja upp sem væri í tísku hjá strákum í vetur þá væru það vestin en sumir væru þó ennþá smá hræddir við þau. „Strákar verða að hafa opnara hugarfar þegar kemur að tísku. Þeir verða að þora,“ segir Jón að lokum.



Þröngar og niðursíðar buxur eru að koma sterkar inn.



ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA
KL. 21:00

FYLGSTU MEÐ!



TÍSKUVERSLUNIN
Smart

Nýjar vörur, Jakkar, pils, tunica og falletgir toppar. Gott úrval. Treflar úr kasmírull og silki.

Grímsbæ við Bústaðarveg, Ármúla 15,
Hafnarstræti 106 600 Akureyri.
Sími 588 8050, 588 8488, 462 4010
Email: smartgina@simnet.is



PERSONULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR

- GELNEGLUR
- HANDSNYRTING
- FÓTSNYRTING
- VAXMEÐFERÐIR
- ANDLITSBÖÐ
- LITUN OG PLOKKUN
- BRÚNKUMÉÐFERÐIR
- HÚÐSLÍPUN
- SÝRUMÉÐFERÐIR

S N Y R T I S T O F A N

salon rita

LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

Lee Stafford
Professional hársnyrtivörur
uppfylla allar þarfir nútímans!

FYRIR STRÁKA OG STELPUR

HAFÐU HÁRÍÐ EINS OG ÞÚ VILT - ALLTAF!

Lee Stafford fæst í:
Hagkaup, apótekum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.

Skondnir en alvarlegir

ALÞJÓÐLEG HREYFING SEM BERST FYRIR SANNGJARNRI SKIPTINGU AUÐS SELUR FLOTTA BOLI.

Bolinnir fást á vefnum www.maketradehair.com. Alþjóðlega hreyfingin Fair Trade stendur fyrir sólunni en markmið hennar er að tryggja framleiðendum í fátækum löndum sanngjörn laun fyrir vörur sínar. Bolinnir eru til í ýmsum stærðum og gerðum, bæði fyrir konur og karla. Á þeim eru skondnar álettranir en stykkið kostar fimmtán pund.





Jakki kr. 15.990

Bolur kr. 3.990

Djúsi Dieseldót

Kvenlegt og kúl og tætt og töffaralegt.

Vetrarlínan frá Diesel-merkinu, sem þekktast er fyrir hinar margfrægu gallabuxur, var að berast í verslunina Gallerí 17. Línan samanstendur af mörgu fleira en girnilegum gallabuxum.

Bolir, jakkar, kjólar, vesti og pils eru meðal annars á boðstólum og hönnunin á flíkunum er vel heppnuð. Kvenlegt og kúl fyrir stelpurnar og svolítið tætt og töffaralegt fyrir strákana.



Gallapils kr. 15.990

sýningar}

Sumarið 2006

PORTÚGALSKIR HÖNNUÐIR KYNNA SUMARTÍSKUNA

Í Portúgal rétt eins og víða annars staðar er nýafstaðin tískuvika. Kynnt var sumartískan 2006. Fyrirsættan á myndinni er í hönnun Anabelu Baldaque og eins og sjá má verður sumartískan hennar á rómantísku nótonum, létt og þægileg.



Vandamál í hársverði?

Virkar gegn:

- psoriasis
- exemi
- flösu
- skán
- hárlösi
- kláða
- feitum hársverði

BIO+ fæst á hársnyrtistofum og í apótekum.



lausnin er **BIO+**

- 10 ÁR Í MÖRKINNI - Afmælis dagar • mörg góð tilboð

- stuttkápur
- úlþur
- kápur
- pelsar
- leðurjakkar
- rúskinnsjakkar
- hattar
- húfur
- sjöl
- skinn



Kápa úr ull og silki

TOPP HÚSÍÐ

Mörkinni 6

S: 588 5518 • Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

FYRIR SNYRTISTOFUR - SNYRTIFRÆÐINGA

Snyrtifræðingar: Fyrir snyrtistofur, nánast allar rekstrarvörur á lager, þar á meðal tattoo vélar og litir. Örenna augnbrúnalitir í 20 ml. túpum sem er til í 7 litum, gel festir 6% og vökva-festir 3%, eingöngu stofuvara. Einnig Tana og Berrywell augnbrúnalitir.

Naglafræðingar: Millenium nails, gel margar gerðir, efni fyrir acrylic neglur, mikið af nagla-skrauti, nagla vinnuborð, nagla ofnar, airbrush sprautur, töskur og allt sem þarf.

Fótáaðgerðafræðingar: Til á lager vinnustólar, úðaborar margar gerðir, silicon, Sixtus fótavörur og ýmislegt annað.

Nuddfræðingar: Nuddbekkir til á lager, einnig glæsilegir ferðanuddbekkir og nuddtæki. Nuddoliur frá Sixtus í 5 lítra brúsum ásamt öðrum olíum í 1 lítra og 1/2 líters umbúðum. Einnig nuddkrem í 1/2 kg. umbúðum. Einnig grenningarleir í 5 kg. umbúðum og 1/2 kg.

Vinnuljós með stækkunargleri, lampar, gufur og margt fl.

S. Gunnbjörnsson ehf. Iðnbúð 8. 210 Garðabæ. S: 565 6317.

KAUPAÞILKI

Vörur sem koma sér vel!

Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 3.990 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá í verðlaun þennan skemmtilega kaupauka sem myndin sýnir. Um er að ræða vandaða tösku, kókos- „Body Butter“- húðnæringu (50ml), sturtusápu með vanilluimi (60ml), E-vítamín-andlitskrem (15ml) og glæran varagljáa. Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.

THE BODY SHOP

Kringlunni • Smáralind • Akureyri



Haust í Skarhúsinu

Alpahúfur kr 990
Sjöl og treflar frá kr 1290
Belti frá kr 1990
Buxur kr 3990
Sokkabuxur frá kr 1290
Kínaskór kr 1290
Flísfóðraðir hjartavettlingar kr 1490

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póströfu



DAGFATNAÐUR
KVÖLDKLÆÐNAÐUR
YFIRHAFNIR



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR

Skólavörðustíg 6a Sími 562-6999 www.marialovisa.com



Glæsilegur sparifatnaður

Laugavegurinn
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



Glæsileg handunnin taska frá Jamin Puech.



Vélmenni handa börnunum.



Fallegt borðstell.

Persónulegt andrúmsloft og hátíska

Hjónin Þórunn Anspach og Olivier Brémond fluttu til Íslands fyrir um ári síðan til þess að láta drauminn sinn rætast. Eftir að hafa búið í París í fjölda ára seldu þau fyrirtæki sitt og hafa nú opnað verslunina Kisuna á Laugavegi 7.

Kaupþing KB bankamanna sem innleystur var í vikunni hefur verið á milli tannanna á fólki. Kaupþingurinn er fimm ára gamall og stjórnendur bankans standa frammi fyrir þeirri ógæfu að bréfin hafa nær sexfaldað að virði á þessum tíma. Það er því sennilega leitun á þeim hluthafa sem kvartar undan árangrinum. Vissulega er um stórar upphæðir að ræða, en bankinn er líka orðinn ógnarstór. Eins og sjá má af flóttanum til Kaupþings í Noregi er hörð samkeppni um toppstarfsmenn í æstu stöðum hjá fjármálfyrirtækjum. Velgengni þeirra ræðst að mjög miklu leyti af réttum ákvörðunum stjórnenda. Það er því kannski ekki að furða að hluthafar fyrirtækjanna reyni að festa sér þá til lengri tíma með kaupþingarsamningum. Reyndar segir Sissener að peningarnir séu ekki allt. Það skipti líka miklu að menn hafi trú á þeirri ferð sem verið er að leggja upp í.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Og fjarskipti hafa tryggt sér allt hlutafé í færeyska fjarskiptafyrirtækinu Kalli p/f og ráða því yfir öllum hlutum í félaginu. Rekstur Kalls á þriðja ársfjórðungi gekk vel og var í samræmi við áætlanir.

Í ljósi breytinga er ný stjórn Icelandic Group hefur gert á skipulagi félagsins hefur verið tekin ákvörðun um að ekki verði stofnað til starfs alþjóðlegs markaðsstjóra en í það starf hafði verið ráðinn Magnús Sch. Thorsteinsson.

FL Group hefur gert samning við Landsbankann um viðskiptavakt á útgefnum hlutabréfum félagsins.

Tilgangurinn með viðskiptavaktinni er að efla viðskipti með hlutabréf FL Group í Kauphöll Íslands í því skyni að verðmyndun verði með skilvirkum og gegnsæjum hætti.



Sérblað um tísku 10. nóv

TÍSKA

Sérblað um tísku fylgir Fréttablaðinu fimmtudaginn 10. nóvember. n.k.

Fjallað verður um nýjustu tiskustrama, titið á jólasóna og jólfötin á alla fjölskylduna ásamt skarti og fylgihlutum. Spennandi hönnun og glitrandi tíska.

Allar nánari upplýsingar veitir Helga Kristjánsdóttir í síma 550-5821 Netfang: Helga@frett.is

FRÉTTABLAÐIÐ

- stærsti fjölmiðillinn



ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI STRAUMS-BURÐARÁSS Bankinn skilaði næri 6,5 milljarða hagnaði á þriðja ársfjórðungi, sem var langt umfram spár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Straumur-Burðarás skilar mjög góðu uppgjöri

Hagnaður tvöfaldast milli ára og er helmingi meiri en spáð var. Eignir aukast um 160 prósent frá áramótum. Áhersla lögð á útlönd.

Hagnaður Straums-Burðarás Fjárfestingarbanka var 6.473 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi en samtals 14,1 milljarður á fyrstu níu mánuðum ársins. Uppgjörið er vel umfram væntingar markaðsaðila, sem gerðu ráð fyrir 4.351 milljóna króna hagnaði á þriðja árshluta. Frávikioð milli

Hagnaður Straums-Burðarás á þriðja ársfjórðungi miðað við það sem viðskiptabankarnir spáðu (í milljónum króna).

Hagnaður Straums	6.473
Spá Landsbankans	4.425
Spá KB banka	4.400
Spá Íslandsbanka	4.227
Meðaltalsspá	4.351

raunveruleikans og spánna er því um tveir milljarðar.

„Þessi niðurstaða skýrist af góðum aðstæðum á innlendum fjármálamarkaði jafnframt því að erlendar tekjur aukast verulega,“ segir Þórður Már Jóhannesson, forstjóri bankans.

Afkoma á fjórðungnum er einnig nærri tvöfalt meiri en á sama tíma fyrir ári þegar fjárfestingarbankinn hagnaðist um 3.126 milljónir.

Mikill gengishagnaður af innlendra hlutabréfaeign skýrir að miklu leyti afkomuna. Hreinar rekstrartekjur SB námu um 8,5 milljörðum á þriðja fjórðungi sem er mikil aukning frá öðrum fjórðungi þessa árs þegar þær voru um fjórir milljarðar. Rekstrarkostnaður var 243 milljónir króna sem er um eitt hundrað milljóna króna aukning á milli ára.

„Það er útlit fyrir mörg góð verkefni á næstunni,“ segir Þórður. Stjórnendur bankans ætla sér stærri hluti erlendis og hafa

minnkað hlutabréfastöður sínar hér á landi um tuttugu milljarða frá lokum þriðja ársfjórðungs. Ætla þeir að auka vægi fastra tekna eins og þóknunartekna á móti gengishagnaði af fjármála-starfsemi.

Þórður er mjög ánægður með samruna Burðarás og Straums, sem fram fór í lok september, og segir að styrkur hins nýja félags sé að koma vel í ljós.

Gríðarlegur vöxtur einkennir starfsemina. Heildareignir bankans hafa aukist um 160 prósent frá áramótum og eru komnar í 234 milljarða króna. Meðal eigna er fimmtán milljarða viðskiptavild vegna samrunans sem forstjórinn segir að standi vel undir sér. Eigið fé, sem er komið í 105 milljarða, hefur aukist um 225 prósent frá áramótum. Arðsemi félagsins var um 42 prósent á ársgrundvelli.


Allir viðskiptabankarnir auk Straums hafa þar með birt nú mánaða uppgjör sín og voru þau öll fyrir ofan spár markaðarins.

eggert@frettabladid.is

Bandaríkjadalur undir sextíu krónum

Gengi krónunnar styrktist í gærmorgun og gengisvísitalan fór niður í 100,4 stig eftir fréttir af erlendri skuldabréfaútgáfu fyrir átta milljarða króna. Bandaríkjadalur fór í gær niður fyrir 60 krónur og stóð sölugengi hans í 59,75 um hádegisbil. Gengi hans hefur ekki mælst svo lágt síðan í mars þegar hann hélst undir 60 krónum í tæpar tvær vikur. Evran kostar nú tæpar 72 krónur og hefur ekki verið eins veik síðan í júlí 2000.

Greiningardeild Íslandsbanka telur líklegt að Seðlabankinn



hækki enn frekar stýrivexti á næstunni. Muni það leiða til enn aukinnar skuldabréfaútgáfu í ís-

lenskum krónum. Útlit er því fyrir að gengi krónunnar haldist hátt áfram. - hhs

SPÁ UM AFKOMU MARELS Í MILLJÓNUM KRÓNA Á ÞRÍÐJA ÁRSFJÓRDUNGI

Íslandsbanki	132
KB banki	129
Landsbankinn	110
Meðaltalsspá	124
Hagnaður 2004	113

SPÁ UM AFKOMU OG FJARSKIPTA Í MILLJÓNUM KRÓNA Á ÞRÍÐJA ÁRSFJÓRDUNGI

Íslandsbanki	288
KB banki	206
Landsbankinn	343
Meðaltalsspá	279
Hagnaður 2004	118

Marel og Og fjarskipti í dag

Marel hf. og Og fjarskipti hf. birta nú mánaða uppgjör sín í dag. Greiningardeildir viðskiptabankanna þriggja spá því að meðaltali að hagnaður Marels á fjórðungnum verði 124 milljónir króna en hann var 113 milljónir á árinu 2004. Hagnaður Og fjarskipta var 118 milljónir á þriðja ársfjórðungi ársins 2004 en nú spá greiningardeildirnar því að meðaltali að hagnaðurinn verði 279 milljónir á þriðja ársfjórðungi.

Veruleg frávik eru í spá greiningardeildanna á hagnaði Og fjarskipta þar sem greining KB banka spáir félaginu 206 milljóna króna hagnaði en greiningardeild Landsbankans spáir því að hagnaðurinn verði um 66 prósentum meiri, 343 milljónir króna. - hb

Vaxtahækkun í Bandaríkjunum

Bandaríski seðlabankinn hækkaði vexti á þriðjudag í tölfta sinn á árinu í takt við væntingar sérfræðinga. Hækkunin var 25 punktar og eru vextirnir nú fjögur prósent. Vextir hafa ekki verið jafnháir og nú í fjögur ár. Samkvæmt frétt Reuters segja forsvarsmenn Seðlabankans svigrúm fyrir enn frekari vaxtahækkun. Þrátt fyrir nýafstaðnar náttúruhamfarir hafi ekki hægt á hagvextinum. Hátt eldsneytisverð geri það að verkum að nauðsynlegt sé að sporna við frekari þenslu í hagkerfinu. - hhs

Verðmæti fisks dregst saman

Verðmæti útfluttra sjávarafurða dróst saman um 7,6 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra, að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar.

Greining Íslandsbanka segir að þessar tölur eigi ekki að koma á óvart þar sem meðalgengi krónunnar hafi verið þrettán prósentum hærra í ár miðað við í fyrra.

Afurðaverð hefur hækkað í erlendri mynt, en þó mismunandi eftir afurðaflokkum. Sjófrystur botnfiskur hefur til að mynda hækkað meira en landfrystur.

Samsetning útflutningsins hefur breyst og hefur vægi sjófrystingar og lítið unninna afurða aukist. Hins vegar hefur verðmæti útflutnings á saltfiski, rækju, mjöls og lýsis dregist saman. - hb

SAS Cargo kaupir fraktflug Sterling

SAS Cargo hefur keypt fraktflutninga Sterling sem nú er í eigu FL Group. Þetta kemur fram í danska viðskiptablaðinu Børsen í gær. Fyrir mánuði keypti SAS fraktflutninga Maersk Air Cargo. Sterling flytur árlega um 30.000 tonn með fraktflugi en 30 flugvélar Sterling fljúga til yfir 80 áfangastaða á hverjum degi frá Kastrup flugvællinum í Danmörku.

Með kaupnum hyggst SAS hasla sér frekari völl í fraktflugi auk sem félagið fær aðgang að nýjum áfangastöðum sem félagið flýgur ekki alla jafna til og sérstaklega í Suður-Evrópu. Ekki fæst uppgæði hvert kaupverðið var samkvæmt frétt Børsen. - hb

Verðið á Pickenpack full hátt

Heildarkaupverð rúmir ellefu milljarðar sé tekið tillit til skulda.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, segir verðið sem Icelandic Group greiðir fyrir þýska framleiðslufyrirtækið Pickenpack frekar hátt í samanburði við sambærilega fyrirtækjakaup. Markaðsvirði hlutabréfanna í Icelandic sem eigendur Pickenpack fá afhent sé 5,5 milljarðar króna. Einnig taki Icelandic yfir vaxtaberandi skuldir upp á tæpa sex milljarða. Heildarkaupverðið sé því 11,4 milljarðar króna.

VELTUMESTU FÉLAGIN Í KAUPHÖLLINI YFIR TÖLF M ÁNUÐI

Félag	Velta í milljónum kr.
Icelandic Group*	85,2
SÍF	46,7
FL Group**	38,9
Bakkavör Group	36,8
Actavis Group	34,4
Síminn	19,8
Og fjarskipti	10,6
Össur	8,5

*Eftir kaupin á Pickenpack hækkað áætluð velta árið 2006 um 14 milljarða króna.
**Eftir kaupin á Sterling hækkað áætluð velta á næsta ári um 50 milljarða.

Valdimar segir áætlaðan rekstrarhagnað (EBIDTA) Pickenpack á næsta ári milljarð króna. Sé heildarkaupverði (EV) deilt með rekstrarhagnaðinum (EBITDA) fáið verðkennitalan

11,4. Þessi kennitala sé oft notuð til að bera saman kaup á sambærilegum fyrirtækjum. Algengt hlutfall sé á milli 6 og 10.

„Er verðlagning Pickenpack því í hærra lagi að okkar mati,“ sagði í fréttum greiningardeildar Landsbankans. Var sama hlutfall og Valdimar notaði borið saman við önnur sambærileg kaup. Það hafi verið 8,10 þegar SÍF keypti Labeyrie í Frakklandi. En þar sem þetta hlutfall sé hátt í Icelandic Group, eða 13,7, og greitt sé með hlutabréfum í félaginu, sé hægt að réttlæta kaupverðið á Pickenpack að hluta.

Áætluð velta Icelandic Group á næsta ári er 111 milljarðar



VALDIMAR HALLDÓRSSON

króna ef velta Pickenpack er talin með. Er þetta eitt veltumesta félagið í Kauphöllinni.

- bg

Canon

Prentar á geisladiskum í bara stínga bakka og innbyggðan bakka og prenta. Ekki er máli!

Prentar báðu megin! Stórsníðugt, prentar sjálfvirkt báðu megin á pappírinn (Duplex)

Canon IP4200 9600 dpi

NÝ KYNSLÓÐ PRENTARA

CHROMALIFE 100
Ný tækni sem tryggir betri gæði á útprentun og myndirnar halda sömu gæðum í 100 ár

5 STÖK HYLKI
5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra litna og fullkomna ljósmyndaprentun

FULL BLÆÐING
Prentar í fullum gæðum út á það pappír allt að A4, prentar einnig sjálfvirkt báðu megin (Duplex)

9600dpi UPPLAUSN
Ótrúleg upplausn sem ásamt PIXMA og FINE tækninni skilar einstökum ljósmyndagæðum

PRENTAR BEINT Á CD
Prentar í ljósmyndagæðum beint á geisladiskinn bara að stínga honum í CD bakkann

HAGKVÆMUR
Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit

OPNUNAR TÍMAR
Vika dags kl. 9-18 og laugardags kl. 11-14

VERÐ 14.900

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerargötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

ÖLL VERÐ ERU STAÐGÆRSLUVERÐ MEÐ VIREISLUKASKATTI OG BIRT MEÐ FRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

PETTA GERÐIST > 3. NÓVEMBER 1957

Hundurinn Laika heldur út í geim

Á þessum degi árið 1957 var geimfarinu Spútník II skotið á loft í Sovétríkjunum. Þetta var í fyrsta sinn sem lífandi vera var send út í geim en tikin Laika var um borð í Spútník II. Laika var tengd við hjartarita svo hægt væri að greina lífsmerki hennar. Sögu yfirvöld að hún hefði verið róleg á fyrstu klukkutímum flugsins. Rússnesku vísindamennirnir höfðu mikinn áhuga á áhrifum geislunar og þyngdarleysis á lífandi verur.

Mikil óánægja vaknaði meðal dýraverndunarsinna með uppþæki Sovétmanna enda hafði geimflugin ekki verið hönnuð til að lenda aftur og því ljóst að hundurinn myndi láta lífið um borð.

Viku eftir flugtak tilkynntu sovéska yfirvöld að Laika hefði dáið sársaukalausum dauðdaga. Árið 2002 komu fram nýjar sannanir sem sýndu að hundurinn dó úr ofhitnun og ofsahræðslu aðeins nokkrum tímum eftir flugtak.



LAIKA

Fimm mánuðum eftir flugtak brann Spútník II upp í gufuhvolfi jarðar yfir Barbados. Premur árum síðar, 12. apríl 1961, sendu Rússar fyrsta manninn út í geim.

GEORG TRAKL (1887-1914)
LÉST PENNAN DAG.



„Fyrir hvern þann sem er einmana er til öldurhús.“

Georg Trakl var austurrískt skáld.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Innilegar þakkir færur við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð, vinarbug og hlýju við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Áskels Einarssonar,
Vallholtsvegi 17, Húsavík

Guðrún Áskelsdóttir	Örn Gíslason
Steinunn Áskelsdóttir	Birgir Steingrímson
Ása B. Áskelsdóttir	Stefán Ómar Oddsson
Ólafía Áskelsdóttir	Haraldur Jóhannsson
Einar Áskelsson	María Sif Sævarsdóttir
Valdimar Steinar Guðjónsson	Eygerður Bj. Þorvaldsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Halldóra S. F. Thorlacius
frá Bæjarskerjum

verður jarðsöngin frá Hvalsneskirkju, laugardaginn 5. nóv. kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hvalsneskirkju. (Þórhildur sími 423 7426) Blóm og kransar afþakkaðir.

Ragnhildur Jónasdóttir
Ólafur Jónasson Kristólína Ólafsdóttir
Þórunn Jónasdóttir Sigfús Guðbrandsson
Einar Jónsson
Finnur Thorlacius & Sara Hrund
Ari Thorlacius & Bylgja
Jón & Bjarni Sigfússynir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Ólöf Baldvins

fyrirum bóndi á Brún, Akureyri

sem lést á dvalarheimilinu Hlíð, laugardaginn 29. október verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.30.

Ingibjörg H. Valgarðsdóttir	Jóhann Ólafsson
Vordís B. Valgarðsdóttir	Steingrímur Svavarsson
Sylvía S. Valgarðsdóttir	Uni Pétursson
Dóróthea K. Valgarðsdóttir	
Hermína Ó. Valgarðsdóttir	Matthías Eiðsson
Hjálmfríður Ó. Valgarðsdóttir	Ívar Jónsson
Fríðrika S. Valgarðsdóttir	Magnþór Jóhannsson
Guðrún P. Valgarðsdóttir	Frímánn Jóhannsson
Hersteinn K. Valgarðsson	Ólöf Árnadóttir
Benjamín B. Valgarðsson	Rósa Kristín Nielsdóttir
Hanna B. Valgarðsdóttir	Baldur Jónsson
Rafn Valgarðsson	Halldóra Árnadóttir

barnabörn, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.

Ljósakross

Helgi þessi krossur frá Svaki heita þeim sem vilja annað ljónu þessu en að leiga sér kross. Þeir eru með innbyggðu ljósi og tengist rafmagnsnetinu í göðunum eða rafneti sem er í allt að 20 daga.

Það er ódýrara að kaupa ljósakross en að leiga hann

Fást um land allt!

HELDUÐUÐUM

Búrek Sími 460 1760
johann@isi.is
www.burek.is

LEGSTEINAR

S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

★ **SÓLSTEINAR**

★ Gæði

★ Góð þjónusta

★ Gott verð

★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566
www.solsteinar.is
200 Kópavogur • sol-steinar.is

María Þorsteinsdóttir
frá Eyri í Skötufirði

verður jarðsett frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 15.

Fyrir hönd aðstandenda

Sigurður Á. Jónsson	Árný Vismin Jónsson
Jóna Jónsdóttir	Atli M. Kristjánsson
María E. Jónsdóttir –	Halldór Valgeirsson
Hólmfríður R. Jónsdóttir –	Steindór Ingimundarson
Þóra B. Jónsdóttir	

Ólafur H. Jóhannesson
Suðurtúni, Álfanesi áður til heimilis í Borgarnesi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 1. nóvember Jarðarför hans fer fram í Borgarneskirkju og verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda, Ólafur Ólafsson

JAFNRÉTTISNEFND KÓPAVOGS ÞRJÁTÍU ÁRA

Konur voru hálfir menn

„Ég er ein af stofnendum Rauðsokkukhreyfingarinnar,“ segir Helga Sigurjónsdóttir, sem átti frumkvæði að stofnun fyrstu jafnréttisnefndar landsins í Kópavogi fyrir þrjátíu árum. „Rauðsokkukhreyfingin hélt á lofti þeim hugmyndum sem núna eru að vinna hljómgrunn. Það er að konur þurfi að hafa meira svigrúm og frelsi til að nýta sér þau réttindi sem þær hafa,“ segir Helga, sem kosin var í bæjarstjórn Kópavogs af hálfu Alþýðubandalagsins árið 1974 en hún gekk upphaflega til liðs við vinstrimenn vegna kvenréttindanna. Helga var í minnihluta í bæjarstjórninni, en Sjálfstæðisflokkur og Framsókn í meirihluta, þegar hún bar upp þá tillögu að stofna jafnréttisnefnd. „Það er sjaldgæft að tillaga frá minnihlutafulltrúum sé samþykkt og því má segja að þessu hafi verið vel tekið,“ segir Helga en stefna nefndarinnar líkt og rauðsokkukhreyfingarinnar var að gera

konur virkari í þjóðfélaginu enda voru á þessum tíma mjög fáar konur útivinnandi. „Leikskólapláss voru af skornum skammti og alls ekki fyrir giftar konur,“ segir Helga og rifjar upp að frá árinu 1930 þegar konur voru búnar að fá öll formleg réttindi hafi komið talsvert bakslag þar sem stjórnvöld sköpuðu ekki konum skilyrði sem þurfti til að þær gætu menntast og stundað vinnu. „Þær voru því að vissu leyti hálfir menn,“ segir Helga en á þessum tíma varð stefnuþreyting og í stað þess að tala um kvenréttindi var farið að tala um jafnrétti.

Eitt fyrsta verk nefndarinnar var að senda dreifibréf í öll hús bæjarins þar sem kynnt bæjarbúum. Þá gerði hún könnun um vilja kvenna til þess að vinna utan heimilis. „Í stórum dráttum sögðu konur að ef þær hefðu betri aðstöðu og börnin væru örugg myndu þær gjarnan vilja vinna utan heimilis, þó oftast nær vildu þær vinna hálfan vinnudag,“ segir Helga, sem dró sig fljótlega úr stjórn málu en var bæjarfulltrúi fyrir Kvinnalistanntuttugu árum síðar.

Í tilefni af afmælinu verður dagskrá í félagsheimili



EIF AF UPPHAFLEGU RAUÐSOKKUNUM Helga fékk því framgengt að fyrsta jafnréttisnefnd landsins yrði stofnuð í Kópavogi. STEFÁN

bæjarins í Fannborg 2 milli fimm og sjö í dag. Þar mun meðal annars Helga halda tölu auk þess sem verðlaun verða veitt fyrir jafnréttisverkni sem unnin voru af ungmennum í Kópavogi. Bæjarstjórnin Gunnar I. Birgisson mun einnig veita árlega jafnréttisviðurkenningu. ■

Ingibjargar Kristjánsdóttir
áður til heimilis að Akurgerði 3, Reykjavík.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vinarbug og hlýju við útför og greftrun

Agnes Þórunn Guðbergsdóttir Kristján Ingvar Jóhannesson
Dóra Rún Kristjánsdóttir
Jóhannes Kristjánsson
Guðbergur Kristjánsson
Arnfríður Margrét Hallvarðsdóttir Þór Þorbergsson og fjölsk.
Ingigerður Anna Kristjánsdóttir
Halldóra Kristjánsdóttir
Finnur Kristjánsson Sæbjörg Jónsdóttir

Guðbjörg Jónsdóttir
áður til heimilis að Nýlendugetu 15a

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma

lést á elli og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 28. okt. Jarðsett verður frá Fossvogskirkju í dag fimmtudaginn 3. nóv. kl. 13.00.

Jón H. Þórarinnson
Marilou Suson
Guðlaug Kristófersdóttir
Jónína S. Kristófersdóttir
Ingólfur Kristófersson

Kjartan L. Pálsson
Hildur Guðmundsdóttir
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

RÝMINGARSALA Í MÚRBÚÐINNI



**Nokkur
verðdæmi:**



Full taska af verkfærum.
Allt sem heimilið þarfnast
Verð: **995 kr.**



Lakkspray – margir litir
Verð: **85 kr.**



Rúlla, bakki, pensill
Verð: **598 kr.**



Tengur og skrúfjárn
Verð: **1.250 kr.**



Skápur í bílskúrinn til að
geyma allar græjurnar
Verð: **11.655 kr.**



Keter verkfærataska
Verð: **495 kr.**



Ranatool garðverkfæri
Verð: **275 kr./stk.**



Einhell batterís-
höggborvél.
Taska, hleðslutæki
+ 2 rafhlöður
Verð: **12.500 kr.**



Sporjárn
– ýmsar stærðir
Verð: **85 kr.**



Þjófavörn
2,4 m langur kapall
Verð: **750 kr./stk.**



Acryl kitti = **79 kr.**
Kittispessa = **199 kr.**



Makita slípirokkur
230 mm, 2000w
6600 sn/m
Verð: **13.900 kr.**




Batterísborvél 14,4V
ásamt tösku fullri af
verkfærum
Verð: **1.990 kr.**



Dúkahnifar
Verð: **25 kr.**

**Auk þessa er fjöldi
annarra vöruhegunda
á stórlækkuðu verði!**

**LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM**



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbaenum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



BEYGLUBAKKI
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr. Nánari upplýsingar á somi.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Beðið eftir jólum

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR MINNIST DAGANNA SEM URÐU AÐ ÁRUM.



Sem barn trúir maður ekki bara á ævintýrin, heldur upplifir þau í raun og veru. Sum þeirra eru bara í þykjustunni, önnur eru raunverulegum töfrum gædd. Jólin eru eitt af ævintýrum barnæskunnar, þar sem draumar rætast og ótrúlegustu kynjaverur koma á stökki inn í tilveruna, eins og jólasveinarnir og þeirra hyski.

Ég gleymi því aldrei þegar ég sá jólasveininn á glugganum mínum þegar ég var barn, ég kreisti aftur annað augað og vonaðist til að hann sæi ekki hitt sem var galopið og undrandi. Skugganum hans brá

fyrir og hvarf snögg. Ég stökk á fætur, kíkta í skóinn og hentist til mómmu til að segja henni tíðindin. Ekki vissi ég þá að ég var að hlaupta í fangið á sjálfum jólasveininum sem gaf mér í skóinn, mómmu. Hún sagði ekki orð, heldur tók þátt í gleði minni. Að sjálfsgöðu stóð hún við sitt þegjandi samkomulag sem hún hafði gert við aðra foreldra og leyfði börnunum að trúá.

Galdur jólanna felst í þessari trú um að eitthvað stórkostlegt eigi sér stað og öll veröldin breyti um svip. Ekki skemma gjafirnar fyrir og sú heilaga stund þegar reglur virðast fjúka út í veður og vind og maður þarf ekki að fara í háttinn klukkan átta. Dragbíturinn er hins vegar biðin, biðin endlausa. Það er ekki að

ástæðulausu að jóladagatölin komu til sögunnar. Þegar ég var barn var biðin 24 dagar, en mér fannst það vera 24 ár. Biðin hófst um leið og fyrsta jólaskrautið skaut upp kollinum og hver dagur var hrein kvöl. Ég öfunda ekki börnin í dag, sem eru þegar byrjuð að bíða, því skynðilega er jólaskraut úti um allt. Ég á í mesta basli með að forðast þessa staði þegar ég er á ferð með mínum börnum. Ég get ekki gert þeim það að láta biðina hefjast strax, ég hef engan áhuga á því að kvelja þau. Þegar rétti tíminn er kominn skal ég hins vegar strá töfraryki út um allt. Kveikja á kertum og segja jólasögur og ala á trúnni á töfra. Enda skaðar það engan að trúá á töfra, stöku sinnum. ■

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Pú og pa

Eftir SÖB



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



DENIS

© JÓNSSON & LEWIS - JILLIS

ÁSTARFLEYIÐ

FIMMTUDAGA
KL. 21:00

FYLGSTU MED!



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

8	4	7	1	5	3	6	9	2
1	5	2	6	8	9	4	7	3
6	9	3	7	2	4	1	5	8
3	2	6	5	7	8	9	1	4
4	7	1	2	9	6	8	3	5
9	8	5	4	3	1	7	2	6
5	3	8	9	6	7	2	4	1
2	1	9	8	4	5	3	6	7
7	6	4	3	1	2	5	8	9

6			5	2			8	9
5		7				1		
	3			4	6		2	
		6		8				5
8		3	2	7	1	9		4
1				6		7		
	8		6	5			7	
		5				8		2
7	4			9	2			3

Vildi kossaatriði

Val Kilmer hristi mátulega upp í nýjustu mynd sinni Kiss Kiss, Bang Bang með því að stinga upp á að hann og leikarinn Robert Downey Jr. myndu kyssast í myndinni. Leikstjórinn Shane Black tók vel í hugmyndina. „Upphaflegur titill myndarinnar var Bang. Þetta var frekar óáhugaverð og leiðinleg leynilög-reglusaga um húsmóður og gaur með skegg,“ sagði Val Kilmer. „Ég sagði því bara við Shane: „Gefum myndinni pínulítinn lit. Hvað með að ég kyssi karlmann?“ Og Shane féllst á það.“

Annars viðurkenndi Val Kilmer líka nýlega að hann sæi eftir að hafa hafnað ýmsum myndum í upphafi feril síns en ástæðuna segir hann vera að hann hafi verið barnalegur



VAL KILMER stakk upp á kossaatriði.

og feiminn. Kilmer sló fyrst í gegn árið 1986 í kvikmyndinni Top Gun og fékk eftir það ýmis góð tilboð.

Harðsoðið og án texta

KVIKMYNDIR

[UMFJÖLLUN]

Nú ár eru síðan við hittum Frank, Milo og Tonny í fyrstu Pusher myndinni. Á Októberbíofest verða tvær framhaldsmyndir sýndar, Pusher tvö og þrjú. Sú fyrri segir sögu Tonny en hin seinni fjallar um Milo.

Í Pusher II er Tonny nýkominn úr fangelsi. Hann vill koma röð og reglu á líf sitt (eins langt og það nær) en það reynist honum þrautin þyngri. Hann fær vinnu á sínum gamla vinnustað en hlutverk hans er að stela bílum sem er breytt og þeir seldir að nýju. Yfirmaður hans er miskunnarlaus glæpaforingi sem vilar ekki fyrir sér

að skipuleggja morð barnsmóður sinnar svo dæmi sé tekið.

Pusher II er hrá og hrottaleg mynd um líf aumingja sem misst hefur alla stjórn á umhverfi sínu. Allt gengur út á að halda sér gangandi einn dag í einu. Það sem gerist á morgun er algjört aukaatriði. Leikstjórinn Nicolas Winding Refn notar börn óspart til að lýsa skeytingarleysi glæpamanna. Eiturlyfjum og klámi er ekki haldið leyndu fyrir þeim. Þau eru geymd á skemmtistöðum og jónur reyktar í kringum þau.

Frábær leikur Mads Mikkelsen stendur upp úr. Hann er tómur til augnanna og nær að túlka tilgangseleysi dópistans af mikilli sannfæringu. Aðrir leikarar standa sig vel



Pusher II

Leikstjóri: NICOLAS WINDING REFN

Aðalleikarar: Mads Mikkelsen og Leif Sylvester.

Niðurstaða: Pusher II er harðsoðin glæpamynd á dönsku og án texta. Að þessu sinni er hún því eingöngu fyrir þá sem kunna tungumálið en þeir ættu líka að fá eitthvað fyrir sinn snúð.

en ná ekki hæðum Mikkelsens. Pusher II er harðsoðin glæpamynd á dönsku og án texta.

Freyr Gíga Gunnarsson



DJ CRAZE Craze er þrefaldur heimsmeistari í skífupeytingum.

Heimsmeistari þeytir skífum

Plötusnúðarnir DJ Craze og MC Armani Reign þeyta skífum á Gauki á Stöng næstkomandi laugardagskvöld.

Craze er einn færasti plötusnúðurinn í dag og er meðal annars þrefaldur heimsmeistari í faginu. Hann hóf feril sinn sem hiphop-plötusnúður en í seinni tíð hafa drum & bass og breakbeat tónar orðið stór hluti af spilamennsku hans á klúbbum og hátíðum um víða veröld.

Það eru Breakbeat.is og Kronik Entertainment sem standa fyrir upptökunni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Upplýsingafulltrúi leikarans Brads Pitt hefur neitað orðrómi um að Pitt sé búinn að kvænast Angelina Jolie. Þær sögur hafa gengið fjöllum hærra að þau hafi gengið í hjónaband að hætti búddista en svo virðist sem þær séu úr lausu lofti gripnar.



Leikkonan Jennifer Aniston segist hafa verið öll blá og marín eftir að hafa leikið í kynlífsatriðunum í nýjustu mynd sinni Derailed. Þar leikur hún á móti Bretanum Clive Owen. Hún hefur einnig lýst því yfir að hún muni aldrei aftur tjá sig opinberlega um skilnaðinn við Brad Pitt.



Manstu?



Í minningunni virðist lífið stundum hafa verið einfaldara í æsku. Skál af Kellogg's Corn Flakes markaði byrjunina að góðum degi hjá fjölmörgum íslenskum fjölskyldum og gerir enn.

Manstu hvað stökkar flögurnar voru góðar með iskaldri mjólk? Leyfðu börnunum þínum að njóta hollustunnar og bragðsins sem gladdi þína morgna í æsku og gerir eflaust enn.



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Kl. 20.00

Gyrðir Eliasson les úr Upplitað myrkur, **Þorsteinn frá Hamri** les úr Dyr að draumi og **Oddgeir Eysteinnsson** les úr bók **Þórarins Eldjárn**, Hættir og mörk, á ljóðakvöldi á Súfistanum, Laugavegi 18.

menning

menning@frettabladid.is

Þjóðlegt fjör í Hafnarborg

„Þetta verður þjóðlegt fjör,“ segir Antonia Hevesi píanóleikari, sem hefur fengið harmonikuleikarann Tatu Kantomaa til þess að spila með sér á hádegistónleikum í Hafnarborg í Hafnarfirði.

„Við ætlum að flytja tónlist frá Ungverjalandi, Rússlandi, Rúmeníu og Finnlandi, allt saman mjög fjörugt. Ungverski dansinn verður með því rólégasta sem við flytjum,“ segir Antonia.

Antonia hefur undanfarin ár haft umsjón með hádegistónleikum í Hafnarborg, sem haldnir eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Harmonikuleikarinn Tatu Kantomaa er finnskur en hefur búið hér á landi með hléum frá árinu 1996. Hann hefur leikið á harmóníku frá unga aldri og haldið fjölda tónleika víða um heim frá 11 ára aldri, meðal annars í Bandaríkjunum, Finnlandi,

Japan, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Svíþjóð, Noregi og á Íslandi.

Hér á landi hefur hann meðal annars leikið með Caput-hópnum og með hljómsveitunum Rússbönnum og Tangósveit Lýðveldis.

Tónleikarnir standa yfir í um hálf klukkustund og henta sérstaklega vel fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til þess að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi.



> Ekki missa af ...

... sýningu **Þórs Vigfússonar**, sem nú stendur yfir í gallerí i8 við Klappartíg.

... minningartónleikum um séra **Árna Berg Sigurbjörnsson**, sem haldnir verða í Askirkju á laugardaginn. Þar kemur fram hinn rómaði kór Askirkju ásamt einsöngvurum.

... færeysku hljómsveitinni **Yggdrasil** sem kemur fram á þrennum tónleikum á næstu dögum, bæði í Borgarfirði og Reykjavík.



AGNAR JÓN EGILSSON Leikstjóri nýrri sýningu Stúdentaleikhússins, Blóðberg.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Blóðberg verður til

Stúdentaleikhúsið hefur getið sér gott orð í íslensku leiklistarlífi á undanföllum misserum og hefur hlotið mikið mikið lof fyrir sýningar sínar. Þar ber helst að nefna „Þú veist hvernig þetta er“ sem var valin áhugaverðasta áhugaleiksýning ársins 2005 af Þjóðleikhúsinu og var í framhaldi af því sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins.

Undanfarnar vikur hafa meðlimir Stúdentaleikhússins ásamt leikstjóra sínum, Agnari Jóni Egilssyni, staðið í ströngu við æfingar á nýju verki og er stefnt að frumsýningu nú á laugardaginn. Verkið heitir „Blóðberg“ og er unnið upp úr upphaflegu handriti P.T. Andersons, sem síðar varð að kvikmyndinni margrómuðu „Magnolia“. Tryggvi Gunnarsson, formaður Stúdentaleikhússins, segir leikverkið þó ólíkt kvikmyndinni að mörgu leyti.

„Fókusinn í myndinni var á tilviljanir og hvernig þær höfðu áhrif á fólk, en við einblínum meira á einstaklingana, samböndin milli þeirra og hvernig þessi sambönd hafa áhrif á líf persónanna.“

Leikendur í verkinu eru

æði margir, eða tæplega 30, en Tryggvi segir það þó ekki valda vandræðum, enda sé hópurinn góður og hafi náð vel saman á stuttum tíma. Hann segir æfingar ganga vel og ekki sé komið annað en hóflegt og eðlilegt stress í hópinn sem haldi fólk við efnið.

Spurður hvort engin pressa sé á hópnum um að ná sama árangri og áður hefur verið eða toppa fyrri sýningar, segir Tryggvi að hópurinn líti bara á velgengni fyrri sýninga sem meðbyr, enda hafi til að mynda „Þú veist hvernig þetta er“ verið sýning af allt öðrum toga en „Blóðberg“.

„Nú erum við meira að einblína á einstaklinginn og hvað hann upplifir, öfugt við „Þú veist hvernig þetta er“, sem fjallaði um samfélagið og pólitík. Við hugsum ekkert um að reyna að toppa eitt eða neitt, einbeitum okkur bara að því verkefni sem er í gangi núna.“

Verkefnaval Stúdentaleikhússins veltur mikið á þeim leikstjóra sem vinnur með þeim hverju sinni. „Það skiptir okkur miklu máli að leikstjórinn hafi ástríðu fyrir verkinu,“ segir Tryggvi.

-abj

Fagottkonsert í tilefni af afmæli Seltjarnarness

Sinfóníuhljómsveit Íslands efnir til afmælistónleika í Háskólabíói í kvöld í tilefni af 125 ára afmæli Seltjarnarnesbæjar.

Fjöldi listamanna kemur fram á tónleikunum, þar á meðal Rúnar Vilbergsson sem leikur fagottkonsert eftir Vivaldi.

Rúnar er reyndur fagottleikari. Auk þess að hafa blásið með Hinum íslenska þursaflokki um árabil hefur hann m.a. leikið með hljómsveit Íslensku óperunnar og Kammersveit Reykjavíkur. „Þetta er mjög skemmtilegt verk, bæði vel skrifað og áheyrilegt,“ segir Rúnar um konsertinn í kvöld. „Hann [Vivaldi] var í Feneyjum í skóla munaðarlausra stúlka þar sem hann kenndi. Það er talið að hann hafi skrifað verkið fyrir þær. Því hefur verið haldið fram að þarna í skólanum hafi verið dætur auðmanna sem voru fæddar utan hjónabands og því sjálf-sagt einhverjir peningar í spilinu fyrir Vivaldi,“ segir hann.

Rúnar segist hafa byrjað að læra á fagott um 1971. „Það var eiginlega fyrir tilviljun. Ég var að vinna með manni á trésmíðaverkstæði og hann vildi kenna mér á hljóðfæri. Hann kenndi mér á víólu en síðan þegar það vantaði fagott í skólahljómveitina var ég til í að prófa það.“

Rúnar spilar ennþá af og til með Þursaflokkinum og segir það alltaf jafngaman. „Það er alltaf gaman að vera í popphljómsveit. Við höfum komið saman nokkrum sinnum undanfarin ár þannig að hann hefur ekki verið formlega lagður niður. Það er allt önnur aðkoma þegar maður er í svona hljómsveit. Maður er í allt öðrum gír,“ segir Rúnar.

Á tónleikunum í kvöld koma einnig fram þau Davíð Ólafsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Sesselja Kristjánsdóttir og Þóra Einarsson.



RÚNAR VILBERGSSON Rúnar byrjaði að læra á fagott fyrir rúmum þrjátíu árum. Hann leikur verk eftir Vivaldi í kvöld.

MYND/HEIDA

dóttir sem syngja Messu í D-dúr eftir Dvorák. Selkórinn, undir stjórn Jóns Karls Einarssonar, tekur einnig þátt í flutningnum.

Kórinn hefur fengið mikinn liðsstyrk fyrir tónleikana og telur nú hartnær níutíu söngvara.

freyr@frettabladid.is

Eyrarrósin snýr brátt aftur

Í janúar verður Eyrarrósin, viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarstarf á landsbyggðinni, afhent í annað sinn á Bessastöðum.

Nýlega var auglýst eftir umsókn um Eyrarrósina 2006 og rennur umsóknarfrestur út á mánudaginn 7. nóvember.

Fyrstu Eyrarrósina, sem afhent var á Bessastöðum í janúar síðastliðnum, hlaut Þjóðlagahátíðin á Siglufirði. Hin verkefni tvö sem hlutu tilnefningu í það skipti voru: Aldrei fór ég suður, rokkhátíð alþýðunnar á Ísafirði og listahátíðin Á seyði á Seyðisfirði.

Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda og hljóta þau öll sérstaka kynningu. Eitt þeirra hlýtur Eyrarrósina, verðlaunafé kr. 1.500.000 og verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarins-



MOUSSAIEFF AFHENDIR Myndin er frá afhendingu viðurkenningarinnar í janúar síðastliðnum.

dóttur, til eignar.

Viðurkenningin Eyrarrósin á rætur sínar í samningi sem Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands gerðu árið

2004 um eflingu menningarlífs á landsbyggðinni.

Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú.



ÁSTARFLEYIÐ

FIMMTUDAGA
KL. 21:00

FYLGSTU MED!



Skólástyrkur

- fyrir alla!

Reiknaðu dæmið
til enda...

ADSL tengi í 6 mánuði - 23.340 kr.
Full nýting á bíókorti - 19.200 kr.
Full nýting á tonlist.is - 8.940 kr.
Afgangur 4.800 kr.

Fáðu greitt fyrir að vera
með ADSL hjá okkur!

4 Mb/s

extra light

V16

ADSL

Pú færð
BTnet í næstu
verslun BT!

V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.

á mánuði allt innifalið auk bíókorts
og áskrift af tonlist.is!



- líka fyrir þá sem
eru í skóla lífsins.

Skólástyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- **Frítt í bíó** (gildir í sex mánuði).
- **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á tonlist.is).

Kíktu við í næstu **BT verslun** og fáðu þér áskrift!
Nánar á www.btnet.is

Við hjálpum þér í gegnum námið á fullum hraða!



BTNET

www.btnet.is



TÓNLIST.IS

SMÁRA BÍÓ

REGNBÖGINN

ÁRANGURRÍÐ

HVAR? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

31 1 2 3 4 5 6

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

12.15 Petrea Björk Óskarsdóttir þverflautuleikari og **Þórarinn Stefánsson** píanóleikari flytja íslenska og franska tónlist á hádegistónleikum í Ketilhúsinu á Akureyri, þeim þriðju sem Tónlistarfélag Akureyrar heldur í vetur undir heitinu Litlar freistingar.

19.30 Sinfóníuhljómveit Íslands efnir til tónleika ásamt **Selkórnum** í tilefni af 125 ára afmæli Seltjarnarnesbæjar. Einnig koma fram einsöngvararnir **Þóra Einarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson** og **Davíð Ólafsson**. **Rúnar Vílbergsson** leikur einleik á klarinet.

21.00 Tony Brackley leikur órafmagnaðan blús á Prikinu.

22.00 Gítarleikarnir Ómar Einarsson og **Jakob hagerdorn-Olsen**, sem nefna sig gítardúettinn **Duo Nor**, halda tónleika á Kaffi Rósenberg, Lækjargötu 2.

OPNANIR

18.00 Aðalheiður S. Eysteinsdóttir opnar myndlistarsýningu á Café Karólínu, Kaupvangsstræti 23, Akureyri.

SKEMMTANIR

21.00 Hljómveitin Jakobínarína spilar í Stúdentakjallaranum.

BÆKUR

17.30 Rúna K. Tetzschner opnar Ófétasýningu og les úr nýrri sögu sinni, Ófétabörn, á bókasafni Garðabæjar. **Ósk Óskarsdóttir** leikur á ýmis hljóðfæri við lesturinn.

20.00 Gyrðir Elíasson les úr Upplítað myrkur, **Þorsteinn frá Hamri** les úr Dyr að draumi og **Oddgeir Eysteinnsson** les úr bók **Þórarins Eldjárns**, Hættir og mörk, á ljóðakvöldi á Súfistanum, Laugavegi 18.

KVIKMYNDASÝNINGAR

17.00 Heimildakvikmyndin í jökullanna skjóli, sem fjallar um horfna lífnaðarhætti í Skaftafellssýslum, verður sýnd í Þjóðminjasafni Íslands. Leiðsögn um safnið að lokinni sýningu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



RÚNA K. TETZSCHNER OG ÓSK ÓSKARSDÓTTIR Þær ætla að kynna hinn ævintýrlega Ófétaheim í Bókasafni Garðabæjar í dag.

Yndislegu ófétin eru að koma

„Þessi bók fjallar um ófétin litlu og yndislegu sem búa í blómum og fljúga um á fiðrildum,“ segir Rúna K. Tetzschner, sem efnir til Ófétadagskrár í Bókasafni Garðabæjar í dag þar sem hún les upp úr nýrri bók sinni, Ófétabörn.

Jafnframt opnar hún Ófétasýningu, sem er sýning á myndskreytingum hennar við bókina. Ósk Óskarsdóttir leikur á ýmis hljóðfæri við lesturinn. Ósk og

Rúna flytja líka ófétaljód og ófétalag með söng, tónlist og leikrænum lestri.

„Í ófétaheimi eru bæði gullinhærð og svarthærð ófétin,“ segir Rúna. „Þau eru alltaf að rifast og slást af því að svarthærðum ófétum finnst gullinhærð ófétin svo skrítnin, og gullinhærðum ófétum finnst þau svörtu eitthvað skrítnin líka. En svo gerist það að ófétabörn komast að því að það er enginn

munur á þeim nema liturinn. Þeim finnst deilurnar vera tóm vitleysa og vinna að því að koma á friði.“

Rúna starfar á Þjóðminjasafninu við að rýna í gamalt letur, en hefur gert mikið af því að myndskreyta ljód eftir ýmsa höfunda, þar á meðal sjálfa sig.

Dagskráin á Bókasafni Garðabæjar hefst klukkan 17.30. Sýningin stendur til 11. nóvember, en þá kemur bókinn út.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið	Nýja svið/Litla svið
<p>Salka Valka</p> <p>Í kvöld kl. 20 Blá kort Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/11 kl. 20 Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20</p> <p>Woyzeck</p> <p>Lau 5/11 kl. 20 Rauð kort Fi 10/11 kl. 20 Græn kort Fö 11/11 kl. 20 Blá kort Fö 18/11 kl. 20 Lau 19/11 kl. 20</p> <p>Kalli á þakinu</p> <p>Su 6/11 kl. 14 UPPSELT Su 13/11 kl. 14 Su 20/11 kl. 14 Lau 26/11 kl. 14 Su 27/11 kl. 14</p> <p>Id - HAUST</p> <p>Wonderland, Critic's Choice? og Pocket Ocean 4/11 kl. 20 FRUMSÝNING Su 6/11 kl. 20 Su 13/11 kl. 20 Su 20/11 kl. 20 Mi 23/11 kl. 20 Aðeins þessar 5 sýningar!</p>	<p>Lífsins tré</p> <p>Í kvöld kl. 20 Fö 4/11 kl. 20 UPPSELT Lau 5/11 kl. 20 Fi 10/11 kl. 20 Fö 11/11 kl. 20 Fö 18/11 kl. 20</p> <p>Alveg brilljant skilnaður</p> <p>Su 6/11 kl. 20 UPPSELT Su 13/11 kl. 20 UPPSELT Su 20/11 kl. 20 UPPSELT Su 27/11 kl. 20 AUKASÝNING Má 28/11 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar!</p> <p>Manntafl</p> <p>Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/10 kl. 20 Fi 24/10 kl. 20</p> <p>Miðasala á netinu</p> <p>Einfalt og þægilegt er að kaupa leikhúsmiða á heimasíðu Borgarleikhússins www.borgarleikhus.is Þar er einnig að finna ýmsan fróðleik um verkin sem sýnd verða í vetur.</p>

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Brim fer aftur á fjalirnar

Margverðlaunuð sýning Vesturports, Brim eftir Jón Atla Jónsson, verður sýnd í örfá skipti í nóvember á Litla sviði Þjóðleikhússins.

Sýningin gerist um borð í línuskípi sem veltur um lífsins ólúskjó. Gleði, draumar og söngvar áhafnarinnar renna saman við brælu hafsins og róleysi tilverunnar í ljúfsárum mannlegum gleðileik.



BRIM Úr sýningu Vesturports á verki Jóns Atla Jónssonar.

Leikendur eru þau Björn Hlynur Haraldsson, Gísli Örn Garðarsson, Ingvar E. Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafur Egill Egilsson og Víkingur Kristjánsson, en leikstjóri er Hafliði Arngrímsson.

Umgjörð verksins og leikmynd er unnin út frá þeirri grunnhugmynd að persónur verksins búi við yfirþyrmandi nálægð hver við aðra, í andlegum og efnislegum skilningi. Þrengslin um borð í hinu ónefnda línuskípi eru að sliga allt og alla. Vettvangur leiksins er þröngt stálbúr, messi og káeta neðanþilja. Gólfíð hangir í vírum, ótengt jörðinni og riðar því til og frá við minnstu hreyfingu áhafnararmeðlima, allt er á ferð og flugi.

Jón Atli Jónsson sendi frá sér smásagnasafnið Brotinn takt árið 2001. Hann skrifaði leikritið Draugalest sem Borgarleikhúsið setti upp á þessu leikári

og Brim fyrir Vesturport, sem sýnt hefur verið víða um land. Jón Atli skrifaði einnig Rambó 7 fyrir Leiksmiðju Þjóðleikhússins.

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD

8. sýn. í kvöld fim. 3/11 örfá sæti laus, 9. sýn. fös. 4/11 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 örfá sæti laus, fim. 10/11, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00.

EDITH PIAF

Sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun. 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

BRIM

Fös. 4/11 örfá sæti laus, sun. 6/11, mið. 9/11, lau. 12/11, sun. 13/11. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI

Í kvöld fim. 3/11 uppselt, lau. 5/11 nokkur sæti laus, mið. 9/11 uppselt, fim. 10/11, lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11. Sýnt í nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN

Sun. 6/11. Sunnudagsjass. Margot Kiis.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIDASALUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ

Síðasta sýning
Birgitta
Góða Gullrot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lifið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

SÍÐASTA SÝNING Aukasýning vegna fjölda áskorana Sunnudagur 6. Nóv. kl: 13:30

GRÉTA

ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MED! SÍRKUS

NÝJAR BÆKUR



Bjartur hefur gefið út skáldsöguna **Slepptu mér aldrei** eftir breska rithöfundinn Kazuo Ishiguro í íslensku þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur. Kazuo Ishiguro er einn af fremstu skáldsagnhöfundum samtímans. Bókaforlagið Bjartur hefur gefið út skáldsöguna **Argóarflísina** eftir Sjón. Í þessari kostulegu sögu kynast lesendur Valdimari Haraldssyni, rosnum Íslendingi sem hefur háleitar hugmyndir um áhrif fiskneyslu á menningarstíg norræna þjóða.



Bókaforlagið Bjartur hefur gefið út **Sumarljós, og svo kemur nóttin** eftir Jón Kalman Stefánsson. Um er að ræða safn tengdra sagna sem allar hafa sama sögusvið, smáþorp á Vesturlandi.



Frá JPV ÚTGÁFU er komin út sjötta bókin um Kaffeinn Ofurbrók eftir Dav Pilkey. Hún heitir **Kaffeinn Ofurbrók og líftæknilega horskrímslið. Fyrri hluti: Hnerrað að næturlagi.** Bjarni R. Karlsson þýddi bókina.

Ný útgáfa af Hjálpum þeim

Einar Bárðarson tónleikahaldari og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarmaður eru þessa dagana að undirbúa framleiðslu á nýrri útgáfu af laginu Hjálpum þeim. Lagið var upprunalega hljóðritað árið 1986, gefið út og selt til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar. Nýja útgáfan verður tekin upp í þessum mánuði og er væntanleg í verslanir og á Tónlist.is um næstu mánaðamót. Allur ágóði af sölunni rennur óskiptur til Hjálparstarfs kirkjunnar rétt eins og árið 1986.



ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON

Tónleikurinn BÍTL
 Föstudag 11/11 LAUS SÆTI
 Laugardag 12/11 LAUS SÆTI
 Föstudag 26/11 LAUS SÆTI
"Frábær skemmtun!"
 Landsbankinn
 leff KASTALINN
 552 3000

KRINGLUKRÁIN
Geirmundur Valtýsson um helgina
 - Sérreittamatseðill
 - Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
 - Hópamatseðill
 Borðapantanir í síma 568 0878
 www.kringlukrain.is

Kabarett í íslensku óperunni
Síðustu sýningar – geisladiskurinn kominn út.
05. nóv. UPPSELT
11. nóv. UPPSELT
 Aukasýningar verða fös. 18. fös. 25. og lau. 26. SALA ER HAFIN
 Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is



ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN BORGARLEIKHÚSINU

HAUST

[Íd] Landsbankinn

FRUMSÝNING 04.11.2005
 CRITIC'S CHOICE?
 WONDERLAND
 POCKET OCEAN

FÖS 04. NÓV. **ADEINS**
 SUN 06. NÓV. **5** SÝNINGAR
 SUN 13. NÓV.
 SUN 20. NÓV.
 MIÐ 23. NÓV.

Vörðufélagar fá 50% afslátt á sýningar Íd. Miðasala í Borgarleikhúsinu s. 568 8000 eða á www.id.is

Tökinn hert THE TURN OF THE SCREW
 EFTIR BENJAMIN BRITTEN
 25 ára og yngri: 4. nóv. kl. 20 - 4. sýning
 50% afsláttur af miðaverði í sal: 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
 12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - LOKASÝNING
ATH! Aðeins þessar þrjár sýningar eftir
 Kynning fyrir sýningar á Tökinn hert, 2.- 6. sýning kl. 19.15
 Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.
 www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
 Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400 ÍSLENSKA ÓPERAN

Sýnt í lönó Gestur Síðasta máltíðin
 Hinsegin óperata eftir Gaut G. Gunnlaugsson og Gunnar Kristmannsson
 Næstu sýningar: fim. 3.nóv. kl. 20:00 og lau. 5.nóv. kl. 17:00
 Miðasala í lönó í síma 562-9700, idno@xnet.is og www.midi.is
 "Hugmynd Gunnars og Gauts er snjöll og dárskapurinn fer aldrei yfir þau finu mörk að verða að fflagangi. Það gerir grínið enn betra."
 Bergþóra Jónsdóttir - mbl

Annie eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
SÍÐUSTU SÝNINGAR
★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun! - Fréttablaðið
 fim. 3. nóv. kl. 19
 sun. 13. nóv. kl. 14
 Miðasala í síma 551 4700 alla daga frá kl. 13-17 í gættu húsi HÚSÍÐ OPNAR KL. 23.00
 www.nasais.is

NASA
FÖSTUD. 04. NOV. 2005
MISTRESS BARBARA
 ÁSAMT EXOS & DJ RICHARD CUELLAR
 FORSALA MIÐA Í ÞRUMUNNI 1200 KR.
 MIÐAVERÐ Í HURÐ 1700 KR.
 ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
 HÚSÍÐ OPNAR KL. 23.00
LAUGARD. 05. NOV. 2005
KOSNINGAVAKA
VILHJÁLMS VILHJÁLMSONAR
 HÚSÍÐ OPNAR KL. 21.00
Í FYRSTA SKIPTI Á NASA
STJÓRNIN
EKKI MISSA AF ÞESSU!!!!
 MIÐAVERÐ Í HURÐ 1500 KR.
 ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
 HÚSÍÐ OPNAR KL. 23.30
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
 ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA



But I could not have gone through that, I could not have thrown up 19 times in 48 days if I was not in love with you.

Reuben Feffer útskýrir fyrir Polly Prince af hverju þau tvö eiga að vera saman í hinni rómantísku Along Came Polly

bíó

bio@frettabladid.is

Hefur allt sem til þarf

Það er varla til sá drengur sem ekki hefur dreymt um að eiga kærustu eins og Cameron Diaz. Þessi hávaxna stúlka með ljósa hárið og bláu augun hefur á undanförmum áratug heillað karlpeninginn upp úr skónum og ekki skemmri „colgate“ brosið. Þegar hún kom hingað til lands gaf hún litlið færi á sér en var engu að síður elt á röndum. Eflaust hefur mörgum hugnast að bjóða henni upp á drykk enda Diaz ætíð ofarlega á lista yfir kynþokkafyllstu konur heims. Það er þó ekki bara íþróttamannslega vaxinn kroppurinn sem hefur komið henni á toppinn heldur hefur stúlkan ótvíræða leikhæfileika. Sjálf er Cameron Diaz mikil ævintýramanneskja og hefur dálæti á alls kyns jaðarþróttum. Hún á kúbverskan þabba og þýska mömmu en fluttist að heiman þegar sextán ára aldrinum var náð. Flökkueðlið fékk að njóta sín enda bjó hún á stöðum eins og Japan, Ástralíu, Mexíkó, Marókkó og París. Útlitið útvegaði henni fljótleiga vinnu sem fyrirsæta og 21 árs gömul hóf hún störf sem slík í Kaliforníu.

Eins og svo oft vill verða með þá sem starfa í kvikmyndaborginni stefndi hugurinn fljótleiga að kvikmyndaleik. Það hefur þó eflaust komið mörgum í opna skjöldu þegar hin óreynda fyrirsæta var fengin til að leika á móti Jim Carrey í The Mask. Gúmmífésíð hafði þá gert allt brjáláð sem Ace Ventura og var heitasta nafnið í Hollywood. Diaz stóðst prófaunina með glæsibrag. Leikkonan vildi þó þróa leikstíl sinn frekar og lék í frekar ódýrum myndum á borð við Feeling Minnesota og endurgerðinni Head Above Water. Diaz sneri aftur til Hollywood-framleiðslunnar þegar hún lék á móti Julíu Roberts í My Best Friend's Wedding. Diaz tryggði sér endanlega sess meðal vinsælustu leikkvenna heims í Farrelly-myndinni Það er eitthvað við hana Mary þar sem hún fór með titillutverkið. Diaz getur valið úr hlutverkum í kvikmyndaborginni og kvikmyndir hennar trekkja yfirleitt vel að. Cameron hefur farið þá leið að velja sér verkefni sem eru vel borguð en inn á milli tekur hún að sér hlutverk í „vandaðri“ myndum á borð við Vanilla Sky og Being John Malkovich.



CAMERON DIAZ Ljósa hárið og bláu augun ásamt ótvíræðum hæfileikum til að leika hefur tryggt henni sess meðal fremstu leikkvenna heims.

> Ekki missa af...



...Októberbíófest. Þótt hátíðin í ár skarti ekki stórmýndum á borð við þær sem bornar voru á borð síðast þá er urmull af flottum myndum. Á heimasíðu hátíðarinnar, www.icelandfilmfestival.is, má finna allar nánari upplýsingar um sýningar-tíma mynda sem og hverjar þeirra eru textaðar en það verður að teljast löstur að margar hverjar eru ótextaðar.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA



Two for the Money
Internet movie database 5,9 / 10
Rottentomatoes.com 19% / Rotin
Metacritic.com 2,6 / 10



Four Brothers
Internet movie database 6,8 / 10
Rottentomatoes.com 50% / Rotin
Metacritic.com 6,2 / 10

Corpse Bride
Internet movie database 7,4 / 10
Rottentomatoes.com 81% / Fersk
Metacritic.com 6,8 / 10

In Her Shoes
Internet movie database 7,1 / 10
Rottentomatoes.com 74% / Fersk
Metacritic.com 6,6 / 10



MARK WAHLBERG OG FÉLAGAR Fjórir bræður eftir John Singleton segir frá bræðrum sem ákveða að hefna móður sinnar.

Októberbíófest kryddar tilveru kvikmyndaáhugamanna

Kvikmyndahúsin verða ekki sökuð um að hafa ekki ofan af fyrir gestum sínum þessa helgina. Októberbíófest er í fullum gangi en auk hátíðarinnar verða fjórar kvikmyndir frumsýndar. Þar kennir margra grasa en meðal þess sem kemur við sögu í kvikmyndum helgarinnar eru systur, veðmál og fjórir bræður.

Kvikmynd með Al Pacino vekur alltaf eftirtekt. Hann er lifandi goðsögn í Englaborginni og ekki að ósekju. Á undanförmum árum hefur Pacino þó aðallega verið að leika „al pacino“-hlutverk þó honum bregði fyrir í gæðamyndum öðru hvoru. Pacino leikur reyndar í annarri mynd sem sýnd er á Októberbíófest en það er The Merchant of Venice.

Í Two for the Money leikur Pacino gamla refinn Walter Abrahams en hann sér um ráðgjöf fyrir þá sem vilja veðja á íþróttaleiki. Matthew McConaughey fer með hlutverk sveitastráksins Brandons Lang en hann þykir lunkinn við að geta giskað á úrslit leikja með ótrúlegri nákvæmni. Abrahams fær hann til sín en þegar hæfileikar Langs dvína fer að syrti á álinn auk þess sem sá gamli vill fá meira en góðu

höfu gegnir. Atburðarásin æxlast þannig að þeir leggja snöru hvor fyrir annan í von um geta komið hinum frá borði. Auk Pacino og McConaughey leikur Rene Russo stórt hlutverk í myndinni.

John Singleton spratt fram á sjónarsviðið með miklum látum þegar hann lýsti núturlegri tilveru svartra í kvikmyndinni Boyz N the Hood. Síðan þá hefur ekkert af viti komið frá honum. Já, Shaft eða 2 Fast 2 Furious voru hvorki fugl né fiskur. Four Brothers hefur verið að fá ágætis dóma á vefmiðlum en Singleton nær enn ekki að fylgja eftir glæsilegri frumraun.

Four Brothers segir frá bræðrum sem missa móður sína í misheppnuðu ráni. Þeir eru jafn ólíkir og dagur og nótt en neyðast til að snúa bókum saman ef hennar á að vera hefnt. Þeir eru engir nýgræðingar í þessum málum en komast að því að margt hefur breyst síðan þeir voru sjálfir hluti af glæpaheimnum. Mark Wahlberg fer fyrir fríðum hópi leikara.

Curtis Hanson hefur verið að síðan 1973 en fyrstu myndirnar hans þóttu ekki merkilegur pappír. Á núnda áratugnum fór hann smám saman að klífa frægðarstigann og margir muna eflaust eftir Bad Influence þar sem Rob Lowe og James Spader fóru hamförum í kolsvartri kómedíu um uppana í New York. Ferill Hansons komst í hæstu hæðir með kvikmyndinni L.A. Confidential sem hann



TWO FOR THE MONEY Al Pacino og Matthew McConaughey í hlutverkum sínum sem tveir veðmálarefir sem kljást um yfirráðin.

fyldgi eftir með Wonder Boys þar sem Michael Douglas var frábær í hlutverki rithöfundarins Gradys Tripp. Síðasta mynd Hansons, 8 Mile, skartaði Eminem í aðalhlutverkinu en hún var lauslega byggð á ævi rapparans.

Nú er hann mættur til leiks með ástarsöguna In Her Shoes en það eru Cameron Diaz, Toni Collette og Shirley MacLaine sem leika aðalhlutverkin. Kvikmyndin segir frá sígildri baráttu tveggja

systra sem slást um allt milli himins og jarðar og ástina líka.

Corpse Bride eftir Tim Burton var forsýnd á Októberbíófest en á föstudaginn er komið að eiginlegum frumsýningardegum. Myndin segir frá Victori Van Dort sem er neyddur í hjónaband en flýr í ofvæni á síðustu stundu út í skóg þar sem hans biða óvenjuleg ævintýri.

freyrgigja@frettabladid.is



KIA

ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MED!



Frábær opnunartilboð

Hjá Pitstop fer saman góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.



568 2020

pitstop

Dekkjaverslun og þjónustustöð

Dugguvogi 10 • 104 Reykjavík

Húrra fyrir Burton

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Tim Burton hefur marggöft sannað að hann er einn frumlegasti leikstjóri sem komið hefur frá Hollywood í seinni tíð. Fyrir tólf árum kom út brúðumyndin *The Nightmare before Christmas* þar sem hann fékk tækifæri til að nota hugarfóstur sín frá árunum hjá Disney. Kvikmyndin sló í gegn enda með eindæmum skemmtileg. Ég var því hálfsmeykur við *Corpse Bride*. *Corpse Bride* segir frá Victori Van Dort sem á að giftast að ósk foreldra sinna. Þau eru nýrík en vilja komast í tæri við hefðarfólkið. Sú „heppna“ er Victoria Everglot en þrátt fyrir að það renni blátt blóð í æðum henn-

ar eiga foreldranir ekki bót fyrir rassinn á sér. Þegar kemur að stóru stundinni guggnar Victor þótt honum lítast vel á stúlkuna. Í örvæntingu sinni flýr hann út í skóg þar sem hann dregur hring á fingur líkbrúðar. Upp frá því hefst atburðarrás þar sem beinagrindur og dauður hundur koma við sögu.

Söguvið *Corpse Bride* er líflaust enskt þorp á Viktoríutímanum. Myndin byggir mikið á söng og er tónlist Dannys Elfman hreint út sagt frábær. Það er mikið kjöt á beinunum hvað handritið varðar og allar persónur stórskemmtilegar. Flestar raddir eru mannaðar stórstjörnur frá Hollywood og ef Burton hefur Johnny Depp í aðalhlutverki virðist ekkert geta klikkað.



OKTÓBERBÍÓFESTCORPSE BRIDE

Leikstjóri: Tim Burton og Mike Johnson

Aðalhlutverk: JOHNNY DEPP, HELENA BONHAM CARTER OG EMILY WATSON

Niðurstaða: *Corpse Bride* er ekki barnamynd heldur saga af ást og örlögum fyrir alla aldurshópa.

Corpse Bride jafnast fyllilega á við *The Nightmare before Christmas*. Sami húmor og kraftur liggur hér að baki. *Corpse Bride* er ekki barnamynd heldur saga af ást og örlögum fyrir alla aldurshópa.

Freyr Gíja Gunnarsson



DUSTIN HOFFMAN Hoffman leikur kaup-sýslumann sem gengur allt í haginn í starfi sínu. Fjölskyldan er aftur á móti meira vandamál.

Lærir að verða góður pabbi

Leikarinn Dustin Hoffman hefur tekið að sér aðalhlutverkið í kvikmyndinni *Father Knows Less*. Fjallar hún um kaup-sýslumann sem gengur allt í haginn, nema þegar kemur að vanræktri fjölskyldunni. Leitar hann til tveggja barna sinna til að læra hvernig góður faðir á að vera.

Charles Shyer, sem síðast sendi frá sér *Alfie* með Jude Law í aðalhlutverki, verður leikstjóri myndarinnar. Hann hefur áður leikstýrt myndunum *Father of the Bride*.



ARNOLD SCHWARZENEGGER Vöðvabútið er ekki í upphaldi hjá Warren Beatty og Rob Reiner.

Arnold gagnrýndur

Vöðvabútið Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, er ekki í miklu upphaldi hjá leikurunum og leikstjórunum Warren Beatty og Rob Reiner. Reiner hefur safnað fólki saman til að hringja í kjósendur og fá þá til að sniðganga frumvarp Schwarzeneggers sem skerðir réttindi stéttarféлага. Beatty hefur tekið upp útvarpsauglýsingu þar sem hann hvetur fólk til að kjósa gegn öðru frumvarpi ríkisstjórans. Miðað við þessi tíoindi eru ekki miklar líkur á því að þeir Beatty og Reiner eigi eftir að vinna með Schwarzenegger í framtíðinni.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Lilo & Stitch 2

Stitch fær skammhlaup

LILO OG STITCH ERU KOMIN AFTUR Á DVD OG VHS Í SPLUNKUNÝRRI MYND MED ÍSLENSKU TALI, Í NÆSTU VERSLUN!

MIKID AF SKEMMTILEGU AUKAEFNI!

- Stuttmynd
- Uppruni Stitch
- Komist að því hvernig Stitch eða Tilraun 626 varð til.
- Tónlist og fleira
- Tónlistarmyndbönd
- Flutt af (TBD)
- Baksviðs Disney
- Ófgar tilraunarinnar
- Faið slúðrið um frændfólk Stitch og lærið allt um spurningapátt Jumba.

EINNIG FÁANLEG AFTUR LILO & STITCH Í SÉRSTAKRI ÚTGÁFU

MIKID AF SKEMMTILEGU AUKAEFNI!

SAMMYNDIR

Opinn dagur í öllum deildum Listaháskóla Íslands

4. nóvember 2005, kl. 10.00 - 14.00

Nánari dagskrá hvorrar deildar er að finna á www.lhi.is

Verið velkomin!

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·



MATGÆÐINGURINN: HARPA ÞÓRSDÓTTIR, LISTFRÆÐINGUR HJÁ LISTASAFNI ÍSLANDS

Notar vínberjaolíu í fiskrétti og salöt

> Fátt er meira spennandi...

... en eðalkampavín á hversdagslegum stundum. Hafðu það ískalt og komdu einhverjum á óvart.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Ég gæti ekki verið án banana. Borða þá oft á dag.

Fyrsta minning um mat: Fiskibollur í tómatsósu sem pabbi var flinkur að elda. Með kartöflum að sjálfsgöðu og svo var mjög mikilvægt að stappa þetta á diskinum.

Finnst þér einhver matur vondur? Mér finnst enginn matur vondur, en á í miklum sálfræðilegum erfiðleikum með að borða krabba. Ég er með arachnofóbíu á háu stigi og finnst eitthvað alveg hræðilegt við þetta. Hef aldrei þjolað krabba fyrir utan manninn minn.

Besta máltíð: Æðisleg máltíð

sem við hjónin fengum þegar við bjuggum í Frakklandi í Charentes-héraðinu. Við keyrðum eftir krókóttum sveitavegum í tvo tíma þar til að við komum að tveggja stjörnu Michelin-stað. Matseldin, þjónustan og staðurinn voru ógleymanleg. Algerlega himneskur matur.

Leyndarmál úr eldhússkápnum: Vínberjaolía (huile de pépin de raisin) sem ég nota mikið á hráa fiskrétti og í salöt. Mér finnst líka ótrúlega margt hægt að gera með tómötum.

Hvað borðarðu til að láta



Þér líða betur? Ostaköku. Þá líður mér alltaf vel.

Ef þú værir föst á eyðieyju, hvaða mat tækir þú með þér?

Þá verð ég að minnast á banana aftur. Myndi örugglega komast vel af á þeim.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum: Ég á alltaf til lýsi í flösku handa dóttur minni.

Skrítasti matur: Grísalappir með frönskum kartöflum sem ég borðaði í París. Mjög sleppjulegar og óvæntar.



BEAR CROSSING: Kóalabjörninn í jólaskapi

Bear Crossing er heiti á vínlinu frá ástralska vínfyrirtækinu Angove's. Flöskurnar bera merki Australian Koala Foundation, samtaka til verndar kóalabjörnum en þessi smávöxnu og vinalegu pökadýr eru í mikilli útrýmingarhættu. Hluti andvirðis af hverri seldri flösku rennur til sjóðsins og hefur þetta framtak vakið mikla athygli náttúruunnenda. Miðinn á flöskunni líkist varúðarskiltunum sem eru sett upp við þjóðveggi sem kóalabirnir eru gjarnir á að þramma yfir. Angove's Bear Crossing Cabernet/Merlot vínið hefur vakið athygli og þykir þessi þrúgnasamsetning mjög fersk. Má drekka með flestum kjötréttum, pitsu og mismunandi ostum, einnig mjög gott eitt og sér. Vínið verður á sérstöku tilboðsverði fram að jólum. **Lækkað verð í vínbúðum 990 kr.**



SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR HEIMSÓTTI nýja Íslendinga frá þrettán þjóðlöndum í sumar sem allir opnuðu dyr sínar og buðu í eldhúsið heima, um leið og þeir ljóstruðu upp gömsætum uppskriftum að ljúfmeti og vinsælum réttum frá föðurlandinu. LÓSMYND/PIETUR

Ósigrandi fiskisúpa

„Ég ætla að gefa lesendum uppskrift að fiskisúpunni sem aldrei klikkar,“ segir Snæfríður Ingadóttir, ritstjóri Flugstöðvarblaðsins og rithöfundur sem nú gefur út matreiðslubókina „Opíð hús - menning og matur á Íslandi nútímans“.

„Ég fékk uppskriftina upphaflega frá systur minni sem fékk hana áður frá vinkonu sinni. Þetta er frábær súpa þegar halda á matarboð því hún er matarmikil, og með góðu hvítvíni og brauði er maður kominn með herramansmáltíð fyrir gesti sína,“ segir Snæfríður sem dregur uppskriftina reglulega fram þegar hún býður gestum til borðs í eldhúsinu heima.

„Það er ágætt að gera grunninn deginum áður, og ekki síst hentugt því sjálfur matarboðsdagurinn fer oftast en ekki í tiltekt og snúninga, svo gott er að vera kominn áleiðis með matinn, auk þess sem þessi súpa slær alltaf í gegn,“ segir Snæfríður sem býr ein með læðunni Systu, en sú er matvönd og lítt kröfuhörð á eldamennsku Snæfríðar heima.

„Kisa vill ekki einu sinni soðinn fisk, en handa sjálfri

mér elda ég alltaf hafragraut á morgnana. Það er oft eina eldamennska dagsins því ég nenni yfir höfuð ekki að leggja í mikla matreiðslu fyrir sjálfa mig, en læt veitingahúsin í nágrenninu frekar njóta góðs af matmáls tímum mínum og sæki mér næringu þangað,“ segir Snæfríður sem staðið hefur á samfelldu sex mánaða matreiðslunámskeiði í því augnamiði að safna lystaukandi uppskriftum í nýju matreiðslubókina.

„Við Þorvaldur Örn Kristmundsson ljósmyndari heim sóttum nýja Íslendinga, sem þegar allt er talið koma nú frá 140 þjóðlöndum. Það var því úr vöndu að ráða þegar við völdum úr þeim stóra hópi aðeins þrettán mismunandi þjóðerni, en verkefnið var einstaklega skemmtilegt, fólkið svo gestrisið og ferlið allt lærdómsríkt, ekki síst þegar kemur að eldhússtörfunum því ég hef nú þegar nýtt mér margar uppskriftirnar og hef meira að segja loksins keypt mér wok-pönnu í matseldina,“ segir Snæfríður glöð í bragði, en bók þeirra Þorvalds kemur út hjá Eddu útgáfu um miðjan nóvember.

- MATARMIKIL FISKISÚPA f. 10-12 grunnur (hægt að gera daginn áður)**
- 8-10 laukar
 - 4-6 hvítlauksgeirar
 - 6-8 meðalstórar gulrætur
 - 4 stíllkar af sellerí
 - matarolía
 - 2 msk salt
 - 1 msk karry
 - 1-2 msk garam masala
 - 1 msk. svartur nýmalaður pipar
 - 2 msk sæt paprika (duft)
 - smávegis af cayenna pipar
 - 1 msk timían
 - 3 dósir fláðir tómatar
 - 1-2 dósir tómatar puré
 - 1 lítri vatn
 - 3-4 lárvíðarlauf

Þetta er soðið undir loki í 10 mínútur. Við þetta má bæta fleiri grænum kryddum eins og eftirlæti hafmeyjunnar frá Potta-göldrum, oreganoí eða öðru.

Í grunninn skal síðan bætt:

- 1 flösku af þurru hvítvíni
- góðri slettu af koniaki

Látið suðuna koma upp. Smakkið til og kryddið meira ef þarf. Slökkvið síðan undir pottinum og bætið fiskinum út í. Hægt er að nota hvaða fisk sem er, t.d. skötusel, þorsk, hörpudisk, humarhala og risarækjur. Látið fiskinn bara hvítta, en alls ekki sjóða að neinu viti.

póst húsið

Starfsfólk óskast í næturvinnu

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrtæki á sviði blaða-, bréfa og vörudreifingar.

Hjá Pósthúsinu starfa um eitt þúsund og fjögur hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið óskar eftir að ráða fólk til starfa í næturvinnu. Um er að ræða starf við útbuð á pósti og blöðum á höfuðborgarsvæðinu í forföllum póst- og blaðbera.

Erum að leita að duglegu og samviskusömu fólki annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Áhugasamir hafi samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Pósthússins - www.posthusid.is

Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ, sími 585 8300, fax 585 8309 posthusid@posthusid.is

Hver verður vínklúbbur ársins 2005?

Hin árlega keppni vínklúbba fer fram á vinsýningunni Vín 2005 í Vetrargarðinum í Smáralind helgina 19. til 20. nóvember en Vínþjónasamtök Íslands í samstarfi við ÁTVR standa fyrir sýningunni. Keppnin sem einkennist af léttu yfirbragði gefur áhugamönnum um áfenga drykki kost á að reyna á heilann og skynfærin undir kómískri stjórn Loga Bergmann. Hvert lið er skipað af þremur aðilum sem vinna saman og leysa hinar ýmsu þrautir. Forkeppni er haldin sem felur í sér skriflegt próf um



Team Allied sem sigraði í keppninni í fyrra ásamt spyrilinum Loga Bergmann Eiddssyni og dómaramum Dominique Pleled Jónsson.

almenna þekkingu á léttvínnum ásamt blindsmakki. Úr forkeppninni komast þrjú lið sem keppa til úrslita í spurningakeppni sem helst mætti líkja við spurningakeppni framhaldsskólanna „Gettu betur“. Þess skal getið að keppnin er hugsuð fyrir áhugamenn og þær þrautir sem liðin takast á við eru allar á „léttu nótnum“. Þeir sem hafa áhuga á að skjóta saman í lið eru beðnir um að hafa samband við Þorleif Sigurbjörnsson, forseta Vínþjónasamtakanna, í netfangið tolli75@simnet.is.

PLANETA: Sikileyjarsókn gæðavína

Vín frá Sikiley hafa verið í mikilli sókn undanfarin ár. Fátækt ríkti lengstum á eyjunni fögru og endurspegladist það í víngerðinni, vínin voru flest einföld borðvín. Með stórstígum breytingum á efnahagslífinu syðra hefur vín-ræktin fengið aukið fjármagn auk þess sem margir kunnir vínframleiðendur annars staðar frá hafa fjárfest í víngerð þar. Þetta hefur skilað sér í stórbættum vínunum og hafa þau vakið mikla athygli undanfarinn áratug og sópað til sín verðlaunum á vínsýningum. Í fyrstu vöktu hin smjörkenndu og miklu hvítvín athygli en síðar fylgdu í kjölfarið einkar áhuga-verð rauðvín, gjarnan mjög sól-rík og kraftmikil úr staðbundnum

þrúgum. Þær þrúgur reyndust oft helst til kraftmiklar og óslípaðar og hafa sikileyskir víngerðarmenn því í auknum mæli farið að blanda hefðbundnum þrúgum saman við þær staðbundnu. Planeta er ein kunnasta víngerð Sikileyjar og þau vín eyjarinnar sem bestri fótfestu hafa náð á Íslandi. Alessio, Francesca og Santi Planeta stofnuðu fyrirtækið rétt liðlega þritug og frumkvöðlaeldmóður þeirra bylti sikileyskri víngerð. Vínkrurnar eru á fjórum stöðum á suðurhluta eyjarinnar, á heitustu og þurrustu stöðunum sem liggja samt mjög nálægt sjó. Þessi sérstöku skilyrði skila sér í mjög karakt-ermiklum vínunum.

Planeta La Segreta Rosso er blanda af nero d'avola, merlot og syrah. Bragðmikið, berjaríkt og kryddað. Verð í vínbúðum 1.290 kr.

Planeta La Segreta Bianco er blanda af grecanico, chardonnay, viognier og sauvignon blanc. Ilmríkt, bragðmikið og mjúkt með hnetu- og ferskjukeimi. Verð í vínbúðum 1.290 kr.



VEITINGASTAÐURINN

VÍN OG SKEL
LAUGAVEGI 55B, 101 RVK



Ostrur og rómantík

Hvernig er stemningin? Vín og skel er nýr staður í veitingaflórinni í Reykjavík og er kærkomin tilbreyting frá yfirhönnuðum stöðum með naumhyggjulegum matseðlum. Hann lítur út eins og kósi lítill franskur bistró, þar sem umhverfið er látlaust en lífandi. Staðurinn er inni í afskaplega krúttlegu portí inn af Laugaveginum og fyrir utan er skemmtileg verönd þar sem verður eflaust yndislegt að njóta veitinga næsta vor. Staðurinn er lítill en á tveimur hæðum og innréttingar eru einfaldar. Kertaljós og marókkóskar lugtir gefa skemmtilega suðræna stemningu, auk krítartöflunnar sem hangir fyrir miðju þar sem gefur að líta matseðilinn. Stelli- in eru skemmtilega ósamstæð sem setur heimilislegt yfirbragð á staðinn. Einnig er hægt að fá sér kaffi og kökur um eftirmiðdaginn.

Matseðillinn: Aðaluppistaðan á matseðlinum er ferskt sjávarfang eins og kræklingur, ostrur, humar og tigrisrækjur. Einnig er boðið upp á matarmiklar súpur, og hrefnukjöt á spjóti, ásamt klassískum frönskum réttum eins og cassoulet sem er kjúkl- ingakássa með grænmeti og rauð- vínssósu. Vínlistinn er mjög skemmti- legur og hægt er að fá afbragðs vín í glasatali. Vert er líka að minnast á að kampavín hússins er frá franska fram- leiðandanum Nicolas Feuillates og er afbragðsgott. Leffe bjórinn belgíski á krananum er afbragðsgóður og fer sérlega vel með kræklingnum.

Vinsælast: Ferskur kræklingur er án efa skemmtilegasti réttur húss- ins og kemur annaðhvort í 400 eða 500 gramma skömmtum. Hann er framreiddur í potti ásamt ljúffengu soði úr tómötum, sellerí og lauk og kemur með fjölbreyttu meðlæti sem samanstendur af couscous, grænmet- is-confit, lauk í balsamedikslegi og hvítlaukskartöflum. Einstaklega góður vetrarréttur sem setur yli í kroppinn. Vín og skel er einnig einn af örfáum íslenskum stöðum sem bjóða upp á ostrur. Ostrurnar eru frá norðurhluta Frakklands og eru afbragðs forréttur ásamt ögn af rauðvínssediki og skallot- lauk. Hægt er að fá matarmikla súpu á högværu verði í hádeginu.

Virkar tannkrem sem freyðir nánast ekkert?



Flest tannkrem innihalda efni sem freyða talsvert mikið í munnum. zendium inniheldur hins vegar einungis mild freyðiefni. Ástæðan er einfaldlega sú að það er ekki freyðiefnið sem hreinsar tennurnar.

zendium virkar vel þótt það freyði lítið vegna þess að góð tannhirða snýst ekki um mikla froðu og bragð.

Prófið einnig nýja tannkremið

Fresh+White
Hvítari tenur
Frísklegt bragð
Inniheldur zink sem vinnur gegn andremmu



zendium inniheldur mild efni sem vinna með náttúrulegum hreinsi- eiginleikum munnholsins.

Nýja zendium tannkremið inniheldur ensím, zink og colostrum (broddmjólk) og veitir tönnum mjög góða vörn gegn bakteríum.

Með zendium tannkremi verður tannhirðan hvort tveggja í senn, mild og árangursrík.





Vilhjálmur kann að syngja

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hélt nýlega fund á Hótel Borg sem sérstaklega var ætlaður eldri kynslóðum Reykvíkinga. Fundurinn var vel sóttur og ljóst er að mikill áhugi er meðal þessa hóps á borgarmálunum. Á fundinum fór Vilhjálmur

meðal annars yfir þau helstu mál sem hann vill leggja áherslu á á næsta kjörtímabili og lagði áherslu á málefni eldri borgara. Auk Vilhjálmsson héldu einnig Guðmundur H. Garðarsson og Jóna Gróa Sigurðardóttir stutta tölu. Ræðu-



Í GÓÐUM FÍLING Smári Arnarsson ásamt syni sínum og Andrési Pétri sem er einn af bestu vinum Jóhönnu dóttur Vilhjálmsson.



FÉLAGARNIR Páll Júlíusson og Halldór Einarsson í Henson er dyggir stuðningsmenn Vilhjálmsson.



VERTU EKKI AÐ HORFA SVONA ALLTAF Á MIG Vilhjálmur er þrusugóður söngvari. Það sannaðist best þegar hann tók lagið með Ragga Bjarna.

höld og umræður hljóta þó að hafa fallið í skuggann af aðal skemmtiatriði kvöldsins en þá tók Vilhjálmur lagið með hinum vinsæla Ragga

Bjarna og sungu þeir lagið Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig sem hlýtur að hafa fallið í góðan jarðveg gesta á Hótel Borg.

Ekkert hrafnaþing

Bláamaðurinn og forsetinn Hrafn Jökulsson varð fertugur á þriðjudaginn. Fjöldi fólks lagði leið sína í Þjóðleikhúskjallaranum og samgladdist honum. Hrafn hefur á undanförunum árum verið að gera veg skáklistarinnar hér á landi sem mestan í starfi sínu sem forseti Hróksins. Hann hefur einnig verið ötull talsmaður þess að greiða fyrir skákíþróttarinni á Grænlandi og farið þangað með flokk manna í þeim tilgangi að kynna forvarnargildi hennar.

MYNDIR: FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



MÁLIN KRUFIN Það fór vel á með Einarí Karli Haraldssyni og Karli Th. Birgissyni.



SÖNGFUGLINN FÆR ÞAKKIR Ragnheiður Gröndal, söngkonan geðþekka, fær hér ástarþakki frá Hrafni Jökulssyni fyrir flutning sinn.



URÐU TIL Á SAMAN ÁRINU Kristján Hreinsson afhendir afmælisbarninu skákbók sem er jafngömul honum sjálfum.



FJÖLSKYLDUBANDIÐ Synir Hrafns, þeir Örnólfur og Þorsteinn Máni, spiluðu nokkur lög fyrir föður sinn og uppskárú mikið lófaklapp.



MARGT UM MANNINN Kristín Sigurðardóttir, líflæknir Hróksins, alþingiskonan Margrét Frimannsdóttir og Jón Gunnar Óttósson, forstjóri Náttúrfræðistofnunar voru meðal þeirra sem samglöddust Hrafni á tímamótunum.



TEKIÐ TIL MÁLS Óssur Skarphéðinsson er þekktur sem mikill ræðuskörungur og fengu gestir smjörþefinn af hæfileikum hans.



GJÖRÐU SVO VEL BRÓÐIR SÆLL Elisabet, systir Hrafns, dreifir glimmeri yfir bróður sinn í tilefni dagsins.



GÓÐIR SAMAN Fornbókasalinn Gísli Bragason hefur eflaust haft eitthvað til málnanna að leggja þegar hann ræddi málin við Kristján Hrafnsón og Ásgeir Friðgeirsson.

ORMSSON

HIMNASENDING FYRIR ÍSLENSK HEIMILI!



DÚXINN Í DEKRINU

ORKUNÝTNI: **A**
ÞVOTTAHÆFNI: **A**
ÞURRKHÆFNI: **A**



AEG

UPPÞVOTTAVÉL MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBOÐI

- TEKUR 12 MANNA STELL • 5 ÞVOTTAKERFI • 4 HITASTIG • EINSTAKLEGA HLJÓÐLÁT OG SPARNEYTIN • TÍMAVAL • TURBO-ÞURRKUN, ÞURRKAR MEÐ HEITUM BLÆSTRI • 6 FALT VATNSÖRYGGISKERFI (AQUA CONTROL) • LJÓS INN Í VÉLINNI
- FRAMLEIDD Í ÞÝSKALANDI • ÍTARLEG NOTENDAHANDBÓK Á ÍSLENSKU

AEG FAVORIT 65053U-W
HVÍT:

79.900.- stgr.

Listaverð: 85.913.-

AEG FAVORIT 65053U-M
STÁL:

89.900.- stgr.

Listaverð: 96.667.-

Umboðsmenn
um land allt

LÁGMÚLA 6
SÍMI 530-2800

SMÁRALIND
SÍMI 530-2900



Nánari upplýsingar á www.ormsson.is

HUGSABU STÓRT
SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE PERFECT CATCH
Frá elskstjórn There is Something About Mary
Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita
För beint á toppinn í USA

Africa United
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurúr um heiminn
"MEISTARASTYKKI" H.E. Málið

RED EYE
Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita
För beint á toppinn í USA

Sýnd kl. 5, 8 og 10.45 Sýnd í Lúxus kl. 5, 8 og 10.45 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 4 og 6

Sýnd kl. 10 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 3.50 með íslensku tali.

450 Kr.

Dolby Digital, JDD, IEX, BÍÓ.IS - allt á einum stað

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Africa United
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurúr um heiminn
"MEISTARASTYKKI" H.E. Málið

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessica Biel í aðalhlutverkum.

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

OKTÓBERBÍÓFEST
26. október - 14. nóvember

Pusher II • Sýnd kl. 6
Dönsk tal

Murderball • Sýnd kl. 6
Enskt tal

Separate Lies • Sýnd kl. 8
Enskt tal/Íslenskur texti

Solkongen • Sýnd kl. 8
Dönsk tal

Site Specific • Sýnd kl. 10
Enskt tal

Fakiren fra Bilbao • Sýnd kl. 10
Dönsk tal

www.icelandfilmfestival.is

FOUR BROTHERS Sími 553 2075 - bara íslenskt

DOOM
HÖRDU HASARMYND BYGGU Á EINHUM VINSÆLASTA TÖLVULEIK ALLRA TÍMA

THE DESCENT
"Þrjústísta þrjústísta ástísta"

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:30

Sýnd kl. 6 og 10:30 kl. 16 ára

Sýnd kl. 6 og 10:30 kl. 16 ára

Sýnd kl. 8 og 10 kl. 16 ára

Sýnd kl. 8 og 10:30 kl. 16 ára

Ungfrú hvellhetta

TÓNLIST [UMSÖGN]

Fyrir þremur árum varð Niomo McLean-Daley, betur þekkt sem Ms Dynamite, að stjórnu nánast á einni nóttu. Frumraun hennar, A Little Deeper, þótti afbragðs blanda af bresku garage og bandarísku RnB. Textar hennar voru beittir og opinskáir. Í viðtölum hikaði hún ekki við að skjóta á bresk stjórnvöld og virtist vera í persónulegri herferð til að gera heiminn að betri stað. Fyrir það vann hún Mercury-verðlaunin og meiri athygli en hún hafði nokkurn tíma þorað að vonast eftir. Þá frikaði hún út á frægðinni, varð ófrísk og lét sig hverfa.

Núna snýr hún aftur, allt of seint, með aðra breiðskífu sína. Það er kannski satt að seint sé betra en aldrei, en þegar ég hlusta á þessa plötu finnst mér eins og hún hafi hlaupið yfir kafla í sinni eigin þróunarsögu.

Ms Dynamite er fín söngkona sem kemst vel frá sínu. En hún er ekki nægilega sérstök söngkona til þess að halda uppi heilli plötu ef lögin eru ekki útsett á frumlegan hátt. Útsetningarnar voru stór hluti af velgengi fyrri plötunnar en þessi nýja hljómar bara eins og hver önnur bandarísk RnB plata. Þar með er sérstaða Ms Dynamite horfin. Bresku bílskúrsáhrifin staðsettu hana á tónlistarkortinu, en á þessari plötu hljómar hún bara eins og hver önnur snót sem óskar þess heitast að verða að divu. Textarnir eru svo sem finir. Hér



MS DYNAMITE: JUDGEMENT DAY
Niðurstaða: Ms. Dynamite rýfur þriggja ára þögn en sprengiefnið virðist vera blautt. Hún hefði betur tekið sér enn lengri tíma því þessi plata er hvorki nægilega beitt, gripandi né skemmtileg.

og þar eru týpískar aðvaranir um að allt sé að fara niður um salernið. Svo gerist hún mjög persónuleg og lætur þabba sinn heyrja það, sem hafði fyrst samband við hana eftir að hún var orðin fræg eftir lífs-langa fjarveru. Loklag plötunnar er svo opið bréf til Tonys Blair, forsætisráðherra Breta. Besta lag plötunnar, Fall In Love Again, virðist vera uppgjöf Dynamite í endalausri leit að ástinni.

Það er vissulega ánægjulegt að sjá og heyrja í Ms Dynamite aftur. Vonandi nær hún bara að halda sér á floti, því hún er augljóslega hæfileikarík. Það breytir því þó ekki að þessa nýju plötu hennar sárvantar meiri sérstöðu og sterkari lög. Hljómar meira eins og hvellhetta en dínámít.

Birgir Örn Steinarrson

Nældu sér í fjögur K

Hljómsveitirnar Sign, Dr. Spock og Rass fá fjögur K af fimm mögulegum í nýjasta hefti breska rokkímarsins Kerrang! fyrir frammistöðu sína á Iceland Airwaves-hátíðinni.

Sign og Dr. Spock spiluðu báðar á sérstöku Kerrang!-kvöldi sem var haldið í Hafnarhúsinu. Einnig kom þar fram hljómsveitin Juliette & the Licks og fá tónleikar hennar þrjú K í einkunn. Tónleikar Ensími kvöldið eftir fá þrjú K. Greinarhöfundur líkir Sign við hljómsveitina HIM og segir Ragnar Zolberg, söngvara, leiða sveitina á áhrifamikinn hátt þrátt fyrir ungan aldur. Hann er einnig mjög hrifinn af Dr. Spock. „Annar söngvarinn er stór maður sem óskar á lýðinn en hinn lítur út fyrir að vera brjáláður próffessor frá áttunda áratugnum,“ segir hann og á þar við Óttar Proppé.



KERRANG! Sign, Juliette Lewis og International Noise Conspiracy komu fram á Airwaves-hátíðinni.



ORRI HARDARSON Tónlistarmaðurinn Orri Hardarson hefur gefið út sína fjórðu sólóplötu.

Kærleikur og gleði

Skagamaðurinn Orri Hardarson hefur gefið út plötuna Trú. Þetta er fjórða plata Orra en fyrsta plata hans, Drög að heimkomu, kom út árið 1993.

Orri, sem hefur verið búsettur á Akureyri undanfarnin ár, segist hafa byrjað að vinna að plötu í apríl á þessu ári. „Ég var búinn að klára sjö lög en var ekkert ánægður með það efni þannig að ég kastaði því. Svo í sumar samdi ég fjórtán laga bunka á tveimur dögum í einhverri manískri gleði. Helmingurinn af því fór á þessa nýju plötu,“ segir Orri.

Áð sögn Orra er megin umfjöllunarefni plötunnar kærleikur og gleði. „Ég var orðinn svolítið leiður á þessari bölsýni í mér. Ég held að það sé jafnvel erfiðarara fyrir menn eins og mig að skila frá sér svona plötu. Það er miklu

auðveldara að vera í einhverjum heimsósóma.“ Orri fékk þekktu hljóðfæraleikara til liðs við sig fyrir upptökurnar, þar á meðal Pálma Gunnarsson, sem spilar á bassa, KK og Marc Breiffelder, sem spilar á munnhórpu með hljómsveit KK, The Grinders. Ber hann þeim öllum vel söguna, rétt eins og söng- og leikkonunni Arnbjörgu Hlíf Valsdóttur sem kemur víða við sögu á plötunni.

Hvað varðar titil plötunnar, Trú, segist Orri hafa litið yfir textana og séð að þeir fjölluðu flestir um trú á lífið og allt það jákvæða. „Trú er hugtak sem fólk er vöðalega upptekið af í dag. Mér hefur hún ekki fundist hún leiða fólk í sérstaklega góð mál. Það er miklu betra að trúna bara á kærleikann enda fara menn ekki með ófriði í nafni kærleikans,“ segir Orri.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sarah Jessica Parker mun leika í væntanlegri mynd sem kallast The Family Store. Leikkonan sem þekktust er fyrir leik sinn í þáttunum Sex and the city mun leika stífa eiginkonu í myndinni. „Persónan sem ég leik er þrjúsk og stíf og þegar hún getur ekki stjórnað öllu í kringum sig verður hún miður sín,“ sagði Sarah. „Hún áttar sig ekki á því hvenær hún á að hætta að tala og þegar hún reynir að klóra sig í gegnum óþægileg augnablik þá gerir hún illt verra með blaðrinu.“



Tónleikar á Flúðum

Útgáfutónleikar reggísveitarinnar Hjálmar verða haldnir á Flúðum 11. nóvember. Nýjasta plata Hjálma, sem er samnefnd sveitinni, var tekin upp í félagsheimilinu á Flúðum og því þótti við hæfi að halda tónleikana þar. Býst tónleikahaldari við glaumi og gleði langt fram á nótt. Miðasalan á tónleikana hófst í gær. Fer hún fram í verslunum Skífunnar og BT og á midi.is.



HJÁLMAR Reggísveitin Hjálmar heldur útgáfutónleika sína föstudaginn 11. nóvember.

Frábært úrval af kvennfatnaði í öllum stærðum
Bolir - Buxur - Peysur
Einungis 4 verð:
500.- 1000.- 1500.- 2000.-
Komdu og gerðu langbestu kaupin í bænum!

ZIKZAK
OUTLET
MÖRKINNI 1 - REYKJAVÍK

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR Í: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÖNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVÍMYNDAHÚS LANDSINS • HÁKADÖRGI • S. 530 1119 • www.haskolabio.is

Robert Downey Jr. Val Kilmer

KISS KISS BANG BANG

Frá höfundri Lethal Weapon
Kynlíf. Morð. Dulúð.
Velkominn í partyið.

TWO FOR THE MONEY

FORSYNING

OKTÓBERBÍÓFEST

Í Háskólabíó og Þróttgötu 28. október - 14. nóvember 2005

Nánari upplýsingar um myndir og dagskrá á
www.icelandfilmfestival.is

JODIE FOSTER

FLIGHTPLAN

HYVERDU LAHMIT NITROX HÚ DANGA TIL AN ENDSHETTSTA HAN SEM ÞÉR DE KASTA?

BREW BARRYMORE JIMMY FALLON

THE PERFECT CATCH

She's into work. He's into sports.
Will they ever get into each other?

L'enfant

EDDURVEGARI GULLPÁLMANS
Á CANNES 2005

ENSKT TAL ISL. TEXTI

ÁLFABAKKI

KISS KISS BANG BANG KL. 6-8-15-10.30 B.I. 16

KISS KISS BANG BANG VIP KL. 3.45-6-8-15-10.30

FLIGHTPLAN KL. 3.50-6-8-15-10.30 B.I. 12

WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4-6

WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 6-8-15-10.30

CINDERELLA MAN KL. 10.30 B.I. 14

THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14

GOAL KL. 8.15

VALIANT ísl. tal KL. 3.40

SKY HIGH KL. 3.50

CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.50

KEFLAVÍK

CINDERELLA MAN KL. 8

FLIGHTPLAN KL. 8

AKUREYRI

MUST LOVE DOGS KL. 8-10

FLIGHTPLAN KL. 8-10

KRINGLAN

KISS KISS BANG BANG KL. 6-8-10.30 B.I. 16

TWO FOR THE MONEY FORSYNING KL. 8 B.I. 16

PERFECT CATCH KL. 6-8-15-10.30 B.I. 12

FLIGHTPLAN KL. 10.15

WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 6

FROZEN LAND KL. 5.30

RIZE KL. 6

THE ASSASSINATION OF RICHARD NIXON KL. 8

L'ENFANT KL. 8-10

HIP HIP HORA! KL. 10

DOOM KL. 5.45-8 B.I. 16 ára

FLIGHTPLAN KL. 10.10 B.I. 12 ára

CINDERELLA MAN KL. 5.30-8.30 B.I. 14 ára

ÁLFABAKKI ☎ 387 8900 KRINGLAN ☎ 388 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1770



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL Söngkonan Ragnheiður Gröndal er að gefa út sína þriðju sólóplötu.

Ný plata frá Ragnheiði

Söngkonan Ragnheiður Gröndal hefur gefið út plötuna After the rain. Hún hefur áður sent frá sér tvær sólóplötur sem báðar hafa selst mjög vel og á síðasta ári var hún valin söngkona ársins.

After the Rain er fyrsta plata

Ragnheiðar þar sem hún syngur alfarið lög og texta eftir sjálfa sig. Lagið It's your turn hefur þegar fengið mjög góðar viðtökur. 12 Tónar gefa plötuna út.

Útgáfutónleikar Ragnheiðar Gröndal verða haldnir í Íslensku óperunni þann 17. nóvember.

Æðst allra kvenplötusnúða

Plötusnúðurinn Mistress Barbara þeytir skífum á Nasa næstkomandi föstudagskvöld. Exos, Tómas THX og Dj Rikki Cuellar munu einnig troða upp.

„Hún er æðst allra kvenplötusnúða í teknóheiminum og er búin að vera það í mörg ár,“ segir Addi tónleikahaldari. „Hún var hér um páskana í fyrra og það tókst afar vel. Þetta eru alltaf mjög góð kvöld hjá henni. Hún notar þrjá plötusplára og tvo geislasplára. Þetta verður mjög þétt klúbba-stöff,“ segir hann.

Mistress Barbara, sem heitir réttu nafni Barbara Bonfiglio, fæddist á Sikiley á Ítalíu árið 1975. Fljótlega fluttist hún til Montreal í Kanada og hefur búið þar síðan.

Frá tólf ára aldri var hún trommari í hinum og þessum hljómsveitum. Árið 1994 skipti Barbara um stíl og gerðist plötusnúður. Síðan hefur hún spilað út um allan heim með þekktum plötusnúðum á borð við Masters at Work og Carl Cox.



MISTRESS BARBARA Barbara er að koma hingað til lands í fjórða skiptið.

Þetta er í fjórða skiptið sem Barbara kemur til Íslands. Hefur hún áður spilað á Thomsen, Gauknum og á Nasa. Forsala miða á tónleikana, sem hefjast klukkan 23.00, fer fram í Þrumunni á Laugavegi.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kate Moss hefur ákveðið að flytja frá London í þeim tilgangi að forðast fyrirverandi kærasta sinn, Pete Doherty, og eiturlyfjaknina. Fyrirsætan ætlar að leigja út heimili sitt í London og flytja til Cotswolds. Auk þess hefur hún ráðið tvo verði til þess að halda Doherty og félögum hans í burtu frá sér.



að fólk verði vitrara með aldrinum. „Allt þetta rugl um að þú verðir hamingjusamari og öðlist meiri visku með aldrinum er hugarburður. „Ég hef ekki bætt við mig neinni visku og hef ekkert orðið rólegri. Ég myndi gera sömu mistökinn aftur í dag,“ segir hann.



Leikkonan úr þættinum Alias, Jennifer Garner, hefur tekið að sér hlutverk í erótiska tryllinum Sabbatical. Garner er ófrísk um þessar mundir eftir eiginmann sinn Ben Affleck og því nokkuð í að tókur á myndinni hefjist.



Jennifer Aniston er öll í skráumum og marblettum eftir að hafa leikið í kynlífsenu á móti leikaranum Clive Owen í væntanlegri mynd þeirra, Derailed. „Ég fékk marbletti á fótleggina, ekki fallett. En þegar adrenalíníð er á fullu þá finnur maður ekki fyrir neinu,“ sagði hún í viðtali við The Sun.



Madonna er yfir sig hissa á því hve fáir sækja kirkju í Bretlandi. „Í Ameríku endurfæðast allir sem kristnir en í Bretlandi virðist enginn trú á guð,“ sagði hún í nýlegu viðtali við tímaritið Attitude. „Ég held að fólk sé mun gagnrýna í hugsun hér í Bretlandi og mörgum finnst trú á guð vera algjör vitleysa. Reyndar finnst mér það eðlilegra viðhorf en að taka blint við þeirri trú sem er rétt að manni.“



Tom Cruise ihugar nú að kaupa hús leikkonunnar Renee Zellweger í Pomfret, Connecticut. Zellweger og fyrirverandi eiginmaður hennar Kenny Chesney keyptu húsið saman í maí eftir að hafa gíft í skyndi. Cruise er nú að leita að heimili í sveitinni fyrir nýju fjölskylduna sína. „Hann og Katie elska þá tilhugsun að ala upp fjölskyldu í sveitasælunni,“ sagði vinur leikarans.



Leikstjórninn Woody Allen, sem verður sjötugur 1. desember, segir ekkert hæft í því

Kaupauki
fylgir hverri OROBLU vöru

OROBLU

Kynningar í Lyf og heilsu kl. 13-17 á nýju vetrartískunni frá OROBLU

- Fimmtudag, 3. nóv. í Domus Medica
- Föstudag, 4. nóv. í Hveragerði
- Föstudag, 4. nóv. í Kringlunni

Lyf & heilsa
Við hlustum!



Furðulegur fyrirtækjabíkar

Fyrirtækjakeppnin í körfubolta tók á sig nýja og óvenjulega mynd í gær þegar hún breytti um nafn. Varð að Powerade-bikarum í stað Hópbilabikarsins. Það væri svo sem ekki í frásögur færandi nema að búið er að leika fjölmarga leiki í keppninni undir nafninu Hópbilabikarinn. Sigurvegararnir vinna því í raun annað mót en þeir tóku þátt í til að byrja með. Alveg magnað.

sport
sport@frettabladid.is

KVENNALIÐ HAUKA OG KARLALIÐ KEFLAVÍKUR Í KÖRFUBOLTA: BJÓÐA Í EVRÓPUVEISLU Í KVÖLD

„Baby Shaq“ mætir í Hafnarfjörðinn

Það verður sannkölluð körfuboltaveisla í kvöld þegar kvennalíð Hauka og karlalíð Keflavíkur verða í eldflunni í Evrópukeppninni. Haukar mæta feykisterku liði Ribera frá Ítalíu í Hafnarfirðinum en Keflvíkingar taka á móti finnsku meisturunum í Lappeenranta í Keflavík. Með Ribera kemur til landsins gríðarlega öflugur leikmaður, Ebony Hoffman að nafni, en hún spilar í WNBA-deildinni í Bandaríkjunum á sumrin. Er hún oft nefnd „Baby-Shaq“ - og ber viðurnefnið með rentu, enda yfir 100 kíló að þyngd, 190 sentimetrar á hæð og gegnir svipuðu hlutverki í sínu liði og hinn raunverulegi Shaq gerir hjá Miami Heat í NBA.

„Hún er algjört tröll en getur samt hreyft sig ótrúlega lipurlega,“ segir Hel-

ena Sværísdóttir, lykilmáður í liði Hauka. „Við erum búnað að sjá upptöku af síðasta leik þeirra og hún er klárlega aðalmaðurinn í liðinu. Hún er mikið undir körfunni og er með alveg svakleg skrífl.“ Ribera er á toppi riðilsins sem stendur og hefur unnið báðar viðureignir sínar. „Þetta er mjög sterkt lið en við reynum fyrst og fremst að hafa gaman af þessu og fá smá reynslu í leiðinni,“ segir Helena.

Keflvíkingar töpuðu fyrri leik sínum gegn Lappeenranta ytra í síðustu viku en Magnús Þór Gunnarsson, skyttan öfluga, segir að annað verði uppi á teningnum í þetta skiptið. „Leikurinn leggst



frábærlega í mig og það verður gaman að hefna sín. Við ætlum að vinna og með meira en 15 stiga mun,“ segir Magnús sjálföruggur en það þyrftu Keflvíkingar helst að gera til að eiga meiri möguleika á að komast áfram. Fari svo að liðið tapi í kvöld eru möguleikar liðsins hins vegar endanlega úr sögunni. „Það gerist ekki. Þetta lið er mjög svipað okkur og leggur mikla áherslu á 3-stiga skotin. Því má búast við mjög hröðum og opnum leik í kvöld. Pottþétt skemmtun,“ segir Magnús.

> Fær Valur aðra kærur?

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins íhuga FH-ingar það alvarlega þessa dagana að kæra knattspyrnufélagið Val fyrir að ræða við samningsbundna leikmenn félagsins án leyfis. Það yrði þá þriðja kærnan sem Valur fær fyrir að ræða ólöglega við leikmenn á skömnum tíma. KSÍ sektaði Val fyrir að ræða við Eyjapeyjann Atla Jóhannsson án leyfis en Víkingur dró sína kærnu til baka á þriðjudag. Sömu heimildir herma að mikill pírtingur sé innan hreyfingarinnar vegna vinnubragða Vals og einnig er óánægja út í KSÍ fyrir að taka ekki almennilega á Valsmönnum.



ÚR SPORTINU

Finnski varnarmaðurinn hjá Liverpool, Sami Hyypia, segist vera að íhuga að hætta að leika með finnska landsliðinu til að geta gefið meira af sér hjá félagsliði sínu. Hyypia segir að með því geti hann lengt feril sinn hjá Liverpool umtalsvert.



„Næsta undankeppni byrjar ekki fyrr en í ágúst svo að ég hef nægan tíma til að hugsa um það. Ég fæ fínt frí frá landsliðinu núna og ég ætla að sjá til hvernig mér líður eftir það. Ef mér finnst ég verða miklu ferskari hjá Liverpool gæti verið að ég legði landsliðsskóna á hilluna,“ segir Hyypia.

Mótshaldarar Gothia Cup, stærsta unglingsfótboltamóts í Evrópu og líklega heimsins, eru staddir hér á landi og munu halda kynningarfund á Grand hótel í kvöld kl. 20. Mótið fer árlega fram í Gautaborg í Svíþjóð og skipta keppnislið hundruðum og koma hvaðanæva úr heiminum. Í gegnum árin hafa fjölmörg íslensk félög sent sína fulltrúa á mótið og ætti engin breyting að verða á því í ár.

Líklega á leið í Val

Jóhann Þórhallsson mun að öllum líkindum skrifa undir samning við bikarmeistara Vals í dag. Grindavík lifir enn í voninni en sú von er veik.

FÓTBOLTI Bikarmeistarar Vals gera það ekki endasleppt á leikmannamarkaðnum þessa dagana. Þeir skrifuðu undir samning við Pálma Rafn Pálmason og Val Fannar Gíslason í vikunni og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru yfirlingarnir líkur á því að Jóhann Þórhallsson skrifi undir samning við Val í dag.

„Valið stendur á milli Vals og Grindavíkur og ákvörðunin hefur staðið nokkuð í mér. Því er ekki að neita,“ sagði Jóhann við Fréttablaðið í gærkvöldi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Jóhann funda með Willum Þór Þórssyni, þjálfara Vals, snemma í dag og sömu heimildir herma að Valur muni boða til nýs blaðamannafundar í Puma-búðinni síðar um daginn.

„Það verður gott að ljúka málinu enda tekur það alltaf á að taka stórar ákvarðanir. Eina sem ég get lofað er að ég mun taka ákvörðun



JÓHANN ÞÓRHALLSSON Skrifað að öllum líkindum undir samning við bikarmeistara Vals í dag.

á morgun,“ sagði Jóhann að lokum en fjöldi félaga hefur sýnt honum áhuga síðustu vikur en aðeins tvö

lið voru tilbúin að bjóða honum samning sem hann sætti sig við. - hbg

NBA-deildin í körfubolta hófst á nýjan leik í fyrradag:

Dallas Mavericks sigraði í maraþonleik

KÖRFUBOLTI Leikur Phoenix og Dallas gefur svo sannarlega góð fyrirheit fyrir komandi tímabil í NBA-deildinni í körfubolta en í þessum fyrsta leik tímabilsins í fyrirkvöld var boðið upp á tvær framlengingar og gríðarlega spennu þar sem Dallas hafði að lokum sigur, 111-108. Dirk Nowitzki var með 28 stig og tók 15 fráköst fyrir Dallas og leiddi magnaða endurkomu liðsins í fjórða leikhlu, en þegar rúmar sjö mínútur voru eftir höfðu heimamenn í Phoenix 17 stiga forystu.

„Þetta var mjög sérstakur leikur,“ sagði Nowitzki eftir leikinn. „Við gáfumst aldrei upp og eftir að við náðum að knýja fram framlingingu kom aldrei til greina að tapa,“ bætti Þjóðverjinn við.

„Þetta var mjög sárt,“ sagði Steve Nash, fyrrum leikmaður Dallas en núverandi leikmaður Phoenix. „En svona gerist þegar maður er með nýtt lið í höndunum. Svona tap gerir ekki annað en að styrkja okkur,“ sagði Nash jafnframt en í liði Suns voru aðeins fjórir leikmenn frá því á síðustu leiktíð, þar af aðeins tveir í byrjunarliðinu. Liðið saknaði sárlega síns besta leikmanns, Amare Stoudemire, en hann þarf ennþá fjóra mánuði til viðbótar til að jafna sig eftir uppskurð á hné.

Meistarar San Antonio byrjuðu nýtt tímabil með sigri á Denver, 102-91, þar sem nýi leikmaðurinn Michael Finley dró vagninn fyrir San Antonio með 11 stigum í fjórða leikhlu. „Hann er klassa atvinnumaður og hræðist ekki að taka skot. Hann spilaði mjög vel í kvöld,“ sagði Gregg Popovich, þjálfari meistaranna, eftir leikinn. Finley skoraði alls 16 stig í



BOLTINN RÚLLAR Á NÝ Tim Duncan þótti nokkuð ryðgaður með San Antonio gegn Denver í fyrirkvöld en náði þó að setja 19 stig og hirða 10 fráköst. Hér sést hann skora eina af körfum sínum í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

leiknum en stigahæstur var Tim Duncan með 19 stig og 10 fráköst.

Í öðrum leikjum þessa fyrsta leikdags deildarinnar sigraði New Orleans lið Sacramento öruglega, 93-67, þar sem P.J. Brown skoraði 20 stig fyrir New Orleans. Peja Stojakovic var stigahæstur Sacramento með 18 stig. Þá bar Milwaukee sigurorð af Philadelphia, 117-108, þar sem Michael Redd skoraði 22 stig fyrir Milwaukee en hjá Philadelphia voru Allen Iverson og Chris Webber algjörir yfirburðamenn, Iverson með 35 stig en Webber með 32. - vig

ÚR SPORTINU

Damien Duff, hinn írski vængmaður Chelsea, segir ekkert krísuástand ríkja í herbúðum liðsins eftir óvenjulega slæmt gengi að undanförmu. Ófærir Chelsea byrjuðu með jafntefli gegn Everton fyrir tveimur vikum og á eftir fylgdu tap gegn Charlton, sigur gegn Blackburn þar sem liðið fékk á sig tvö ódýr mörk og á þriðjudag tapaði liðið fyrir Real Betis. „Fólk talar um krísu en við leikmennirnir sjáum það ekki þannig. Við erum ennþá með jákvæðina í fyrirrúmi og ég tel að Chelsea hafi aldrei spilað jafnvel frá því að ég kom til liðsins,“ segir Duff og minnir jafnframt á að Chelsea hafi verið með lakari árangur í deildinni á sama tíma í fyrra.

Lúkas Kostic hefur verið ráðinn þjálfari u-21 árs landsliðs Íslands í fótbolta og tekur þannig við starfi Eyjólf Sværissónar sem tók við starfi A-landsliðsþjálfara fyrir skemmstu. Kostic hefur stjórnað u-17 ára landsliði Íslands frá árinu 2003 en áður hafði hann stjórnað liði Þórs, Grindavíkur, KR og Víkings í efstu deild. Lúkas skrifaði undir þriggja ára samning við KSÍ.

Alex Ferguson er sagður ætla að leggja allt sitt traust á ungstirnið Wayne Rooney og sér hann vera manninn sem getur snúið við vondu gengi Man. Utd síðustu misseri. Rooney hefur misst af síðustu tveimur leikjum liðsins vegna leikbanns og án hans hefur liðið ekki verið samt við sig. „Það er mjög mikilvægt að vera búinn að fá Rooney aftur. Hann er svo frábær leikmaður að leikur liðsins batnar mikið bara við það að hafa hann inni á vellinum. Hann er líka mun þroskaðri en jafnaldrar hans,“ segir Ferguson.



Fylkismaðurinn Helgi Valur Daniélfson hefur skrifað undir þriggja ára samning við sænska liðið Öster, en gengið var frá kaupnum seint í fyrradag. Öster vann sér sæti í úrvalsdeildinni á næsta

ári og ætlar félagið sér stóra hluti á næstu árum. „Helgi er góður leikmaður og býr yfir mikilli reynslu þrátt fyrir ungan aldur,“ sagði Lasse Jacobsen, þjálfari Öster,

á heimasíðu félagsins. Fimm aðrir íslenskir leikmenn hafa spilað fyrir Öster í gegnum tíðina; Teitur Þórðarson, Guðmundur Steinsson, Stefán Þórðarson, Stefán Magnússon og Þorvaldur Maken Sigurbjörnsson.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði níu mörk og var markahæstur fyrir Gummersbach þegar liðið vann öruggan sigur á utandeldarliðinu Leiblinger í þýsku bikarkeppninni í handbolta í fyrirkvöld, 40-22. Róbert Gunnarsson skoraði þrjú mörk fyrir Gummersbach. Magdeburg sigraði Minden, 32-24, þar sem Arnór Atlason skoraði þrjú mörk fyrir Magdeburg en Sigfús Sigurðsson komst ekki á blað. Snorri Steinn Guðjónsson lék nánast ekki neitt með Minden vegna meiðsla.

FDV

Umhverfissinnar þiggja peninga frá álrísa

„Írónískt en
Rannveig er
til fyrirmyndar“

þeirir þegar aðrir þegja!

**SIAL
HITABLÁSARAR**

Hágæða rafmagns-
og steinoliublásarar

Margar stærðir og gerðir
- hagstætt verð

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · 110 Reykjavík
Sími 544 5470 · www.murbudin.is

Frábær opnunartilboð

Hjá Pitstop fer saman góð vara,
frábært verð og framúrskarandi
þjónusta.

BEBOODRICH Flíspeysa
Fyrir keppnum dekkjagangri undir þessu

568 2020

pitstop

Dekkjaverslun og þjónustustöð
Dugguvogi 10 · 104 Reykjavík



ETO'O Lætur Mourinho heyra það.

Samuel Eto'o::

Er ekki vel við Mourinho

FÓTBOLTI Samuel Eto'o, framherji Barcelona, segir að Jose Mourinho, stjóri Chelsea, sé meginástæðan fyrir því að hann hafi hafnað því að ganga til liðs við félagið. Chelsea hefur lengi verið á höttunum á eftir Eto'o og bauð honum fúlgur fjár til að koma til Englands í sumar, en Eto'o stóð alltaf á sínu og harðneitaði.

„Það er einkum vegna þess að Mourinho á það til að tala niður til allra í kringum sig. Ég sagði honum það augliti til auglitis eftir leik Barcelona og Chelsea í meistaraeldinni í fyrra,“ sagði Eto'o við spænska fjölmiðla í gær.

Hinn skæði sóknarmaður Kam-erúns kveðst enn fremur óhræddur um sína stöðu hjá Barcelona fari svo að Thierry Henry komi til liðsins á næstu leiktíð, eins og sterkur orðrómur er nú um. „Ég færi ekki til Chelsea þó að Henry kæmi til Barca. Þó að Diego Maradona tæki fram skóna að nýju myndi ég ekki fara frá Barca,“ segir Eto'o hreinskilinn eins og honum einum er lagið.

„Haldið þið virkilega að Thierry Henry myndi hrekja mig í burtu? Hann gæti alveg eins komið og setið á bekknum. Það stríðir gegn almennri skynsemi að skilja mig eftir á bekknum.“

- vig

Ég kaus ekki peningana

Þórður Guðjónsson hafnaði girnilegu tilboði frá Íslandsmeisturum FH og mun þess í stað skrifa undir samning við uppeldisfélag sitt, ÍA. Samningurinn er til þriggja ára. Þórður stefnir á að komast í landsliðið.

FÓTBOLTI Þórður Guðjónsson var klárlega stærsti bitinn á leikmannamarkaðnum hér á landi og mörg félög renndu hýru auga til hans í upphafi. Á endanum stóð valið á milli tveggja liða, ÍA og FH. Skagamenn vissu sem var að tilboð þeirra var síðra en hinna en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefði Þórður fengið sex milljónir króna í árslaun hjá FH eða 500 þúsund krónur á mánuði.

Lengi vel var talað um að Þórður væri á leið í FH en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að ÍA hafi hækkað tilboð sitt fyrir skömmu og það virðist hafa dugað. Hann skrifar undir þriggja ára samning við ÍA í dag.

„Það hefði verið erfíð ákvörðun að ganga ekki til liðs við ÍA. Hér liggja ræturnar og ég ætla mér að flytja hingað með fjölskylduna,“



KVADDI MEÐ STÆL Þórður kvaddi Skagann árið 1993 með tveimur titlum og markakóngstíttli.

sagði Þórður við Fréttablaðið í gær en hann segist þekkja ágætlega til Skagaliðsins þótt hann hafi síðast leikið með liðinu árið 1993. Þá varð hann Íslandsmeistari og markakóngur með 19 mörk.

Þórður segist enn vera mjög metnaðarfullur knattspyrnumaður og hefur alls ekki gefið upp þann draum að leika með íslenska landsliðinu á nýjan leik.

„Ég er mjög metnaðarfullur og hef ekki lokað á landsliðið. Þær dyr eru alltaf opnar. Ég veit ekki hver markmið nýja þjálfarans eru og hvort hann þurfi á reynslumanni eins og mér að halda. Ég mun ekki segja nei ef kallið kemur,“ sagði Þórður sem sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu að hann hefði ekki áhuga á því að koma heim til Íslands og vinna frá 8-5, fara svo á æfingu og eyða þar af leiðandi litlum tíma með fjölskyldunni.

„Ég er búinn að vera úti í tæp 13 ár og þar hefur gefist mikill frítími. Ég er ekki hrifinn af því að umturna lífi fjölskyldunnar á þann hátt í einni svipan,“ sagði Þórður sem hefur jafnvel hugsað sér að setjast á skólabeck.

Peningamál knattspyrnumanna á Íslandi hafa verið mikið í umræðunni síðustu daga og eins og áður segir hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að FH hafi verið til í að greiða Þórði hálf milljón á mánuði. Þórður segir það ekki vera neitt launungarmál að hann hafi sætt sig við lakari samning en FH bauð honum.

„Ég kaus ekki peningana og það er ekki það sem ég var mest að horfa á þótt vissulega skipti peningar máli í þessu sambandi.“



HEFUR METNAÐ FÜRIR LANDSLIÐINU Þórður segist enn hafa metnað fyrir hönd landsliðsins og mun ekki hafna sæti í landsliðshópnum berist það á annað borð.

Það skiptir máli að geta komið heim og lifað sómasamlega af boltanum og þurfa ekki að fara að vinna strax. Það skiptir máli fyrir fjölskylduna því það eru nógu

mikil viðbrögð fyrir alla að flytja heim,“ sagði Þórður Guðjónsson, leikmaður ÍA.

henry@frettabladid.is

HYUNDAI
hefur gæðin

Góður, betri... stærstur

VELDU SANTA FE, STÆRSTA SPORTJEPPANN FRÁ HYUNDAI.
ÁREIÐANLEGUR FJÖLSKYLDUBÍLL OG KRAFTMIKILL FERÐALANGUR.



HYUNDAI
SANTAFE

Verð frá kr. 2.670.000

Bill á mynd: Hyundai Santa Fe 2.0 dísel, með 17" álfelgum og samlitun



Með bílinn handa þér

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 12 TIL 16.



ARSENE WENGER Má búast við sáttahönd frá Jose Mourinho á næstunni.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea:

Vill sættast við Arsene Wenger

FÓTBOLTI Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, kvaðst í gær vilja binda enda á deilur sínar við kollega sinn hjá Arsenal, Arsene Wenger. Mourinho kallaði Wenger „gluggagægi“ um helgina og í kjölfarið hótaði Wenger að fara í meidyrðamál við Portúgalann málgláða. „Í fyrsta lagi þá gerði ég mér fyllilega grein fyrir því að ummæli mín um Wenger voru hörð. Ég vissi vel að hann myndi bregðast illa við,“ sagði Mourinho í gær.

„En á Stamford Bridge eigum við skýrslu með öllum ummælum Wenger um Chelsea. Og sú skýrsla er ekki fimm blaðsíður á lengd - hún er 120 blaðsíður. Tilgangur ummæla minna var að sýna fram á að nú væri komið nóg,“ sagði Mourinho, en skömmu áður hafði Wenger sakað Chelsea um að spila leiðinlegan fótbolta.

„Hans næstu viðbrögð verða væntanlega mjög hörð en ég held að hann ætti að hætta þessum ummælum. Ef hann hættir ekki, þá erum við klárir í slaginn.“

- vig

Engin bönd héldu Roy Keane í viðtalinu við MUTV sem aldrei var sýnt:

Við þurfum að losa okkur við leikmenn í janúar

FÓTBOLTI Roy Keane hefur verið frá vegna meiðsla í sex vikur og á þeim tíma horft á Manchester United falla aftur fyrir lið á borð við Wigan, Bolton og Charlton í ensku úrvalsdeildinni. Og nú er hann búinn að fá nóg.

„Það hefur verið rætt um að við þurfum að fá til okkur nýja leikmenn þegar glugginn opnar á ný í janúar. Því er í raun öfugt farið - við ættum að losa okkur við

Roy Keane um:

EDWIN VAN DER SAAR

„Hann átti að verja skotið sem varð að fyrsta marki Boro. Þetta var ekki erfitt skot.“

JOHN O'SHEA

„Hann var alltaf bara að dýtla sér þegar hann hefði átt að vera á sprettinum til baka í vörðina.“

RIO FERDINAND

„Þó að þú sért með fimmtán milljónir á viku í laun og spilar vel í tuttugu mínútur á mót Tottenham, þá ertu ekki sjálfskipuð ofurstjarna. Hasselbaink fór illa með hann í öðru markinu. Ég hef séð Rio lenda í þessu áður. Mjög slakur varnarleikur.“

DARREN FLETCHER


„Ég einfaldlega skil ekki alla þessa dýrkun á Darren Fletcher í Skotlandi.“

KIERAN RICHARDSON

„Hann gaf vítaspyrnu. Hann er latur varnarmaður sem átti skilið að vera refsað. Hann var ekki að sinna skyldu sinni.“

ALAN SMITH

„Hvað í ósköpunum er hann að gera inni á vellinum? Það var eins og hann væri týndur - hann veit ekkert hvert hlutverk hans er í liðinu.“



SEGIR SAMHERJUM TIL SYNDANNA Roy Keane er ekki sáttur með framgöngu samherja sinna í ár og segir að félagið verði að losa sig við nokkra útvalda leikmenn í janúar.

skellir sökinni á eldri og reyndari leikmenn liðsins og segir þá hafa brugðist ungum leikmönnum liðsins. „Þeir eru ekki leiðtogar inni á vellinum, eins og þeir eiga að vera. Það býr enginn karakter í þessu liði. Leikmennirnir hafa brugðist félaginu, knattspyrnustjóranum og stuðningsmönnum,“ sagði Keane og bætti við að 4-1 tapið fyrir Middlesbrough um síðustu helgi hefði ekki komið sér

á óvart. „Ég hef verið að bíða eftir svona úrslitum síðustu vikur.“

Keane hafði þó ýmislegt út á ungu leikmennina í liðinu að setja og sagði þá ekki vera að vinna fyrir kaupinu sínu. „Þeir hafa enga titla unnið og eru ekki með forgangsroðina á hreinu. Þeir halda að það að fá nýjan og betri samning sé toppurinn. Þeir halda að þeir hafi „meikað“ það. Svo er heldur betur ekki.“

- vig

Breiðablik styrkist enn:

Elín Jóna til Breiðabliks

FÓTBOLTI Knattspyrnukonan Elín Jóna Þorsteinsdóttir hefur ákveðið að ganga í raðir Íslandsmeistara Breiðabliks í knattspyrnu.



Elín Jóna er 24 ára gömul og var lykilmanneskja í liði KR fyrir nokkrum árum en hætti að spila eftir tímabilið 2002 og settist á skólabekk. Hún var á þeim tíma einnig í íslenska landsliðinu og komist hún í gott form er ekki spurning að hún mun styrkja Blikaliðið verulega. - hbg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

31 1 2 3 4 5 6

Fimmtudagur

LEIKIR

19.15 Haukar og Ribera mætast í Evrópukeppni kvenna í körfubolta á Ásvöllum

19.15 Keflavík og Lappeenranta mætast í Evrópukeppni karla í körfubolta í Keflavík

SJÓNVARP

07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn. Þátturinn er endursýndur fjórum sinnum til 09.40 og síðan aftur kl. 18.20 og 22.30.

16.40 Meistaradeildin á Sýn. Útsending frá leik Man. Utd. og Lille frá því í gær.

19.00 Inside the PGA-Tour á Sýn.

20.00 NFL-tilþríf á Sýn.

21.00 A1 Grand Prix á Sýn.

21.00 Olíssport á Sýn. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði dagsins.



VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDID

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er spameytinn og slær keppinasutum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbilsa setur Volvo V50 á stali hjá fjölskyldutóki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hlöðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbilsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bak-hrykksvörn, SIPS hlíðarækkstranvarmarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hlíðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómlutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, uppithúð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysidöflugu 170 og 220 hestafía vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu

Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafía 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíll ársins 2005“ og bættist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðuðu nýtt stjórnbörð sem ekki átti að vera hægt að framleiða.



Volvo V50 bensín. Verð frá 2.545.000 kr.*

Volvo V50 dísil. Verð frá 2.845.000 kr.*

ÚRSLIT GÆRKVÖLDSINS

DHL-deild karla:

FRAM-STJARNAN 26-26 (12-9)
Mörk Fram: Jóhann Gunnar Einarsson 8, Sergey Serenko 5, Haraldur Þorvarðarson 4, Rúnar Kára-son 4, Sigfús Sigfússon 2, Stefán Baldvín Stefán-son 2, Sverrir Björnsson 1, Björgvín Björgvínsson 1.

Varin skot: Egídjús Petkevicius 14/1, Magnús Erlendsson 4/1.

Mörk Stjarnan: Björn Friðriksson 6, Títe Kalandadze 4, David Kekelia 4, Arnar Thoroddsen 4, Þórólfur Nielsen 2, Gísli Björnsson 2, Pátrekur Jóhannesson 1.

Varin skot: Roland Valur Eradze 12, Jacek Kowal 6.

FYLKIR-KA 33-25

Mörk Fylkis: Arnar Sæþórsson 9/1, Arnar Jón Agnarsson 8, Brynjar Þór Hreinsson 4, Sigurður Valur Jakobsson 4, Eymar Kruger 3, Ásbjörn Stefánsson 3, Heimir Örn Árnason 2.

Varin skot: Hlynur Morthens 18, Guðmundur Karl Geirsson 3.

Mörk KA: Bjartur Máni Sigurðsson 6/1, Andri Snær Stefánsson 4, Goran Gusic 5/3, Ólafur Sigurgeirsson 2, Guðmundur Hermannsson 1, Elvar Halldórsson 1, Jónatan Magnússon 1, Ragnar Snær Njálsson 1, Gústaf Linberg 1, Hörður Fannar Sigþórsson 1.

Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 9, Hafþór Einarsson 4.

VALUR-ÍBV 38-34

FH-SELFOSS 36-29

Mörk FH: Andri Berg Haraldsson 8, Finnur Hansson 7, Valur Arnarson 5, Hjörleifur Þórðarson 4, Sigursteinn Arndal 3, Jón H. Jónsson 3, Línas Kalagauskas 3, Tómas Sigurbjörnsson 2, Pálmi Hliðversson 1.

Mörk Selfoss: Hörður Bjarnason 9, Vladimír Duvic 7, Einar Örn Guðmundsson 5, Ramunas Mikalonis 3, Karl Brynjar Larsen 2, Ivar Grétarsson 1, Bergsveinn H. Magnússon 1, Gylfi Már Ágústsson 1, Einar Jónsson 1.

AFTURELDING-HK 27-24

VÍKINGUR/FJÖLNIR-ÍR 27-31

HAUKAR-ÞÓR AK. 38-31

Mörk Hauka: Andri Stefan 9, Árni Sigtryggsson 8, Freyr Brynjarsson 5, Halldór Ingólfsson 5, Samúel Ivar Arnason 4, Ólafur Björnsson 3, Gísli Jón Þórisson 2, Arnar Pétursson 2.

Mörk Þórs: Brendan Þorvaldsson 8, Aigars Lasdins 6, Rúnar Sigtryggsson 5, Arnór Gunnarsson 4, Bjarni Bjarnason 3, Sindri Haraldsson 3, Sigurður Sigurðsson 1.



JÓHANN GUNNAR GÓÐUR Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson skorar hér eitt af átta mörkum sínum í gær án þess að Títe Kalandadze geti nokkuð að gert. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjarnan náði stigi í spennuleik

Fram missti unninn leik niður í jafntefli gegn Stjörnunni á heimavelli í gær.

FÓTBOLTI „Þetta er ótrúlega svekkjandi, við erum að gera sömu mistökinn leik eftir leik. Við erum agalausir í fjórum sóknum í röð þar sem við áttum að klára þetta. Við erum alltaf að reyna að laga þetta en svo gerist þetta alltaf sjálfkrafa. Að vissu leyti spilar óheppnin alltaf inn í, þetta var ekki að falla fyrir okkur núna. Algjör mistök að ná ekki að vinna þetta,“ sagði Jóhann Einarsson, leikmaður Fram, eftir að liðið gerði jafntefli 26-26 við Stjörnuna í gær. Jóhann var markahæstur í liði Safamýrarpilta með átta mörk úr ellefu tilraunum.

Jafnræði var með liðunum til að byrja með og var Stjarnan 7-6 yfir þegar heimamenn settu í girinn og höfðu þriggja marka forskot í hálfleik, 12-9.

Þetta forskot þeirra hélst síðan lengst af seinni hálfleiks en eftir að hafa komist yfir 24-20 fóru þeir að slaka á klónni. Þegar mínúta

var eftir var forysta þeirra aðeins eitt mark, 26-25. Þeir misstu boltann og Björn Friðriksson náði að jafna fyrir Stjörnuna þegar níu sekúndur voru eftir og tíminn of naumur fyrir heimamenn. Björn var markahæstur í liði Stjörnunnar með sex mörk, þar af fimm í seinni hálfleik.

„Það var frábært að fá eitthvað úr þessum leik undir lokin og það sýnir leikmönnum að maður á aldrei að hætta. Fram spilar agaðan sóknarleik en við höldum haus og sýndum þolinmæði og vorum góðir á móti þeim. Við fengum einn óhagsstæðan dóm á móti okkur þarna undir lokin þegar það var dæmd lína, ég hélt að það væri víti. Þá varð ég svartsýnn á það að við næðum að jafna en annars stóðu dómaramennir sig frábærlega og við vorum heppnir að fá þá í þennan leik,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörnunnar.

elvar@frettabladid.is

KA gerði enga frægðarför í Árbæinn: Öruggt hjá Fylki gegn KA

HANDBOLTI Það var ljóst frá fyrstu mínútu hvert stefndi. Fylkir komst í 6-1 og hélt gestunum við efnið með samheldinni vörn og léttleikandi sóknarleik þar sem boltinn gekk manna á milli með leifturhraða og norðanmenn áttu engin svör.

Í síðari hálfleik hélt sama sagan áfram og Fylkir innbyrti finan sigur gegn toppliði KA.

Arnar Jón Agnarsson átti prýðilegan leik sérstaklega í sókn og var að vonum ánægður í leikslok; „Við spiluðum frábæra vörn og spiluðum vel allir sem einn.“ - ghó



MARK Akureyringurinn Arnar Sæþórsson skorar hér gegn KA. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Úrvals parketlím á frábæru verði



Nibofloor PU 18 13 kg
 Tveggja þátta leysiefnalaust pólýurethane lím fyrir iðnaðarmanninn. Verð: **7.150 kr.**

Nibofloor PK 40 14 kg
 Eins þáttar alhliða parketlím. Ódyrt og einfalt í notkun. Verð: **3.400 kr**

Nibofloor PK Elastic 17kg
 Hágæða eins þáttar leysiefnalaust parketlím. Verð: **7.617 kr**



MURBÚÐIN

Byggingavörverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



VOLVO
for life

Öll eran við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkar ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar þans eitt: að uppfylla óskir þinar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stad til að vera á. Við eran með þér alla leið!



Öruggur staður til að vera á



STAR WARS III

REVENGE OF THE SITH



LENDIR Í
VERSLANIR
02/11/05

ADALVINNINGUR ER
**SONY HEIMABÍO OG
ALLT STARWARS SAFNIÐ!** *
SENDU SMS SKEYTIÐ
BTC SW3 Á NÚMERIÐ 1900
SVARAÐU EINNI SPURNINGU UM
STARWARS OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF AUKAVINNINGUM:
STARWARS III Á DVD • ALLAR STARWARS MYNDRNAR
STARWARS BOLIR • TÖLVULEIKIR
STARWARS Á DVD • FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM
KIPPUR AF COCA COLA

LOKAKAFLINN Í VINSÆLUSTU KVÍKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA!



© BaseCamp VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRÁLIND, KÓPAVOGI, MÍÐ PVI/AD TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 149 KR/SKEYTIÐ. * ADALVINNINGUR ER DREGIN ÚR ÖLLUM INNSENDUM SMS SKEYTUM



MARKIÐ DÝRMÆTA Acimovic sést hér setja boltann fram hjá Van der Saar, markverði United. Þetta mark reyndist sigurmark leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

A-riðill:

C.BRUGGE-RAPID VÍN	3-2
0-1 KÍND (1.), 1-1 Portillo (9.), 2-1 Balaban (25.), 3-1 Verheyen (63.), 3-2 Hofmann (81.).	
JUVENTUS-B.MÜNCHEN	2-1
1-0 Trezeguet (62.), 1-1 Deisler (66.), 2-1 Trezeguet (85.).	
JUVENTUS	4
9	
BAYERN	4
9	
C.BRUGGE	4
6	
R.VIENNA	4
0	

B-riðill:

ARSENAL-SPARTA PRAG	3-0
1-0 Thierry Henry (23.), 2-0 Van Persie (82.), 3-0 Van Persie (86.).	
FC THUN-AJAX	2-4
0-1 Sneijder (27.), 1-1 Lustrinelli (56.), 1-2 Anastasiu (63.), 2-2 Adriano (74.), 2-3 De Jong (90.), 2-4 Boukhari (90.).	
ARSENAL	4
12	
AJAX	4
7	
THUN	4
3	
S.PRAG	4
1	

C-riðill:

BARCELONA-PANATHINAIKOS	5-0
1-0 Van Bommel (1.), 2-0 Eto'o (14.), 3-0 Messi (34.), 4-0 Eto'o (40.), 5-0 Eto'o (65.).	
W.BREMEN-UDINESE	4-3
1-0 Klose (15.), 2-0 Baumann (24.), 3-0 Micoud (51.), 3-1 Di Natale (54.), 3-2 Di Natale (57.), 3-3 Schulz, sjm (60.), 4-3 Micoud (67.).	
BARCELONA4	10
UDINESE	4
4	
PANATHIN.	4
4	
W.BREMEN	4
4	

D-riðill:

LILLE-MAN. UTD	1-0
1-0 Acimovic (38.).	
BENFICA-VILLARREAL	0-1
0-1 Senna (81.).	
VILLARREAL4	6
LILLE	4
5	
MAN.UTD	4
5	
BENFICA	4
4	

Man. Utd beið af- hroð í Frakklandi

Staða Sir Alex Ferguson hjá Man. Utd versnaði til muna í gærkvöldi þegar United lá á útivelli fyrir franska félaginu Lille. Leikur United var slakur og sigur Lille mjög sanngjarn.

FÓTBOLTI Þær gerast æ háværarir raddirnar í Manchester sem vilja Sir Alex Ferguson burt úr stól knattspyrnustjóra hjá félaginu. Lið United hefur hvorki verið fugl né fiskur í vetur og var niðurlægt um síðustu helgi gegn Middlesbrough. Ekki tók betra við í gær þegar liðið lá fyrir miðlungliði Lille í Frakklandi.

Franska liðið lék ágætlega og United átti aldrei svar við baráttu-uglödum heimamönnum. Í raun var það Lille sem skapaði flest opin færi í leiknum og United má teljast heppið að hafa ekki tapað stærra.

D-riðillinn er galoppinn í kjölfarið og United langt frá því að vera öruggt áfram.

Barcelona er aftur á móti komið áfram eftir flugeldasýningu gegn Panathinaikos þar sem Samuel Eto'o skoraði þrennu. Mesta fjör-íð var samt í leik Werder Bremen og Udinese. Þýska liðið komst í 3-0 en gestirnir neituðu að gefast upp og jöfnuðu í síðari hálfleik. Bremen vaknaði þá til lífsins á ný og marði sigur, 4-3.

Arsenal var sannfærandi gegn Spórtu frá Prag enda Henry mætt-



Í BANASTUÐI Ronaldinho og Samuel Eto'o voru veislustjórar á Nou Camp í gær þegar Barcelona „borðaði“ gríska liðið Panathinaikos. Lokatölur í leiknum voru 5-0 fyrir Barca. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ur aftur og hann skoraði fyrsta markið en Van Persie kláraði leikinn með tveimur fínum mörkum undir lokin. - hbg

Pitstop opnar á Íslandi

Frábær opnunartilboð



Í heimi akstursíprótta merkir pitstop örstutt pása. Ökumaðurinn fær tækifæri til að anda á meðan billinn er yfirfarinn og skipt er um dekk. Hjá Pitstop dekkjaverslun og þjónustustöð að Dugguvogi 10 í Reykjavík er farið eftir sömu formúlu. Viðskiptavinirnir njóta hvíldarinnar á Pitstop Café, glugga í blöðin eða athuga tölvupóstinn og leyfa krökkunum að dunda sér í leikhorninu. Við sjáum um bílinn á meðan.

Eftir furðuskamman tíma eru bill og eigandi til í næsta hring.



pitstop

Dugguvogi 10 • 104 Reykjavík

☎ 568 2020



Hjá Pitstop fer saman góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.

SONY®

Allt þetta

í einum pakka



KLVS32A10
SONY 32" LCD SJÓNVARP

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m²
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

219.950 krónur

Skýrari mynd en þú átt að venjast
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.



HTSS600
SONY HEIMABIÓ

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Basshátalari

49.950 krónur

DVP-NS360
SONY DVD SPILARI

- Spilar R-1, R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar
CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JPEG
DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

12.950 krónur

Heildarpakkinn!
18.329 kr.
á mánuði* í 12 mánuði
eða 219.950 krónur staðgreitt.

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I'll be honest with you, I love his music, I do, I'm a Michael Bolton fan. For my money, it doesn't get any better than when he sings „When a Man Loves a Woman“!“

6961 000
Bob Sjálfell í kvikmyndinni Office Space
Svar:

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SIX FEET UNDER Á SJÓNVARPSSKJÁINN Óhamingjusöm en áhugaverð fjölskylda

Það eru góð tíðindi að þátturinn Six Feet Under sé aftur kominn á dagskrá Stöðvar 2. Eins og margir vita fjallar hann um bræðurna Dave og Nate Fisher sem reka útfarabjónustu. Þátturinn er ansi margslunginn og vandaðari en flest af því sem kemur frá Bandaríkjunum. Fisher-bræðurnir og fjölskylda þeirra glímir við hin ýmsu vandamál í lífinu, rétt eins og við hin, og eins og í fyrri þáttaröðum voru þau ekki af skornum skammti í fyrsta þættinum á mánudaginn. Hinn samkynhneigði Dave vill eignast barn með kærasta sínum Keith. Fyrst voru þeir að spá í að ætleiða barn. Síðan vildu þeir fá leigumóður sem myndi ganga með barn

Keith. Hvað sem verður er ljóst að þeir yrðu góðir foreldrar og bíð ég spenntur eftir því að fylgjast með framvindu mála. Nate kvæntist hinni þunglyndu Brendu sem á geðsjúkan bróður. Brenda missti fóstur í þættinum daginn fyrir giftinguna og eins og gefur að skilja var hún ekkert sérlega hress þegar kom að brúðkaupinu. Nate vildi endilega reyna aftur að eignast barn því það er heitasta ósk Brendu. Vonandi tekst þeim ætlunarverkið og verða hamingjusamari en áður. Móðir þeirra Fisher-bræðra var í rusli eftir að hún komst að því að nýlegur eiginmaður hennar þjáist af geðsýki. Eftir meðferð á sjúkrahúsi kom hann heim og átti móðirin

erfitt með að þúsla tilfinningum sínum saman. Samstarfsmaður Fisher-bræðranna virtist vera sá eini sem sá sólina að einhverju ráði í þessum fyrsta þætti því hann kynntist konu og fór með hana í brúðkaup Nate og Brendu. Ég fór að velta því fyrir mér hversu allir eru óhamingjusamir í þættinum og af hverju hann er samt svona vinsæll. Málið er að það er uppörvandi að sjá fleiri en mann sjálfan glíma við vandamál hversdagsins, sérstaklega ef þau eru mörg og gerast eingöngu í sýndarveruleikanum. Þannig getur maður gengið sáttari inn í næsta dag. Ekki skemmur heldur fyrir að þátturinn er frábærlega skrifaður og leikinn.



▶ 21.15
Drama

ALIAS



▶ 20.00
Gaman

STRÁKARNIR



▶ 19.20
Raunveruleiki

ÁSTARFLEYIÐ



▶ 21.00
Gaman

WILL & GRACE



▶ 21.30
Bílar

FIFTH GEAR

SYN SJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

SYN

7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs

16.45 Handboltakvöld 17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar

12.20 Neighbours 12.45 Í finu formi 2005
13.00 Night Court 13.25 Blue Collar TV 13.45
Sketch Show 2, The 14.10 The Block 2 14.50
Two and a Half Men 15.15 Wife Swap 16.00
Bamatími Stöðvar 2 17.45 Bold and the Beautiful
18.05 Neighbours

17.55 Cheers 18.20 Sirrý (e)

16.40 UEFA Champions League 18.20 Meistaradeildin með Guðna Berg

18.30 Latibær e.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós

20.25 Nýgræðingar (83:93) (Scrubs) Gaman-
þáttaröð um lækinn J. D. Dorian og
ótrúlegar uppkomur hjá honum.

20.50 Svona var það (That 70's Show)
Bandarísk gamanþáttaröð.

21.15 Launráð (Alias IV) Bandarísk spennu-
þáttaröð. Meðal leikenda eru Jennifer
Garner, Ron Rifkin, Michael Vartan,
Carl Lumbly og Victor Garber. Atriði í
þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Tíufréttir

22.25 Blygðunarleysi (5:7) (Shameless) Breskur
myndaflokkur um systkini sem alast
upp að mestu á eigin vegum.

23.15 Aðþrengdar eiginkonur (11:23) 0.00

Kastljós 0.50 Dagskrárlök

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 Ísland í dag

19.35 The Simpsons (4:23)

▶ 20.00 Strákarnir Sveppi, Auddí og Pétur
halda uppteknum hætti og sprella sem
aldrei fyrr. Strákarnir skemmta áskrif-
endum Stöðvar 2 fjögur kvöld vikunnar
með gömlum sem nýjum uppátækjum.
2005.

20.30 Eldsnöggt með Jóa Fel (2:8)

21.00 Footballer's Wives (2:9) (Ástir í boltan-
um 4) Bönnuð börnum.

21.45 Silent Witness (8:8) (Þögult vitni) Bönnuð
börnum.

22.35 Escape: Human Cargo (Flótti: Mennskur
farmur) Sjónvarpsmynd byggð á sönn-
um atburðum. Bönnuð börnum.

0.20 Dávaldurinn Saliesh (e) 1.25 The 4400
(3:13) (Bönnuð börnum) 2.10 Six Feet Under
(1:12) (Bönnuð börnum) 3.00 Fréttir og Ís-
land í dag 4.20 Ísland í bítið 6.20 Tónlistar-
myndbönd frá Popp TÍV

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.55 Fashion Television (1:34) Í þessum
frægu þáttum færðu að sjá allt það
heitasta og nýjasta í tiskuheiminum í
dag.

▶ 19.20 Ástarfleyið (2:11) Sirkus er farinn af
stað með stærsta verkefnið sitt í
haust, veruleikabáttinn Ástarfleyið.

20.00 Friends 4 (13:24) (Vínir)

21.00 Ástarfleyið (3:11) Sirkus er farinn af
stað með stærsta verkefnið sitt í
haust, veruleikabáttinn Ástarfleyið.

21.40 Weeds (5:10) (Lude Awakening) Eftir
að eiginmaður hennar deyr snögglega
lendir húsmóðirin, Nancy Botwini
miklum fjárhagsvandradæmum.

22.15 Girls Next Door (1:15) Þær eru oftast
ljóshærðar, metnaðargjarnar og alltaf
fallegar.

22.45 So You Think You Can Dance (5:12)

23.55 Rescue Me (5:13) 0.40 David Letterman
1.25 Friends 4 (13:24)

19.20 Þak yfir höfuðið (e) Umsjón hefur
Hlynur Sigurðsson.

19.30 Complete Savages (e)

20.00 Íslenski bachelorinn

▶ 21.00 Will & Grace Bandarískir gamanþæt-
tir um skötuþjúg Will og Grace og vini
þeirra Jack og Karen. Framhald úr síð-
asta þætti. Will, Grace, Karen og Jack
ákveða að fara í smá ferðalag til þess
að hjálpa Grace að gleyma Leo. Jack
og Karen þola bilferðina illa og hætta
við að fara með en Will og Grace
skemmta sér vel enu að síður.

21.30 The King of Queens

22.00 Sjáumst með Silvíu Nótt Frægasta
freakjudds landsins snýr aftur.

22.30 House

23.20 Jay Leno 0.05 America's Next Top
Model IV (e) 1.00 Cheers (e) 1.25 Þak yfir
höfuðið (e) 1.35 Östöðvandi tónlist

19.00 Inside the US PGA Tour 2005 (Banda-
ríska mótariðin í golfi)

19.30 Stump the Schwab (Veistu svarið?)
Stórskemmtilegur spurningaþáttur.

20.00 NFL-tílfrið Svípmyndir úr leikjum helg-
arinnar í ameríska fótboltanum.

20.30 A1 Grand Prix (Heimsbikarinn í
kappakstri) Ítarleg umfjöllun um
heimsbikarinn í kappakstri.

▶ 21.30 Fifth Gear (Í fimmta gir) Breskur
bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað
jafnt um nýja sem notað bíla en öku-
tæki af nánast öllum stærðum og
gerðum koma við sögu.

22.00 Olíusport Fjallað er um helstu íþróttar-
viðburði heima og erlendis.

22.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs

23.10 2005 AVP Pro Beach Volleyball

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Webs (B. börnum) 8.00 What About Bob?
10.00 Thumbelina 12.00 The Junction Boys
14.00 What About Bob? 16.00 Thumbelina
18.00 The Junction Boys 20.00 Webs Hroll-
vekjandi spennumynd í anda góðrar vísinda-
skáldsögu. 22.00 Ocean's Eleven Spennu-
mynd á léttum nótum. 0.00 Diggstown (Str. b.
börnum) 2.00 The Ring 2 (Str. b. börnum)
4.00 Ocean's Eleven (B. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 Uncut 13.00 E! News 13.30 The Soup UK 14.00
Uncut 15.00 Uncut 16.00 40 Celebrity Weddings & A
Funeral 17.00 40 Celebrity Weddings & A Funeral 18.00
Rich Kids: Cattle Drive 19.00 E! News 19.30 Fashion
Police 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101
Juiciest Hollywood Hookups 22.00 Big Hair Gone Bad
22.30 The Anna Nicole Show 23.00 Wild On 0.00 E!
News 0.30 Fashion Police 1.00 Big Hair Gone Bad 1.30
The Anna Nicole Show

AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur-
sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

14.00 Man. City – Aston Villa frá 31.10
16.00 Wigan – Fulham frá 29.10 18.00
Charlton – Bolton frá 29.10

20.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“
Hörðustu áhagendur enska boltans á
Íslandi í sjónvarpi.

21.00 Tottenham – Arsenal frá 29.10 Leikur
sem fór fram síðast liðinn laugardag.

23.00 Chelsea – Blackburn frá 29.10 1.00
Liverpool – West Ham frá 29.10 3.00 Dag-
skrárlök

www.expressferdir.is

GOLF OG
GLÆSIHÓTEL

GOLFFERÐ MED ÖLLU!
42.900 kr.

Innifalið er: Flug báðar leiðir með
Iceland Express til London ásamt
sköttum. Gisting í tvær nætur á
Manor of Groves hótelinu með
morgunverði og þrjú golfhringir.
Miðað er við tvo saman í herbergi.

CHELSEA - MIDDLESBROUGH
2.-4. DESEMBER

DRAUMAFERÐ
CHELSEA-MANNA!

59.900 kr.

Innifalið er: flug og skattar, 2
nætur á Chelsea Village hótelinu
með morgunverði, miði á leikinn
(á langhlið vallarins) og þriggja
réttu máltíð með hálfri flösku af
víni hússins. Miðað er við að tveir
séu saman í herbergi.

Express Ferðir

Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á www.expressferdir.is

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Eldsnögg með Jóa Fel

Stöð 2 kl. 20.30

Besta villibráð í heimi

Bakameistarinn Jói Fel kann þá list betur en margir aðrir að búa til einfalda en gímilega rétti. Hann heldur uppteknum hætti og kítar bragðlauka sjónvarpsáhorfenda sem aldrei fyrr. Í kvöld býður Jói leikurum söngleiksins Kabarett upp á bestu villibráð í heimi, íslenska lambkjötið. Í forrétt verður grafið ærfilet með íslenskum kryddjurtum og bláberja-vinaigrette. Í aðalrétt kryddjúpað lambalæri af nýslátr-uðu, bakað með grænmeti og kart-öflum með góðri soðsösu og í eftir- rétt létt og mjúk sandkaka með ferskum berjum og ís.



Jói heldur áfram að kítla bragðlaukana.

TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bitíð. Samsent með Stöð 2 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið. 13.10 Glópagull og gisnir skógar 14.10 Hrafnáþing 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt e. 21.30 Á kassanum e. 22.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. 23.00 Ísland í bitíð e.

0.30 Hrafnáþing Ingva Hrafnas e.

BYLGIJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.05 Árla dags 6.50 Bæn 7.30 Morgunvaktin 8.30 Árla dags 9.05 Laufskálinn 9.40 Vor í dal: Úr ör-sögum Friðriks Þórs Friðrikssonar 9.50 Leikfimi 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregnir og augl. 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Fallegast á fóninn 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Fréttir 18.24 Augl. 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarfr. og augl. 19.00 Vítinn 19.27 Sinfóniú-tónleikar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Undarleg ósköp að vera kona: Hvað er í blýhólknun?

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson

15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni 7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestí Einarí Jónassyni 10.03 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlarp Rásar 2 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn

19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Ungmennafélagið 21.00 Konsert með Brian Wilson

22.10 Popp og ról

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúver tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskylda útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
13.00 Bowls: International Open United Kingdom 15.30 All sports: WATTS 16.00 Tennis: WTA Tournament Philadelphia 20.30 Boxing 21.45 Football: UEFA Cup 23.15 Football: UEFA Champions League

BBC PRIME
12.00 Ever Decreasing Circles 12.30 Butterflies 13.00 Two Thousand Acres of Sky 14.00 Teletubbies Everywhere 14.10 Little Robots 14.20 Andy Pandý 14.25 William's Wish Wellingtons 14.30 Boogie Beebies 14.45 Fimbles 15.05 Tikkabilla 15.35 Bring It On 16.00 The Life Laundry 16.30 Ready Steady Cook 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 Eastenders 19.00 Last of the Summer Wine 19.30 2 Point 4 Children 20.00 Top of the Pops 20.35 The Scott's Bride 21.30 Strictly Come Dancing 22.45 Grumpy Old Men 23.15 Strictly Come Dancing: Results Show 23.25 Dog Eat Dog 0.00 Ioemen 1.00 Amazon - Super River

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Seconds From Disaster 13.00 Last of the Dragons 14.00 When Expeditions Go Wrong 15.00 Violent Planet 16.00 Inside The Tornado 17.00 Seconds From Disaster 18.00 Evolution 19.00 Hollywood Fox 20.00 When Expeditions Go Wrong 21.00 Bug Attack 22.00 Dangerous Encounters 23.00 Air Crash Investigation 0.00 Bug Attack 1.00 Evolution

ANIMAL PLANET
12.00 Meerkat Manor 12.30 Monkey Business 13.00 Big Cat Diary 13.30 Predator's Prey 14.00 Weird Nature 14.30 Supernatural 15.00 Animal Cops Detroit 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 Big Cat Diary 18.00 Meerkat Manor 18.30 Monkey Business 19.00 Galada Baboons - The Battle of Braveheart 19.30 Predator's Prey 20.00 Killing for a Living 21.00 Miami Animal Police 22.00 Meerkat Manor 22.30 Monkey Business 23.00 Venom ER 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 Killing for a Living

DISCOVERY
12.05 Brainiac 13.00 Rex Hunt Fishing Adventures 13.30 Lake Escapes 14.00 Extreme Engineering 15.00 Extreme Machines 16.00 Scrapheap Challenge 17.00 Wheeler Dealers 17.30 Wheeler Dealers 18.00 American Chopper 19.00 Mythbusters 20.00 Guilty Or Innocent? 21.00 FBI Files 22.00 Material Witness 23.00 Mythbusters 0.00 Forensic Detectives 1.00 FBI Files

MTV
12.00 Ema's 2005 Spotlight 12.30 Just See Mtv 14.00 Ema's 2005 Spotlight 14.30 Wishlist 15.00 Tífi 16.00 Ema's 2005 Who Performed Where 16.30 Ema's 2005 Who Wore What 17.00 Ema's 2005 Come To Lisbon 17.30 Ema's 2005 Host Special 18.00 The Ema's: 10 OF The Best Performances 19.00 Countdown TO The Mtv Europe Music Awards 2005 - Live 20.00 Mtv Europe Music Awards 2005 - Live 22.30 Ema Over Fun/ Music Mix 23.00 Ema's Uncensored 23.30 The Ema's Come To Lisbon

VH1
12.00 So 80s 12.30 VH1 Hits 16.00 So 80s 17.00 VH1's Viewers Juke-box 18.00 Smells Like the 90's 19.00 MTV Europe Music Awards Music Mix 23.00 Top 5 23.30 Fabulous Life of ... 0.00 VH1 Hits

CLUB
11.50 Awesome Interiors 12.20 Inertainment 12.45 Come! See! Buy! 13.10 Crimes of Fashion 13.35 Arresting Design 14.00 Staying in Style 14.30 The Review 15.00 Girls Behaving Badly 15.25 The Villa 16.10 The Roseanne Show 17.00 Yoga Zone 17.25 The Method 17.50 Hollywood One on One 18.15 The Review 18.40 Girls Behaving Badly 19.05 It's a Girl Thing 19.30 Lofty Ideas 20.00 Arresting Design 20.25 The Villa 21.15 Sextasy 22.10 Ex-Rated 22.35 Sex and the Settee 23.00 Cheaters 0.00 Simply Indian 0.30 City Hospital 1.25 Girls Behaving Badly 1.50 Completely Hammered

CARTOON NETWORK
12.00 Cow and Chicken 12.30 Sheep in the Big City 13.00 Dexter's Laboratory 13.30 The Powerpuff Girls 14.00 Pet Alien 14.30 Ed, Edd n Eddy 15.00 Teenage Mutant Ninja Turtles 15.30 Battle B-Daman 16.00 Sabrina, The Animated Series 16.30 Atomic Betty 17.00 Foster's Home for Imaginary Friends 17.30 Looney Tunes 18.00 Duck Dodgers in the 24 1/2 Century 18.30 Charlie Brown Specials 19.00 What's New Scooby-Do? 19.30 Tom and Jerry 20.00 The Flintstones 20.30 Looney Tunes 21.00 Dastardly & Muttley in Their Flying Machines 21.30 Scooby-Do 22.00 Tom and Jerry 23.00 Dexter's Laboratory 23.30 The Powerpuff Girls 0.00 Johnny Bravo 0.30 Ed, Edd n Eddy 1.00 Skipper & Skeeto

JETIX
12.20 Jacob two-two 12.50 So Little Time 13.20 Goosebumps 13.50 Black Hole High 14.15 Spider-Man 14.40 Movic Mysteries 15.05 Digimon II 15.30 Totally Spies 16.00 W.L.T.C.H. 16.30 Sonic X

MGM
12.50 The 70's 14.50 For Better or for Worse 16.25 Florida Straits 18.00 Timestalkers 19.35 Sins OF The Father 21.10 Red River 22.45 My Father, My Son 0.20 Troll 2

TCM
20.00 Cool Breeze 21.40 The Biggest Bundle of Them All 23.25 The Thin Man Goes Home 1.05 That's Entertainment

HALLMARK
12.00 The Last Chance 13.45 Voyage of the Unicorn 15.15 The Wishing Tree 17.00 Mrs. Lambert Remembers Love 18.30 McLeod's Daughters 19.15 Incident in a Small Town 20.45 Gunpowder, Treason & Plot 22.30 Lonesome Dove: The Series 23.15 Hostage Hotel 0.45 Gunpowder, Treason & Plot


BBC FOOD
12.00 Chef at Home 12.30 The Best 13.00 The Naked Chef 13.30 Street Cafe 14.00 Forever Summer With Nigella 14.30 Paradise Kitchen 15.00 Can't Cook Won't Cook 15.30 Galley Slaves 16.00 Delia's How to Cook 16.30 Masterchef Goes Large 17.00 The Plankin Challenge 17.30 The Hi Lo Club 18.00 Wild and Fresh 18.30 Ching's Kitchen 19.00 Secret Recipes 19.30 A Cook's Tour 20.00 Made to Order 20.30 United States of Reza 21.00 Off the Menu 21.30 Deck Dates 22.00 Soul Food 22.30 Masterchef Goes Large

DR1
12.00 Vidan om 12.30 Mik Schacks Hjemmeservice 13.00 Hjælp - vi har fået børn 13.30 Hvad er det værd? 14.00 TV Avisen med vejret 14.20 Hammerslag 14.50 Nyheder på tegnsprog 15.00 Liga DK 15.30 Ungefair 16.00 Branden 16.15 Dem og de andre 16.30 Livet ifølge Rosa 17.00 Mini-GO! 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Lægens bord 19.00 Drømmehus 19.30 Showtime: Udfordringen 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 21.00 Dagens Detekter 21.25 Negermagasinet i USA 21.55 Planet X 22.25 Ekstremer 23.15 Liga DK

SV1
14.30 Pakkat & kart 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Plus 16.30 Karamell 17.00 BøllBomma 17.01 Pigglev Winks äventyr 17.30 Infor Junior Eurovision Song Contest 2005 17.45 Lilla Aktuellt 18.00 Vice versa 18.30 Rapport 19.00 Mat/Tina 19.30 Utgrävarna 20.00 Naturfilm - Dian Fossey 21.00 Under stjärnorna 22.30 Rapport 22.40 Kulturmyheterna 22.50 Uppdrag Granskning 23.50 Kommissionen 0.35 Sändning från SVT24



Skenkur 74.900 stgr



Borð 140x140 cm Stóll m/leðri 59.000 stgr 13.900 stgr

Borðstofa

Mikið úrval af indverskum borðstofuborðum fyrir jólin

15% afsláttur af allri indveskri vöru

TILBOÐ
Stólar með leðuráferð 9.900 þegar keyptir eru 6 eða fleiri

opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
sunnudaga 13-16



Borð 200x100 cm 49.900 stgr



BÆJARLIND 6

201 KÓPAVOGI

SÍMI 554 6300

H Ú S G Ö G N



HRÓSIÐ

...fær Þorgerður Jörundsdóttir fyrir að sigra samkeppni bókaútgáfunnar Æskunnar.

AÐ MÍNU SKAPI HELENA SVERRISDÓTTIR KÖRFUBOLTAHETJA Í HÁUKUM

R'n'B, Larry Bird, Dallas og Kill Bill

TÓNLIST:

Ég hlusta langmest á R'n'B-tónlist og stilli alltaf á FM 95,7 þegar ég er að keyra. Samt finnst mér róleg tónlist alltaf þægilegust áheyrnar og þegar ég þarf að hugsa mikið eða einbeita mér vel, þykir mér best að finna mér eitthvað rólegt við hæfi.

BÓK:

Það kemst nú fátt annað að nema skólabækurnar þessa dagana. Eg hef þó lesið allar Harry Potter-bækurnar og Ævisaga Larrys Bird körfuboltasníllings liggur á náttborðinu mínu þótt mér gangi heldur hægt að lesa hana til enda.

BIÓMYND:

Það sem ég sá seinast var Boondock Saints, en það var að ég held í fimmta skiptið, enda klassamynd þar á ferð. Kvikmyndirnar Gladiator, Troy og Kingdom of Heaven finnst mér líka vera mjög finar og eru í uppáhaldi, því ég er hrifin af sögum úr fortíðinni. Kill Bill er líka mjög góð, en ég hef ansi misjafnan smekk og vel annaðhvort „hlátursmyndir“ eða spennutrylla. Það fer bara eftir skapinu þann daginn.

BORG:

Dallas í Texas í Bandaríkjunum er meiriháttar heim að sækja. Þar er hægt að finna allt sem maður vill og leitar

að; verslanamiðstöðvar og hvers kyns almenna skemmtun, en ég er víst ekki komin á það stig í lífinu að sækjast eftir ákveðinni menningu í borgum heimsins.

BÚÐ:

Footlocker er í miklu uppáhaldi þegar kemur að skóm og íþróttafatnaði. Annars er engin ákveðin búð sem ég versla í og læt kylfu ráða kasti hverju sinni.

VERKEFNI:

Körfuboltinn og skólinn eru það eina sem ég hef tíma í þessa dagana. Auk Íslandsmótsins erum við Haukarnir í Evrópukeppni sem þýðir utanlandsferð aðra hverja viku, næstu sex vikurnar.



HELENA SVERRISDÓTTIR, KÖRFUBOLTA-KONA Í HÁUKUM. LÖSAMYND/E.ÖL.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 gáski 6 klafi 8 á skakk 9 framkoma 11 bogi 12 viðbit 14 lést 16 kusk 17 nögl 18 heyskaparamboð 20 rykkorn 21 kk maður.

LÓÐRÉTT

1 hröss 3 í röð 4 greinargerð 5 stuttur 7 lyktarmikið efni 10 haf 13 pappír- blað 15 hjara 16 hlemmur 19 frú.

LAUSN

LÖRÉTT: 1 lofs, 3 rs, 4 skýrsla, 5 lár, 7 kamfóra, 10 sjó, 13 örk, 15 tóra, 16 20 ar, 21 karl.
LÓÐRÉTT: 2 ærsl, 6 ok, 8 ská, 9 fas, 11 yr, 12 smjór, 14 fórst, 16 ló, 17 kló, 18 orf.



Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7

ÓKEYPIS

LÖGFRÆÐIADSTOÐ

á hverju fimmtudagskvöldi
kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.



ORATOR,

félag laganema við Háskóla Íslands.

EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON: GEFUR ÚT GLAPRÆÐI

Dund sem vatt upp á sig

„Þetta er gráglettin skemmtisaga um embættismann sem segir skilið við sitt fyrra líf og heldur á vit nýrra ævintýra,“ segir Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmaálafræðingur sem var að gefa út stutta skáldsögu um nefnist Glapræði.

Sagan fjallar um Þórð Kjartansson, sem hafnar fyrri lífskoduunum sínum, segir skilið við embættismennskuna, pólitíkina og allt sem þessu fylgir og hefur hálf örvæntingarfulla leit að sjálfum sér. Hann lendir í ýmsum ógöngum í borgarfrumskóginum, þar til hann áttar sig smám saman á hvert hann er að fara.

Glapræði er fyrsta skáldsaga Eiríks, sem er þekktur að öðru en skáldskap. Hann er aðjúnktur við stjórnmaálafræðiskor Háskóla Íslands og stýrir Evrópufræðasetri við Viðskiptaháskólann Bifröst. Hann er þó fráleitt ókunnugur bótaskrifum og á að baki nokkrar bækur á sviði stjórnmaálafræði, sem munu seint teljast til afþreyingabókmennta. „Nei, ætli það,“ samsinnir Eiríkur og hlær en hugsar sig um í stundarkorn áður en hann svarar hvað rak hann til að skrifa skáldsögu. „Ég veit það satt best að segja ekki. Fyrir einu og hálfu ári dattu mér í hug ákveðnar aðstæður embættismanns sem stendur á tímamótum. Ég fór að dunda mér við að skrifa þessar hugrenningar niður og það vatt upp á sig. Ég ætlaði alltaf að hætta þessu en þótti þetta bara svo skemmtilegt að ég gat það ekki.“

Áður en langt um leið stóð Eiríkur með nærri fullklárað handrit í höndunum sem hann vissi ekki hvað hann átti að gera við. „Ég leyfði nokkrum vinum mínum að líta á þetta og þeir hvöttu mig til að leita til forleggjara og reyna að fá söguna útgefna. Það gekk greiðlega því bókaforlaginu Skruddu leist vel á hugmyndina og samþykkti að gefa bókina út.“

Eiríkur telur að rétt eins og söguhetjan í bókinni, staldri allir einhvern tímann við á lífsleiðinni til að líta yfir farinn veg og íhuga hvert skuli stefna. En hefur hann



EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON Fyrr en varði stóð hann uppi með handrit og leitaði til forleggjara eftir hvatningu vina.

sjálfur hugsað sér að söðla um og helga sig skáldskapnum í stað fræðimennskunnar? „Nei, ég er og verð fyrst og fremst fræðimaður. En hver veit nema ég komi

til með að gefa út aðra skáldsögu síðar meir, það er að segja ef andinn kemur yfir mann og ég fæ góða hugmynd.“

bergsteinn@frettabladid.is

FRÉTIR AF FÓLKI

Síðasti dagur prófkjörsbaráttu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er í dag.

Baráttan um fyrsta sætið hefur sjaldan verið jafn hörð og þeir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Gísli Marteinn Baldursson hafa verið á þönum um borg og bý til að fylkja liði. Samkvæmt heimasiðu Gísla Mart-



eins getur hann ekki sótt gull í greipar skólafélaga sinna en þar kemur fram að einungis helmingur skólafélaga hans úr Verslunarskólanum býr í Reykjavík. Gísli kláraði sem kunnugt er stúdentspróf frá skólanum árið 1992. Hinn

helmingurinn býr á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess og getur því ekki veitt sínum manni stuðning. Stuðningsmenn Gísla

hafa kallað þetta Reykjavíkurfælni en viðurkenna þó að hafa ekki hugmynd um hvort þetta hafi verið skiptingin á því herrans ári 1992. Það tekur síðan víst aðeins lengri tíma að láta skipta um lögheimili en að ganga í Sjálfstæðisflokkinn.

Í kvöld er þriðji þáttur Ástarfleysins á dagskrá og er hópurinn kominn til Tyrkland. Krökkunum var bannað að fara út af hótlinu eftir klukkan eitt kvöldið

áður en þeir áttu að hittast í fyrsta sinn á erlendri grundu. Heyrst hefur að tvær stúlkur hafi stolist út af hótlinu og verið úti alla nóttina. Einnig hefur heyrt að þær hafi átt huggulegar stundir með innfæddum barþjóni sem hafi gert það að verkum að þær hafi ekki verið í toppstandi daginn eftir þegar þær hittu íslensku strákana. Ekki fylgdi sögunni hvernig kapteinn Valdimar tók á málinu en eftir reglunum að dæma þá setti þetta strik í reikninginn.



freyrgigja@frettabladid.is

Humar

1.290, kr/kg

Ótrúlega gott verð á fínum humri.



Gnoðarvogi 44, sími 580 8686



Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Grín í þágu góðs málefns

Í kvöld stendur vefurinn beygla.is fyrir uppstandi á Gauki á Stöng en allur ágóði af skemmtuninni rennur til styrktar Barnaspítala Hringins. Það eru þeir Beggi blindi, Þorsteinn Guðmundsson og Oddur Boxser sem koma fram. „Sá sem segir brandara er skemmtikraftur. Uppstand er allt annað,“ útskýrir Oddur Eysteinn Friðriksson, betur þekktur sem áður nefndur Oddur Boxser.

Það er eins gott að hafa nafn hans á hreinu því einn fjölmiðill skáldaði eftirnafn á hann og hefur hlotið bág fyrir. „Sá sem er með uppstand gerir grín að málefnum líðandi stundar og sjálfum sér en reynir fyrst og fremst að sjá hlutina í öðru samhengi,“ heldur Oddur áfram. Sjálfur segist hann gera grín

að hárlitnum sínum sem er rauður og þeirri staðreynd að hann hafi einu sinni verið mjög þéttur á velli.

Það er ekki mikil hefð fyrir uppstandi hér á landi. Radíusbræður voru frumkvöðlar á þessu sviði þegar þeir komu fram á fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar. „Það vantar svona „opin míkrafónkvöld“ þar sem áhugasamir geta reynt fyrir sér í þrjár mínútur,“ segir hann enda þýði ekki að biðja öreynda um þrjátíu mínútna dagskrá á fyrsta kvöldi.

Aðspurður af hverju hann hafi lagt þetta fyrir sig segir Oddur að hann hafi verið með heimasíðu þar sem pistlar hans voru í uppstandsformi. „Ég var síðan eiginlega dreginn upp á svið.“



ODDUR BOXSER Gerir grín að sjálfum sér og umhverfi sínu á uppstandskvöldi beyglu.is til styrktar Barnaspítala Hringins.

vetrar- TILBOÐ!



Á HREINLÆTIS- TÆKJUM

Blöndunartæki
fyrir handlaugar
VERÐ frá
6.900 kr. stgr.



Handlaugar á borð VERÐ frá
15.900 kr. stgr.

Handlaugar

Handlaugar í borð

53.5x41.5 sm
43x29 sm
56x47 sm

VERÐ frá
7.900 kr. stgr.

Handlaugar á vegg

45x35 sm
50x24 sm

VERÐ frá
3.250 kr. stgr.

Blöndunartæki
fyrir sturtu og bað



20 sm sturtuhaus

Hitastýrt
blöndunartæki
fyrir bað og sturtu
m. ömmustöng

VERÐ
34.900 kr. stgr.

StarCraft sturtuhaus

Nuddhandsturta

Hitastýrt
blöndunartæki
fyrir sturtu
m. ömmustöng

VERÐ
29.900 kr. stgr.

Skiptir
Stoppventill fyrir inntak
Hreinsanleg vatnssía

Skiptir
Stoppventill fyrir inntak
Hreinsanleg vatnssía

heill
Nuddsturtuklefi
VERÐ frá
69.900 kr. stgr.

Baðkör

Venjulegt baðkar
170x70x2.5mm
160x70x2.5mm

VERÐ
11.900 kr. stgr.

LÚXUS baðkar með handföngum
170x70x2.5mm
160x70x2.5mm

VERÐ
18.900 kr. stgr.

WC



WC með
stút í vegg eða gólf
Hörð seta og
festingar fylgja

VERÐ frá
15.900 kr. stgr.



Speglaskápar
með ljósum



VERÐ frá
9.450 kr. stgr.

Spegla/gler hillur

VERÐ
3.900 kr. stgr.

OFUR- TILBOÐ!

Blöndunartæki
fyrir eldhús og bað

VERÐ frá
2.900 kr. stgr.



Hitastýrt
blöndunartæki
fyrir sturtu
með nudd
sturtusetti

VERÐ
8.900 kr stgr.

www.i-t.is

INNRETTINGAR
& TÆKI

OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18

Laugardaga kl. 10 - 14

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Við erum eina þjóð sögunnar sem hefur háð stríð úr heita pottinum.

www.rokland.blogspot.com



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Sjúkdómar

Ég sá athyglisverðan sjónvarpsþátt um tengsl krabbameins og lífshátta. Þar var verið að sýna fram á að það er margt í okkar daglega lífi sem getur verið krabbameinsvaldandi, umhverfisáhrif, mataræði og fæðuefni. Ég sá frétt í Mogganum um daginn um rannsókn sem sýnir fram á tengsl á milli kjötáts og krabbameins í endaparmi.

Læknar eru ekki allir á eitt sáttir um það hvaða fæðutegundir valdi sjúkdómum. Allir eru þó sammála um að reykingar eru hættulegar. En hvað er það sem fær manneskju til að reykja? Er það ekki oft ístöðuleysi, kvíði, reiði eða hreinlega áhugaleysi á lífinu? Um 80% þeirra sem leita á Vog eru reykingamenn á meðan aðeins 20% þjóðarinnar reykir. Því skyldi einhver sem líður illa leggja sig fram um að borða hollan mat?

Ég held að tilfinningalíf og andlegt ástand okkar hafi mikil áhrif á heilsu okkar. Ég held að reiði geti skapað sjúkdóma. Hatur er eins og krabbamein inn í manni. Ótti er eitthvað sem tærir okkur upp að innan. Manneskja sem líður vel gerir yfirleitt heilbrigða og jákvæða hluti en sá leiðist oft út í óheilbrigða hegðun og óholla lífshætti sem líður illa.

Biblían hefur skírar leiðbeiningar um það hvernig við eigum að haga lífi okkar. Hún segir að syndir geti af sér sjúkdóma. Og það er ótrúlegt hvað hún hittir naglann á höfuðið í þeim efnum. Það er vitað að líkur á krabbameini í leghálsi aukast með fjölda rekkjunauta; eftir því sem kona sefur hjá fleiri mönnum, þess meiri líkur eru á því að hún fái leghálskrabbamein. Þar að auki hefur lauslæti slæm áhrif á sálarlífið. Sjötta boðorðið hljóðar svo: Þú skalt ekki drýgja hór. Ég held að við gætum aukið lífsgæði okkar umtalsvert ef við reyndum að syndga aðeins minna.

Ég held að kristilegt líf sé einhver heilbrigðasti grundvöllur sem maður getur lagt að lífi sínu. Eina sem það krefst af okkur er auðmýkt. En það er líka það sem flestir eiga svo erfitt með. Það er ekki nóg að borða hollt og hreyfa sig. Það er til lítills að hamast í ræktinni ef hjarta þitt er tóm eða fullt af reiði og ótta. Maður verður líka að hugsa hollt. Því ekki að hugsa um heilsuna og fara í messu?

Hetjur óskast

Á Íslandi eru um 9000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við alvarlegum slysum, náttúruhamförum eða öðru neyðarástandi. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju.

Við bjóðum öllum upp á hressingu og þeir sem gefa blóð fyrir 15. nóvember geta átt von á veglegum vinningi - því fleiri vini sem þú tekur með því meiri möguleikar.

Vertu hetja - gefðu blóð!



BLÓÐBANKINN
Sjáumst!

og
vodafone
Heyrumst!

Práðlaust beint í tölvuna og prentarann

Nikon

NIKON býður fráðlausar yfirfærslur mynda beint í tölvu og prentara!



COOLPIX P2

5.0 milljón punktar

- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbýggt flæs með In Camera red-eye fix
- 2.5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbýggt 16mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL6/190 myndir
- Hleðslutaki
- Þyngd 170g

Kr. 39.900



COOLPIX P1

8.0 milljón punktar

- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbýggt flæs með In Camera red-eye fix
- 2.5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbýggt 32mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL6/180 myndir
- Hleðslutaki
- Þyngd 170g

Kr. 49.900

ORMSSON

SMÁRALIND SÍMI 530 2900
SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800